

Eitt besta landsliðið Evrópu

Íslenska kvennalandsliðið er komið í úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins þriðja skiptið í röð. ➔20



SJÁUMST Á EM 2017

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Stríðið gegn menningunni ➔46

Án dóms og laga á Filippseyjum ➔10



Aðstoðarmenn á Alþingi ➔24

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÖLK

*Samkvæmt prentfréttavæðingartölum Hagkerfið 2015 á ársfalli apríl-júní 2015

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS


Einfaldast og ódýrast að tryggja sér kort á borgarleikhus.is



Fáðu þér YOGI TEA




Opið til 18 í dag



SMÁRALIND

Veður



Gengur í allhvassa sunnanátt suðaustan til á landinu, annars hægari vindur. Viða talsverð rigning, jafnvel mikil á Suðausturlandi, en úrkomulítið vestanlands og einnig við Húnaflóa. Hiti 8 til 14 stig. Snýst í vestanátt um kvöldið og hvesir syðst á landinu.

SKJÁ SÍÐU 44



Seðlarnir 22 sem boðnir verða upp kosta hið minnsta 10 milljónir.

Íslenskir seðlar boðnir upp á milljónir

SAMFÉLAG Mjög fágætur íslenskur hundrað krónu seðill frá árinu 1919, sem metinn er á 3-4 milljónir króna, verður boðinn upp á uppboði hjá þýsku uppboðsfyrirtæki í næstu viku, ásamt rúmlega tuttugu öðrum sjaldgæfum íslenskum seðlum. Einungis er vitað um sex eintök af þessum seðli í einkaeign í heiminum en um er að ræða 100 krónu seðil frá Íslandsbanka. Slíkir seðlar voru aðeins í umferð hérlandis um tuttugu ára skeið og höfðu mjög hátt verðgildi, eða sem nemur 150 þúsund krónum á núvirði hver.

Samanlagt byrjunarverð seðlanna er tæplega tíu milljónir króna. Þeir verða boðnir upp 20. og 21. september næstkomandi hjá virtu þýsku uppboðsfyrirtæki.

Einkarfatitt er að jafn gott úrval af íslenskum seðlum rati á uppboð. Á uppboðinu í Þýskalandi eru alls tuttugu og tveir íslenskir seðlar, elsti þeirra var gefinn út árið 1792 en sá yngsti árið 1929. Af öðrum sjaldgæfum íslenskum seðlum á uppboðinu má nefna 50 króna seðil frá árinu 1925, útgefinn af Ríkissjóði Íslands. Byrjunarverð á honum er sett 12 þúsund evrur, eða rúmlega 1,5 milljónir króna. - **snæ**

Garðeigendur geta fengið rukkun vegna trjágróðurs



Byggingarreglugerð skyldar garðeigendum að halda gróðri innan lóðarmarka. Ef gróðurinn sem vex út fyrir lóðarmörk og hindrar vegfarendur, geta starfsmenn borgarinnar klippt hann á kostnað garðeigenda. Eftir góða tíð í sumar hefur trjágróður spröttið vel og víða vaxið inn á stiga og götur. Er starfsmenn borgarinnar þessa daga að skoða hvar líklegt er að gróður hindri för snjóruðningstækja og sorphirðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dómarar höfðu betur

DÓMSMÁL Innanríkisráðuneytið hafnaði tillögu nefndar um dómaraströf þess efnis að heimild yrði sett í dómstólalög um að haldin yrði opinber skrá um eignarhluti dómara í félögum og atvinnufyrirtækjum. Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Nefndin sendi tillöguna frá sér í apríl 2014 ásamt tillögu um að haldin yrði opinber skrá um aukastörf dómara. Sú tillaga fór inn í frumvarp að nýjum dómstólalögum sem Alþingi samþykkti í júní.

Í svari ráðuneytisins segir að þegar tekin sé afstaða til þess hvaða upplýsingar um eignarhluti eru birtar í skrá vegist á sjónarmið um friðhelgi einkalífisins og almanna-hagsmunu. Reglurnar hafa verið óbreyttar síðan árið 2000. - **hlh**

Úrval íbúða sem kosta yfir hundrað milljónir

Í augnablikinu bjóðast 35 íbúðarhús og íbúðir á yfir 100 milljónir króna á fasteignavef Vísis. Dýrust er þakibúð á Lindargötu sem er fól fyrir 229 milljónir. Einbýlishúsið á sjávarlóðinni Skildinganesi 54 fæst fyrir 189 milljónir króna.

FASTEIGNIR Á fasteignavef Vísis voru í gær 35 íbúðir í jafnt einbýlis- og fjölbýlishúsum auglýstar til sölu fyrir meira en 100 milljónir króna.

Dýrasta eignin er glæný íbúð á tíundu hæð á Lindargötu 39. Tvær fasteignasölur bjóða íbúðina, önnur á 229 milljónir króna en hin á 211 milljónir. Íbúðin er 256 fermetrar með 109 fermetra þakgarði. „Mikið útsýni til sjávar og yfir Reykjavík og nágrenni,“ segir í auglýsingu fasteignasölu Stakfells.

Talsvert er einmitt af íbúðum í nýjum eða nýlegum fjölbýlishúsum meðal dýrustu eignanna. Af áður nefndum 35 eignum eru fimmtán í fjölbýlishúsum, nítján í einbýlishúsum og eitt raðhús er á listanum.

Dýrasta einbýlishúsið stendur á sjávarlóðinni Skildinganesi 54. Það er 457 fermetrar og ásett verð er 189 milljónir króna. Hús á Fjólugötu 19, sem er lítið eitt minna, eða 421 fermetri, er til sölu fyrir 180 milljónir. Á Selbraut 1 á Seltjarnarnesi er 402 fermetra einbýlishús til sölu á 175 milljónir króna.

Eina raðhúsið á listanum er í boði á 110 milljónir króna. Það er húsið Bakkavör 2 á Seltjarnarnesi. Það er 278 fermetrar að flatarmáli.

Nokkuð er af eignum í nýjum hverfum. Í Kópavogi er til dæmis húsið Asparhvarf 16 á 149 milljónir. Eignin er samtals 501 fermetri. Inni í þeirri tölu er 60 fermetra hesthús. gar@frettabladid.is

visir.is Allur listinn er á Vísí.



Íbúðir til sölu á yfir 100 milljónir

Götuheiti	Tegund	Fermetrar	Millj. kr.
Lindargata 39	10. hæð	256 fm	211-229
Safamýri 89	Einbýli	498 fm	210
Skildinganes 54	Einbýlishús	457 fm	189
Fjólugata 19	Einbýlishús	421 fm	180
Selbraut 1	Einbýlishús	402 fm	175
Vatnsstigur 20-22	10. hæð	174 fm	165
Vatnsstigur 20-22	9. hæð	174 fm	155
Laufásvegur 22	Einbýlishús	252 fm	150
Garðastræti 36	Einbýlishús	274 fm	150
Vatnsstigur 14	Þakibúð	182 fm	150
Asparhvarf 18	Einbýlishús	501 fm	149
Vatnsstigur 22	Fjölbýli	183 fm	145
Garðatorg 2	Fjölbýli	187 fm	145
Garðatorg 2B	Fjölbýli	195 fm	145
Laufásvegur 79	Einbýlishús	372 fm	142

Selva og Madonna



9 daga skíðaferðir



12.-21. janúar



Flogið með Icelandair

Verð frá **129.900 kr.** og **12.500 Vildarpunktar** á mann í tvíbýli með morgunverði á Garni St. Hubertus. Verð án Vildarpunkta: 139.900 kr.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

AFMÆLIS ÚTSALA



Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

ÚTSÖLU LÝKUR UM HELGINA

- Flísar **20-40% afsláttur**
- Pottaplöntur **20-50% afsláttur**
- Handverkfæri **20-30% afsláttur**
- Gjafavara Blómaval **20-50% afsláttur**
- Verkfæratöskur **20-50% afsláttur**
- Ljós **25% afsláttur**
- Kerti **20% afsláttur**
- Stanley verkfæri **20% afsláttur**
- Black & Decker rafmagnsverkfæri **25% afsláttur**
- Hitachi rafmagnsverkfæri **20% afsláttur**
- DeWalt rafmagnsverkfæri **20% afsláttur**
- Álstigar og -tröppur **20% afsláttur**
- Garðverkfæri **30% afsláttur**
- Ryksugur **20% afsláttur**
- Plastkassar **30% afsláttur**
- Garðálfar **50% afsláttur**
- Plastkörfur **25% afsláttur**
- Straubretti **25% afsláttur**
- Þvottasnúrur **25% afsláttur**
- Luktir **20% afsláttur**

- Valdar innihurðir frá Jeld Wen **20% afsláttur**
- Nilfisk háprýstidælur og ryksugur **20% afsláttur**
- Henrad miðstöðvarofnar **20% afsláttur**
- Stanley loftpressur **25% afsláttur**
- Málning **20% afsláttur**
- Vegg- og loftapiljur **20% afsláttur**
- Útiarinn **25% afsláttur**
- Örbylgjuofnar **20% afsláttur**
- Búsáhöld **25-30% afsláttur**
- Fatnaður **15-20% afsláttur**
- Reiðhjól **30% afsláttur**
- Valdar vörur á lækkuðu verði:
Frystikistur • Parket
Blöndunartæki • Handlaugar

... og margt fleira!

ERIKUR
VELJID SJÁLF
3STK.
999
~~1.797~~

Skoðu öll tilboðin í Húsasmiðju-bláðinu á www.husa.is

Byggjum á betra verði



www.husa.is

Greiddslur vegna búvörusamninga árið 2017

13,7 milljarðar á ári

Rammasamkomulagið gildir frá 1. jan. 2017 til 31. des. 2026. Áætlað heildarframlag úr ríkissjóði á samningstímanum eru 132,2 milljarðar kr.

Rammasamningur

519 milljónir
Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins (RML)

60 milljónir
Kynbótaverkefni

369 milljónir
Jarðræktarstyrkir

128 milljónir
Framleiðnisjóður
landbúnaðarins

92 milljónir
Próunarfjármunir búgreina

35 milljónir
Lífæra framleiðsla

15 milljónir
Skógrækt

99 milljónir
Fjárfestingastyrkir í svínarækt

247 milljónir
Landgreiðslur

30 milljónir
Mat á gróðurauðlindum

128 milljónir
Styrkir til nýliðunar

15 milljónir
Geitfjárrækt

7 milljónir
Erfðanefnd landbúnaðarins

SAMTALS
1,7 MILLJARÐAR

Sauðfé

2,5 milljarðar
Beingreiðslur v/greiðslumarks

1,7 milljarðar
Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar

446 milljónir
Ullarnýting

99 milljónir
Svæðisbundinn stuðningur

148 milljónir
Aukið virði afurða

20 milljónir
Eftirstöðvar eldri samnings

SAMTALS
4,9 MILLJARÐAR

Nautgriparækt

1,9 milljarðar
Greiðslur út á greiðslumark

2,6 milljarðar
Greiðslur út á innvegna mjólk

1,1 milljarðar
Gripagreiðslur vegna mjólkurkúna

141 milljónir
Gripagreiðslur vegna holdakúna

SAMTALS
6,5 MILLJARÐAR

Garðyrkja

274 milljónir
Beingreiðslur vegna papriku, tómata og gúrku

278 milljónir
Niðurgreiðsla á raforku

SAMTALS
551 MILLJÓN

Fjórir kraftar sem hafa áhrif á söluverð

1. HÖMLUR Á STÆRÐARHAGKVÆMNI

Þak er á framlög til bænda í samningunum sem dregur úr hvötum til að vera með stærri býli til að lækka framleiðslukostnað. Fyrir vikið njóta neytendur ekki ávinnings stærðarhagkvæmni í vöruverði.

2. TAKMÖRKUÐ SAMKEPPNI

Mjólkursamsalan er undanþegin samkeppnislögum sem þýðir að kraftar samkeppni ná ekki að halda verði á mjólkurvörum niðri.

3. TOLLVERND

Háir tollar á kindakjöti og mjólk og öðrum vörum á borð við svínakjöt og kjúklinga þýðir að erlent samkeppnisaðhald hefur takmörkuð áhrif á innanlandsverð.

4. SKATTAR

Það að veita 13,7 milljarða af skattfé til búvörusamninganna þýðir hærri skattaálgöngur á almenning. Slíkt dregur úr kaupmætti skattgreiðenda.

Dæmi um smásöluverð og greiðslu til bænda

MJÓLK

TIL BÆNDA
86,16 kr./l

Núverandi
framleiðsluverð

79 kr./l

Stuðningur
búvörusamninga

Samtals: 165,16 kr.

SÖLUVERÐ

136 kr.

Verð á 1 lítra af
léttmjólk í Bónus

KJÖT

TIL BÆNDA
568 kr.

Vegið meðalverð
2015

488 kr./kg

Stuðningur
búvörusamninga

Samtals: 1.056 kr.

SÖLUVERÐ

1.298 kr./kg

Verð í Bónus á
frosnu lambalæri

TÓMATAR

TIL BÆNDA
99 kr./kg

Stuðningur
búvörusamninga

SÖLUVERÐ
419 kr./kg

Verð í Bónus

AGÚRKA

TIL BÆNDA
54 kr./kg

Stuðningur
búvörusamninga



PAPRIKA

TIL BÆNDA
183 kr./kg

Stuðningur
búvörusamninga

SÖLUVERÐ
975 kr./kg

Verð í Bónus

SÖLUVERÐ
477 kr./kg

Verð í Bónus

Kostnaður í samhengi fjárlaga 2016

Vaxtabætur	6,2 milljarðar
Fæðingarorlof	9,6 milljarðar
Barnabætur	10,8 milljarðar
Viðhald á vegum	5,8 milljarðar
Framkvæmdir í vegagerð	9,9 milljarðar
Framlög til heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu ásamt heimahjúkrun	8,3 milljarðar

Til samanburðar var efirfarandi upphæðum ráðstafað úr ríkissjóði skv. fjárlögum fyrir 2016.

GRAFÍK/BIRGITTA

Yfir 100 milljarða búvörusamningar

Nýir búvörusamningar taka gildi um áramótin í kjölfar samþykktar Alþingis á breytingum á ákvæðum búvörulaga. Meðal nýjunga í samningunum er að leggja af kvótakerfi í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu. Vinna við endurskoðun samninganna hefst í október.

LANDBÚNAÐUR Alþingi samþykkti umdeild lög í liðinni viku sem kveða á um breytingar á lögum tengdum búvörusamningunum við Bændasamtökin sem undirritaðir voru í febrúar á þessu ári. Með breytingunum geta samningarnir tekið gildi, en gildistími þeirra er til tíu ára, eða frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2026.

Ein af breytingunum sem þingið gerði var að flýta endurskoðun samninganna, en upphaflega átti fyrsta endurskoðun þeirra að fara fram 2019. Í staðinn voru sett inn ákvæði um að ráðherra landbúnaðarmála skipi samráðshóp sem hafi

það hlutverk að endurskoða búvörusamningana. Hópurinn skal skipaður fyrir 18. október nk., en í honum eiga að sitja fulltrúar afurðastöðva, atvinnulífsins, bænda, launþega og neytenda. Hann á að ljúka störfum fyrir 2019. Einnig fóru inn ákvæði sem skylda afurðastöðvar til að selja öðrum vinnsluadilum mjólk á verði sem er í samræmi við ákvörðun verðlagsnefndar búvara.

Önnur veigamikil breyting er að kvótakerfi í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu verður lagt af. Í staðinn verða teknar upp greiðslur út á innvegna mjólk og gripagreiðslur í mjólkurframleiðslu og álags-




greiðslur út frá gæðastýrðri framleiðslu í sauðfjárrækt. Einnig voru sett inn ákvæði sem skylda ráðherra til að skipa áheyrnarfulltrúa minni vinnslufyrirtækja mjólkur í verðlagsnefnd búvara. Þá eru framlög vegna nýsköpunar í landbúnaði aukin.

Búvörusamningarnir eru fjórir talsins, þ.e. rammasamningur um almenn starfsskilyrði í landbúnaði og þrjú samningar um sauðfjárrækt, nautgriparækt og garðyrkju. Meginmarkmið þeirra er að auka verðmætasköpun í sveitum landsins og nýta sem best tækifærin sem þar bjóðast til að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöru-

framleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Kostnaður ríkissjóðs fyrsta ár samninganna er áætlaður um 13,7 milljarðar króna. Áformað er að upphæðirnar fari lækkanði út samningstímann, en gert er ráð fyrir að þær verði 12,6 milljarðar árið 2026. Samkvæmt samningunum munu 132,2 milljarðar greiðast úr ríkissjóði á samningstímanum vegna þeirra. Þó skal tekið fram að upphæðirnar gætu breyst sökum verðlagsbreytinga.

hlh@frettabladid.is



Þarftu að ráða iðnaðarmann?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannabjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



Frumskýning

Audi Q7 e-tron quattro



Audi Q7 e-tron quattro er kyndilberi nýrrar tækni. Hann er fyrsti fjórhjóladrifni dísltengtíttvinnbíll heims og sameinar krafta rafmagnsmótors og dísilvélar. Audi Q7 e-tron quattro er sparneytinn, vistvænn og eldsneytisnotkunin er aðeins 1,9 lítri á hverja 100 km. Mættu nýrri árstíð með grænni samvisku og allt að 56 km drægni á rafmagni.

Verð frá kr. 11.390.000.

Láttu sjá þig á frumsýningu Audi Q7 e-tron quattro í dag laugardag 17. september milli kl. 12 og 16.



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

5 ára ábyrgð

10. október
í 10 nætur

Frá kr.
89.900

2 FYRIR
á flugsæti
m/gistingu

FLUGSÆTI
ÁÐUR KR.
89.900
NÚ KR.
44.950

Upplifðu

SIKILEY

Sikiley kemur á óvart með áhugaverða blöndu af öllu því helsta sem ferðamenn óska sér. Samfelld 3000 ára menningarsaga, einstök náttúrufrægurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi – allt þetta og miklu meira finnur þú á Sikiley. Heimsferðir bjóða beint leiguflug til Sikileyjar á yndislegum tíma en hitastigið þá er notalegt og hentar bæði til sólbaða og fyrir þá sem vilja verja tímanum í að skoða þessa stórbrotnu eyju.



Hotel Fiesta Garden & Naxos Beach 🌴🌴🌴+

Frá kr. 199.900
m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 199.900 m.v. 2 í herb. 10. október í 10 nætur



Hotel Tysandros 🌴🌴🌴

Frá kr. 94.900
m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 94.900 m.v. 2 í herb. 10. október í 10 nætur



Stökktu 🌴🌴+

Frá kr. 89.900
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í herb. 10. október í 10 nætur



 **Heimsferðir**

Hörð mótmæli



Lögreglumaður í Paris, höfuðborg Frakklands, veður í gegnum eld til að reyna að ná stjórn á ástandi sem myndaðist þegar fjöldi manns kom saman til að mótmæla umdeildri atvinnulöggjöf. Mótmælin voru þau fjórtánda gegn frumvarpi ríkisstjórnarinnar á árinu og mótmæltu alls 78 þúsund manns um land allt. Frumvarpið kveður meðal annars á um að fyrirtæki fái að semja beint við starfsmenn um kjör. NORDICPHOTOS/AFP

Enginn þingmaður undir 763 þúsundum

Alls eru 63 störf laus þegar þing lýkur störfum. Ljóst er að minnst sextán einstaklingar munu taka þar sæti í fyrsta skipti. Enginn þeirra mun hafa undir 763 þúsund krónum í tekjur á mánuði. Tekjurnar gætu farið upp í 1,5 milljónir.

KJARAMÁL Þingkosningar fara fram 29. október næstkomandi. Alls eru 63 sæti á Alþingi og nú þegar er orðið ljóst að margir munu taka þar sæti í fyrsta sinn eftir þingkosningar í lok október. Fréttablaðið ákvað því að rýna í kjör þingmanna til þess að finna út eftir hverju væri fyrir þá að slægjast.

Þeir sem ná kjöri til Alþingis geta vænst launa á bilinu frá tæpum átta hundruð þúsund krónum til tæplega 1.500 þúsund króna. Þetta kemur fram í launatöflum á vef kjararáðs. Þingmaður sem ekki gegnir varaformennsku eða formennsku í nefnd hefur 762.940 krónur í þingfararkaup. Sé hann 2. varaformaður í einhverri fastanefnd Alþingis hækka launin upp í 801 þúsund krónur og 839 þúsund ef hann er annar varaformaður í einhverri nefnd. Formenn þingnefnda og varaformetar Alþingis fá greiddar 877 þúsund krónur og formenn þingflokka fá sömu upphæð. Formenn stjórnmalaflokka fæ svo líðlega 1,1 milljón króna. Forseti Alþingis hefur svo 1,37 milljónir í laun á mánuði og forsætisráðherra er með 1,49 milljónir.

Umræðan um laun þingmanna er jafnan viðkvæm og af þeirri ástæðu hefur sú leið verið farin að kjararáð

Þingmenn og ráðherrar

Alþingismenn – þingfararkaup

762.940 kr.

Annar varaformaður þingnefndar

801.087 kr.

Fyrsti varaformaður þingnefndar

839.234 kr.

Varaformetar Alþingis

877.381 kr.

Formenn þingnefnda

877.381 kr.

Formenn þingflokka

877.381 kr.

Formenn stjórnmalaflokka

1.144.410 kr.

Forseti Alþingis

1.347.330 kr.

Ráðherrar

1.347.330 kr.

Forsætisráðherra

1.347.330 kr.

úrskurði um launin í stað þess að þau séu ákveðin með lögum af Alþingi. Einstaka þingmenn hafa aftur á móti tjáð sig opinskátt um kjör sín. Þeirra á meðal er Karl Gardarsson, þingmaður Framsóknarflokksins. „Ég er þeirrar skoðunar að laun þingmanna séu of lág. Ég get tekið sem dæmi bara mín laun. Ég er á strípudum launum sem þingmaður Reykjavíkur, ekki með neinar útgreiðslur, og ég fæ útborgað 500 þúsund og eitthvað á mánuði eftir skatt,“ sagði Karl í Sprengisandi á Bylgjunni. Auk þingfararkauptsins fá allir alþingismenn greiddar tæpar 84 þúsund krónur á mánuði í fastan ferðakostnað, sem ætlað er að standa undir ferðakostnaði innan kjördæmis. Þetta gerir það að verkum að enginn þingmaður er með undir 846 þúsund krónum í heildarlaun á mánuði.

Þingmenn kjördæma utan höfuðborgarsvæðisins fá að auki mánaðarlega greiddar 134 þúsund krónur í húsnæðis- og dvalarkostnað. Þingmaður, sem býr utan höfuðborgarsvæðis og fer milli heimilis og Alþingis daglega, á rétt á að fá endurgreiddar allar slíkar ferðir. Hann fær að auki greiddan þriðjung húsnæðis- og dvalarkostnaðar, eða tæplega 45 þúsund. jonhakon@frettabladid.is

Mexíkó dagur



Að hatti Eypórs
matgæðingur Hagkaups
og sjónvarpskokkur

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

UNGNAUTA-
HAKK
1.815 kr/kg
verð áður **2.269**

MEXÍKÓSKAR NAUTABOLLUR MEÐ NACHOS OSTAHRÍSGRJÓNUM OG TÓMATSALSA

Ostahrísgrjón

600 g soðin hrísgrjón
150 g ostasósa
1 stk rauð paprika
2 stk vorlaurkar
ólífuolía til steikingar

Kjarnhreinsið paprikuna og skerið hana niður í þunnar ræmur. Hitið pönnu með ólífuolíu og steikið paprikuna þar til hún fer að mýkjast. Skerið vorlaukinn fínt niður og

setjið í skál með hrísgrjónunum, paprikunni og ostasósunni.

Nautabollur

600 g nautahakk
½ stk mexíkóostur (rifinn í rifjárn) 50 g grófmulið nachos
120 gr beikon (fínt skorið)
1 tsk sambal oelek
1 msk sjávarsalt
Ólífuolía til steikingar

Fyrir bökun

1 poki nachos
1 poki rifinn ostur
1 krukka salsasósa

Setjið allt hráefnið saman í skál og blandið vel saman. Mótið í ca 50 gr bollur. Hitið pönnu og steikið bollurnar í ca 2 mín á hvorri hlið. Setjið ostahrísgrjónin í botninn á eldföstu móti. Raðið bollunum ofan á hrísgrjónin og setjið

svo salsasósuna yfir bollurnar. Dreifið nachosflögunum yfir bollurnar og endið á að setja ostinn yfir allt saman. Bakið í 200°C heitum ofni í 25-30 mín.

Tómatsalsa

3 stk tómatar
1 stk vorlaurkur (fínt skorinn)
1 stk lime
½ stk grænn chili (kjarnhreinsaður og fínt skorinn)
2 msk olífuolía

2 msk kóriander (gróft skorið)
Sjávarsalt

Skerið tómata í fern og takið kjarnann úr þeim. Skerið svo hvern fering smátt niður. Setjið tómata, vorlaukinn, chili og kóriander saman í skál og bætið ólífuolíunni og safanum af limeinu út í. Smakkið til með saltinu.



Poco Loco

Ódýrari valkostur í Mexíkóvörum.



Ferskt Guacamole og Mangó salsa

Búið til frá grunni úr fersku hráefni. Stútfullt af vítamínum og góðri fitu.

Nýjungar!
Guacamole
án kórianders
og Mangó salsa



Tostitos snakk og sósur

Alvöru kornsnakk.



SANTA MARIA

Stór fjölskylda, með úrval fyrir mexíkóveisluna



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefni **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is
Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is

Umsóknafrestur til kl.12 á hádegis þann 26. september



919 milljónir verða settar í skólamála. Fjármagnið fer í sérkennslu, skólaakstur, afleysingar, námsgögn og faglegt starf svo dæmi séu tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kolrangstæðir í stórsókninni

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir framsetningu meirihlutans á aðgerðaáætlun vegna skólamála vera villandi. Eingöngu sé verið að bregðast við halla.

SKÓLAMÁL Í fjárhagsáætlun 2016 gerði meirihlutinn í Reykjavík algjörlega óraunhæfar hagræðingarkröfur til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Með tillögum um viðbótarframlög viðurkennir meirihlutinn loks að skólakerfið sé gróflaga undirfjármagnað.

Þetta kemur fram í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borginni vegna aðgerðaáætlunar sem meirihlutinn boðaði í fyrradag.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, bendir á að tvískinnungur sé að halda því fram að um ný framlög til skólamála sé að ræða.

„Að langstærstum hluta er verið að viðurkenna þann hallarekstur sem er orðinn að veruleika vegna óraunhæfrar fjárhagsáætlunar og borgin hefur engin tök á að víkja sér undan,“ segir hann og ber þetta saman við rekstur ríkis á hjúkrunarheimili.

„Ef hjúkrunarheimili færi hundrad milljónir fram úr fjárhagsáætlun og fjármálaráðherra þyrfti að mæta hallanum með aukafjárlögum þá væri stóruandlegt að blásið yrði til fundar og tilkynnt að það væri verið að hefja stórsókn í öldrunarmálum.“

Tilkynnt var af meirihlutanum að 919 milljóna króna framlag rynni til

Aðeins 67 milljónir af heildarsummunni eru raunveruleg viðbót.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



skólamála strax í haust. „Mér telst til að 835 milljónir af því fari í að bregðast við þessum hallarekstri og 25 milljónir fari í að fullnægja kjarasamningsbundnum skyldum borgarinnar um undirbúningstíma í leikskólum. Aðeins 67 milljónir af heildarsummunni eru raunveruleg viðbót,“ segir hann en þar er um að ræða 60 milljónir sem veittar eru til faglegrar stjórnunar í grunnskólum og 6,9 milljónir sem fara í námsgagnakaup.

Kjartan segir að stjórnendur skóla og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi bent á óraunhæfa fjárhagsáætlun margsinnis síðustu mánuði en viðbrögðin hafi látið á sér standa. erlabjorg@frettabladid.is

Búið að fara fyrstu tröppuna

Leikskólustjórar sendu frá sér ályktun eftir kynningu á nýju aðgerðaáætluninni. Þar er lýst yfir ánægju en einnig bent á að þetta séu fyrstu skrefin og margt þurfi enn að skoða og bæta í starfs-umhverfi leikskóla.

„Það þarf til dæmis viðhald á búnaði, húsnæði og lóðum,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólustjóri á Nóaborg. „Fjársvelti síðustu ára er farið að taka sinn toll þar.“

Anna Margrét bendir einnig á að ekki sé gert ráð fyrir að starfsfólk borði með börnunum í framlagi til

fæðis, ekki sé hægt að borga yfirvinnu og huga þurfi að námsleyfum starfsfólks.

„En það er stór blyklumpur farinn af öxlinni, ég fór í morgun og keypti kóku til að fagna þessari áætlun. Það er búið að spyrna frá botninum og ég ætla að skoða endurnýjun í eingöngu fyrsta skrefið.“

Ólafur Brynjar Bjarkason, leikskólustjóri í Hagaborg og Mýri, segir bjartsýni í hópi leikskólustjóra. „En það þarf að skoða endurnýjun í stéttinni alvarlega og gera leikskóla-starfið samkeppnishæft á vinnu-markaði. Það kostar peninga.“

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af
umgjörðum

MJÓDDIN
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Sími 555 4789

SELFOSS
Sími 482 3949

augastaður

Gleraugnaverstunin þín



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AYGO

með 2 ára þjónustupakka



Verð frá: 1.780.000 kr.

Frí skoðun og smurning í 2 ár!

Núna færðu Aygo með tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Þú getur sleppt því að greiða fyrir þjónustuskoðanir og smurþjónustu í tvö ár. Farðu og slepptu þér!

Fáðu nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Toyota

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur



Toyota Kaptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.



XPRENT
- hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konn@xprent.is

Dreglar og mottur á frábæru verði!

Gúmmi takkamottur
61x81cm **3.590**
81x100cm **5.990**
91x133cm **8.990**

Gúmmimottur margar gerðir og stærðir, verðdæmi 66x99cm
2.190

3mm gúmmidúkur finrifflaður
1.990 pr.lm.

Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter
1.890

PVC mottur 50x80 cm
66x120 cm kr **2.890**
100x150 cm kr **5.590**

Breidd: 67 cm
Verð pr. lengdarmeter
1.595

Margar stærðir og gerðir

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirk fram einmitt það sem þú vilt heyra en sjar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarviði tækjanna

og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni. Rannsóknir sýna enn fremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið, prófið og sannfærst!

www.bestsound-technology.is

Siemens heyrnartækin

Söluðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is



Íbúar í Manila fylgjast með þegar lík grunaðs fíkniefnaneytanda er borið burt að lokinni lögregluáðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hefur drepið þúsundir

Rodrigo Duterte hefur verið forseti Filippseyja frá því í júní. Í herferð sinni gegn fíkniefnum og glæpum hefur hann látið drepa meira en þrjú þúsund manns.

FILIPPSEYJAR Þegar Rodrigo Duterte tók við forsetaembættinu á Filippseyjum í lok júní hafði hann lofað morðum í stórum stíl. Hann ætlaði að láta drepa fíkniefnasala og annan glæpalýð án dóms og laga.

Þetta hafði hann gert óhikað í borgarstjórn sinni, en hann var borgarstjóri í Davao áratugum saman áður en hann varð forseti.

„Glymum mannréttindalögum,“ sagði Duterte undir lok kosningabaráttunnar. „Ef ég kemst í forsetahöllina þá mun ég gera nákvæmlega það sama og ég gerði þegar ég var borgarstjóri. Þið, eiturlyfjasalar, ræningjar og ónytjungar, þið ættuð að hypja ykkur. Því ég myndi drepa ykkur.“

Óhætt er að segja að hann hafi staðið við stóru orðin. Nú, ekki

þremur mánuðum síðar, er talið að meira en þrjú þúsund manns liggi í valnum.

Landsmönnum óar samt mörgum við þessari framkvæmdaglegði. Dóms- og mannréttindanevnd þingsins sá að minnsta kosti ástæðu til að hefja rannsókn.

Nú í vikunni var meðal annars Edgar Matobato kallaður til yfirheyrslu, en hann viðurkennir fúslega að hafa verið í vígasveit á vegum Dutertes, meðan Duterte var borgarstjóri.

„Okkar starfi var að drepa glæpamenn eins og eiturlyfjasala, nauðgara og þjófa,“ sagði Matobato. Hann fullyrkti að Duterte sjálfur hefði einu sinni skotið mann með vélbyssu. Sá var starfsmaður dómsmálaráðuneytisins. gudsteinn@frettabladid.is



Óhætt er að segja að Duterte hafi staðið við lofordið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vill bandaríska herinn burt frá Filippseyjum

Duterte forseti hefur ekki farið dult með að hann vill endilega losna við bandaríska hermenn frá Filippseyjum.

Bandarískir hermenn hafa árum saman aðstoðað stjórnarher Filippseyja í baráttunni gegn uppreisnarhópum og hryðjuverkasveitum í suðurhluta landsins.

Duterte segir hins vegar viðveru bandaríska hersins gera þar illt verra. Filippseyjar þurfi nú að móta sér sjálfstæða utanríkisstefnu, án bandarískra áhrifa.

Hórusynir og fifl

Rodrigo Duterte hefur ekkert hikað við að segja það sem honum sýnist á ljóðavettvangi. Nýverið kallaði hann Barack Obama Bandaríkjaforseta

hóruson, með þeim afleiðingum að Obama hætti við að ræða sérstaklega við hann á leiðtoga-fundi Bandalags Suðaustur-Asíuríkja í Laos.

Obama hefur síðan fengið afsökunarbeiðni frá skrifstofu Dutertes, þar sem hann segist vissulega hafa tekið sterkt til orða en sjá sérstaklega eftir því að það hafi komið út eins og persónuleg árás á Bandaríkjaforseta.

Duterte hefur reyndar líka kallað Frans páfa hóruson og Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, kallaði hann fifl. Og sendiherra Bandaríkjanna á Filippseyjum hefur hann kallað samkynhneigðan hóruson.

Adobe Creative Cloud - Svo miklu meira!

Adobe námstefna, Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 16. og laugardaginn 17. september

Nánari upplýsingar um dagskrá og skráning er á heimasíðu okkar:

www.hugbunadarsetrid.is

á www.midi.is

HUGBÚNAÐAR
SETRÍÐ

Adobe



RENAULT
Passion for life

NÝR TALISMAN

FLAGGSKIPIÐ Í FJÖLSKYLDUNNI



ENNEMM / SIA / N477325

NÝR RENAULT TALISMAN

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fánlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólasyringu.

VERÐ FRÁ: 4.190.000 KR.

Staðalbúnaður í Expression útgáfu: 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðupurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

Aukalega í Dynamic útfærslu: 8,7" spjaldtölvuskjár - 18" álfelgur - Lykillaut aðgengi LED aðalljós - Skyggðar afturrúður - MULTI SENSE akstursstillingakerfi.
130 hestöfl, dísil, sjáfskiptur, verð: 5.190.000 kr.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Gegn reglum EES gagnvart fjárfestum

EFNAHAGSMÁL Fjármagnshöft hafa verið allt of lengi við lýði á Íslandi og vöxtur hefði ef til vill getað verið meiri í hagkerfinu ef ekki hefði verið fyrir þau. Aflandskrónueigendur hafa mætt fjandsamlegu viðmóti sem gæti haft skaðleg áhrif. Þetta kom fram á fundi EMTA Iceland's global outlook after capital controls sem fram fór á Grand Hotel á fimmtudaginn.

EMTA eru regnhlífarsamtök sem huga að hagsmunum bandarískra fjárfesta í nýmarkaðsríkjum og því eins konar hagsmunafélag aflandskrónueigenda. Fyrirlesarar

Það er verið að refsa aflandskrónueigendum þegar engar raskanir eru á markaði

Arturo Porzecanski, prófessor í hagfræði við American University



á fundinum voru þó óháðir sérfræðingar.

Arturo Porzecanski, prófessor í hagfræði við American University, gagnrýndi harðlega fram-

göngu stjórnvalda gagnvart aflandskrónueigendum. Hann benti á að efnahagsskilyrði hér á landi hefðu sjaldan verið betri, og samkvæmt mörgum mælikvörðum væru þau betri en fyrir hrún. Þrátt fyrir þetta væru Íslendingar að fara mjög illa með aflandskrónueigendur. Porzecanski gaf í skyn að Íslendingar gætu verið að fara gegn reglum EES í mismunun gagnvart erlendum fjárfestum.

„Með þessari hegðun er verið að taka lagalega áhættu og setja orðspor Íslands í hættu,“ sagði Porzecanski. –sg

Samkeppnisaðstæður á eldsneytismarkaðnum

Opinn fundur í tengslum við markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins

Þriðjudaginn 20. september kl. 09:00 – 12:00 í Hörpu

Fundarstjóri: Guðrún Ragnarsdóttir, stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins
Stjórnandi pallborðsumræðna: Daði Már Kristófersson, forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

DAGSKRÁ:

- 9:00 – 9:20 **Samkeppni á erlendum eldsneytismörkuðum**
Birt verða viðtöl Samkeppniseftirlitsins við eftirfarandi aðila:
Andreas Mundt, forstjóri þýska samkeppniseftirlitsins og formaður stýrihóps Alþjóðasamtaka samkeppnisyrvalda (ICN)
Severin Borenstein, prófessor í hagfræði við Berkeley háskóla og formaður nefndar sem veitir stjórnvöldum í Kaliforníu ráðgjöf um samkeppni á eldsneytismarkaðnum
João E. Gata, sérfræðingur hjá portúgalska samkeppniseftirlitinu
Jon Riley, verkefnastjóri hjá breskum samkeppnisyrvaldum (CMA)
- 9:20 – 9:30 **Helstu niðurstöður frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins**
- 9:30 – 10:30 **PALLBORÐ I**
Eru samkeppnishamlandi aðgangshindranir fyrir hendi og ríkir samhæfð hegðun milli olíufélaganna í sölu bifreiðaeldsneytis?
ÞÁTTTAKENDUR:
Jón Björnsson, forstjóri Festi
Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís
Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar
Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB
Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
- 10:30 – 10:50 **HLÉ**
- 10:50 – 11:50 **PALLBORÐ II**
Hvaða viðmið á að nota þegar samkeppni á íslenska eldsneytismarkaðnum er metin og er hægt að auka samkeppni á honum?
ÞÁTTTAKENDUR:
Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB
Lúðvík Bergvinsson, lögmaður
Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Valgeir Baldursson, forstjóri Skeljungu
Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs
- 11:50 – 12:00 **Páll Gunnar Pálsson**, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Nánari upplýsingar um fundinn (myndbönd o.fl.), markaðsrannsóknina, frummatsskýrsluna og sjónarmið má finna á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins www.samkeppni.is.

Hægt er að taka þátt í undirbúningi fundarins með því að senda inn spurningar sem nýst geta í umræðum í pallborði. Óskast þær sendar á samkeppni@samkeppni.is.

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík,
www.samkeppni.is



Markmið með tillögum Holdens er að tryggja sjálfbæra launaþróun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Salek-hópurinn fékk hlaðborð af hugmyndum

Salek-hópurinn hefur fengið bráðabirgðaskýrslu um hvernig bæta megi vinnubrögð við kjarasamningagerð. Markmiðið að skila raunverulegri kaupmáttaraukningu. Finna þarf líkan sem henti Íslendingum.

KJARAMÁL Steinar Holden, prófessor við Oslóarháskóla, hefur skilað Salek-hópnum bráðabirgðaútgáfu af skýrslu um það hvernig bæta megi vinnubrögð við kjarasamningagerðina á Íslandi. Markmiðið er að tryggja sjálfbæra launaþróun á Íslandi, þannig að launahækkningar skili raunverulegri kaupmáttaraukningu en ekki bara hækkun nafnlauna.

„Að mati Holdens þarf launaþróunin að vera sjálfbær og samkeppnishæfni atvinnulífsins að ráða því hversu mikið svigrúm er til launahækkana,“ segir Bryndís Hlööversdóttir ríkissáttasemjari, sem leiðir starf Salek-hópsins.

Bryndís segir að tillögur Holdens séu nokkurs konar hlaðborð hugmynda um það hvernig megi bæta kjarasamningagerðina hér á landi. Íslendingar þurfi svo að finna það líkan sem henti Íslendingum best. „Hann byggir sínar hugmyndir á þeim líkönum sem eru við lýði í Noregi og horfir líka aðeins til Danmerkur og Svíþjóðar,“ segir Bryndís.

Norrænu módelin byggja á því að aðilar á vinnumarkaði hafa komið sér saman um það hverjir skuli semja fyrst (vera undanfari) og aðrir sem fylgja í kjölfarið skuldbindi sig til þess að fylgja því merki sem þar er gefið. Bryndís segir að í skýrslunni séu meðal annars reifaðar hugmyndir um undanfarasamninga. Á Norðurlöndunum sé það framleiðslugeirinn sem geri undanfarasamningana. Holden útskýrir í skýrslunni hvað góður undanfari þarf að hafa til að bera. „Á Íslandi er vandamálið að það

Á Íslandi er vandamálið að það er erfitt að finna einn augljósan undanfara því okkar útflutningsgreinar byggja á auðlindum og eru háðar sveiflum í auðlindinni.

Bryndís Hlööversdóttir ríkissáttasemjari



» Norrænu módelin byggja á því að aðilar á vinnumarkaði hafa komið sér saman um það hverjir skuli semja fyrst (vera undanfari).

» Á Norðurlöndunum er það framleiðslugeirinn sem gerir undanfarasamningana.

er erfitt að finna einn augljósan undanfara því okkar útflutningsgreinar byggja á auðlindum og eru háðar sveiflum í auðlindinni,“ segir Bryndís. Valið á undanfara sé flókið en Holden benti á nokkrar leiðir til að bregðast við því.

Þá benti Holden á að það verði að vera til staðar trygging um að fordæminu sé fylgt annars staðar á vinnumarkaðnum þannig að þeir sem semji fyrstir endi ekki á að vera með minnstar launahækkningar. – jhh

Nýr Hyundai Santa Fe

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, 200 hestafla dísilvél



ENNEEM / SIA / NM77335

Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 6.890.000 kr.



HYUNDAI | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16



Stóll
274.990 kr.
Skemill
64.990 kr.

Stóll og skemill
269.980 kr.
~~339.980 kr.~~

GLOBE

Þægilegur heimilisvinur með gráu tauáklæði, stillanlegu baki, hnakkapúða og snúningsfæti. Stærð: 78 x 80 x 113 cm

CONFORM



GLOBE

Fæst í svörtu, rauðu og ljósu leðri. Stærð: 76 x 70 x 113 cm

Stóll
319.990 kr.
Skemill
69.990 kr.

Stóll og skemill
315.980 kr. ~~389.980 kr.~~



watt&VEKE®

1. ALEX ljósakróna Ø: 24 cm. Svört **15.990 kr.** Brass **17.990 kr.** 2. OLLE lukt. 16x46 cm H: 28 cm. **14.990 kr.** 3. Poul Pava vatnsflaska, 0,65 l blágræn, svört, bleik, græn eða glær **1.490 kr.** ~~4.990 kr.~~ 4-7. NORDIC COAL stell frá Broste. 4. Krús **1.390 kr.** 5. Salatskál Ø: 34,5 cm **9.990 kr.** 6. Skál Ø: 15 cm **1.590 kr.** 7. Krús með handfangi **1.490 kr.**



NORA

Skemmtilegur bekkur t.d. við eldhúsbörð eða stakur. Svart PU leður og viðarfætur. Stærð: 159 x 56 x 86 cm.

64.990 kr.
~~89.990 kr.~~



MODENA

Barstóll, ljósgrár og svartur.

23.990 kr. ~~29.990 kr.~~



LECCE

Barstóll, rauður, hvítur og svartur.

19.990 kr. ~~26.990 kr.~~



KIRUNA

Hornsófi. Hægri eða vinstri. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 236 x 200 x 78 cm

IDdesign

159.990 kr. ~~199.990 kr.~~



KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 84 x 105 cm

109.990 kr.
~~139.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldhöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

TANGO

Hægindastóll og skammel. Slitsterkt áklæði, dökkgrátt eða brúnt.

Stóll

59.990 kr.

~~74.990 kr.~~

Skammel

23.990 kr.

~~29.990 kr.~~

TANGO

Tveggja sæta sófi. Slitsterkt áklæði, dökkgrátt, brúnt eða orange.

99.990 kr.

~~119.990 kr.~~

IDdesign

Ævintýralegt haust í Höllinni

Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar

L A Z B O Y® | *Live Life Comfortably.*

AFSLÁTTUR KR.

50.000

RAYNA

Nettur hægindastóll með Camel-brúnu slitsterku áklæði.

Stærð: 70 x 88 x 104 cm

39.990 kr. ~~89.990 kr.~~

PARKER

Þægilegur hægindastóll með slitsterku áklæði. Fæst grár, svartur og ljós.

Stærð: 82 x 86 x 104 cm

89.990 kr. ~~119.990 kr.~~

FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði.

Stærð: 260 x 170 x 87 cm

159.990 kr. ~~179.990 kr.~~



Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Hugarfarsbylting



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þrófjör Sjálfstæðisflokksins hafa verið til umræðu og einkum hefur verið bent á þá staðreynd að frambærilegar konur hafi víða borið skarðan hlut frá borði. Þannig röðuðust til að mynda engar konur í efstu sæti í kjördæmi formannsins, og annars staðar náðu áberandi þingkonur ekki þeim árangri sem þær vonuðust eftir.

Þetta geta varla verið góð tíðindi fyrir Sjálfstæðismenn enda eðlilegast að í framvarðarsveit stjórnmálaflokka sé fólk af báðum kynjum og með sem fjölbreyttastan bakgrunn. Formaður flokksins hefur enda látið sig málið varða og jafnvel boðað aðgerðir til að leiðrétta þennan augljósa halla.

Auðvitað hefur margvíslegur árangur náðst í jafnréttisbaráttunni undanfarna áratugi. Þar hafa margar konur ritað nafn sitt gylltu letri í söguna: frá Brieti Bjarnhédinsdóttur til Jóhönnu Sigurðardóttur. Hér var nýlega kvenkyns forsætisráðherra, auk þess sem kynjahlutföll á Alþingi hafa verið allt að því jöfn síðustu kjörtímabil. Enginn kippir sér lengur upp við að konur gegni veigamiklum embættum.

Margt bendir hins vegar til að erfiðara sé að skola út gamla hugarfarið en tölur frá opinberum stofnunum gefa til kynna. Enn er launamunur kynjanna slíkur að konur vinna að jafnaði einn mánuð „kauplaust“ á ári hverju. Á dögum hvarf eini kvenkyns forstjórnin í Kauphöllinni úr starfi. Varla er staðreyndin sú að skortur sé á hæfum konum í slíkar stöður?

Líklegri skýring er sú að enn sé nokkuð í land í jafnréttisbaráttunni. Konur eiga það til að fá verri útreið en karlmenn á opinberum vettvangi. Meðferðin sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Steinunn Valdis Óskarsdóttir þurftu að þola í aðdraganda þess að þær hættu afskiptum af stjórnmálum er lifandi vitnisburður um það. Margir karlmenn sem voru í sambærilegri stöðu sitja enn á þingi og gegna háum embættum. Stundum er eins og „strákarnir“ reisi skjaldborg hver um annan.

Þetta er heldur ekki séríslenskt fyrirbrigði. Í vikunni var sagt frá því að kvenkyns starfsmenn Hvíta hússins hefðu tekið höndum saman með skipulögðum hætti til að tryggja að tekið yrði réttmætt tillit til tillagna þeirra og framlags við fundarborðið. Margar konur kannast við þetta vandamál á eigin skinni.

Engum hefur heldur dulist að Hillary Clinton virðist þurfa að þola mun meiri skoðun en andstæðingur hennar, Donald Trump, í aðdraganda forsetakjörs. Hún verður fyrir árásum vegna heilsufars síns og meðferðar á tölvupósti. Stöðugt er gefið í skyn að hana skorti síðferðisþrek. Á meðan siglir Trump með sína furðulegu viðskiptasögu tiltölulega lygnan sjó.

Ekki er gott að sjá í fljótu bragði hvers vegna karlar og konur búa við þennan aðstöðumun. Þar skiptir hugarfarið, hjá báðum kynjum, sennilega mestu máli.

Kannski þurfa konur alls staðar að taka starfskonur Hvíta hússins sér til fyrirmyndar. Samtakamáttur þeirra bar árangur gagnvart Obama forseta. Hvi ekki víðar?



Stundum er eins og „strákarnir“ reisi skjaldborg hver um annan.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Helvítis túristar

Við viljum endilega fá túrista. Við viljum bara ekki fá þessa sem við erum með núna. Við viljum fá túrista sem fara út á land og borga ógeðslega mikið fyrir hótél og bílaeigubíla og mat. Og umfram allt við viljum bara túrista sem kúka í klósett.

Við viljum alls ekki fá týpuna sem þvælist um landið og húkkar sér far. Ojbara. Þetta lið sem er að njóta náttúrunnar gangandi eða hjólandi er glatað. Hangandi í tjöldum, jafnvel á stöðum sem eru ekki nákvæmlega skilgreindir sem tjaldsvæði (og þar af leiðandi ekki hægt að rukka fyrir) er eitthvað sem við höfum engan hómur fyrir. Það lið getur bara verið í einhverjum öðrum útlöndum. Það skilur enga peninga eftir hér.

Við viljum nefnilega bara þessa sem eyða. Ég átta mig samt ekki alveg á hvernig við ætlum að velja þá. Greiðslumat áður en þeir kaupa farseðil?

Já og meðan ég man: Svo viljum við rukka þá um alls konar gjöld og vesen (sem við viljum að sjálfsgögu ekki borga sjálf) og þeir eiga að tala fallega um landið og alla staðina sem þeir fara á (sem við nenum ekki sjálf að heimsækja). Svo mega þeir kaupa sér dýra hluti en samt alls ekki í minjagripabúðum, af því að þær eru svo óþolandi og við viljum ekki fylla allt af lundabúðum. Við viljum sko bara vera með miðbæ sem er eins og hann var í Reykjavík. Tómur.

Svo væri vöðu fint ef þeir gætu bara komið alveg um blánóttina til landsins. Af því við nenum ekki að vera í Leifstöð þegar það eru svona margir þar. Og það eru bara takmörk fyrir hvað við nenum að stækka þessa fokking flugstöð oft. En þeir mega fljúga innanlands þegar þeim dettur í hug, og helst sem oftast, af því við gerum það ekki af því að það er svo sjúklega dýrt.

Góðærisbarnið Ísland

Þessi umræða minnir mann á dyntóttan unglings sem einhvern veginn nennir ekki að læra en vill samt ná prófum. Nennir ekki að vinna en vill samt eiga pening. En rétt eins og unglingsurinn, munum við komast að því að þetta virkar ekki alveg svona.

Haldið þið að Spánverjar hafi valið sér fulla Breta sem uppistöðu í ferðamannastraumnum? (Afsakið þjóðar-

alhæfingarfordómanna). Að þeir hafi sest niður á fundi og sagt: „Já. Ég held að lyktin af brennandi Bretum sé það sem spænsk menning þarf mest á að halda.“ Ég held ekki.

Maður velur ekki hver kemur í heimsókn ef maður er land. Nema að maður sé Norður-Kórea. Fólk kemur hingað af því að það vill koma hingað. Og það kemur hingað af því að þetta er soltið spennandi og óvenjulegt og það ræður við það. Enn þá. Þangað til krónan eða gullæðið klúðrar þessu. Og eins ótrúlega og það hljómar þá er fólk ekkert spennit fyrir að borga alls konar skatta og gjöld.

Í einhverjum útópískum draumi koma fram hugmyndir um að fá bara „finu“ tegundina af túristum. Þessa sem „skilur mikið eftir sig“. Veður ekki kúkandi um landið þannig að það sé ekki lengur hægt að fara í berjamó. Og finnst bara í finu lagi að borga þúsundkall fyrir vatnsflösku og pylsu.

Eigum við ekki að einfalda þetta: Sleppið því bara að koma, en sendið endilega peninginn.

Er á meðan er

Ferðamannastraumur er akkúrat það. Straumur. Það sem kemur allt í einu getur líka farið snögglega. Það væri óstúð. En manni finnst það ekki ólíklegt miðað við hvernig við tölum sjálf um þetta. Sum okkar eru eins og maður að bjóða í parti, sem segir um leið að þetta verði potþétt glatað parti. En þið megið alveg koma ef þið viljið. Bara ekki svona mörg. Og alls ekki vera með læti.

Ég hef farið til útlanda. Þar eru margir. Sérstaklega þar sem eitthvað merkilegt er að sjá. Og ég veit að það eru til yfirgangssamir ferðamenn sem þarf alveg að slá á puttana á og að við þurfum að passa náttúruverlur og laga ýmislegt í ferðapjónustunni, og auðvitað er kominn tími til að drífa í þessu öllu saman. En hættum að tala allt herna niður og tónnlast á því að við ráðum ekki við þetta. Reynum að laga það sem við getum og gerum það saman. Það er nefnilega svo merkilegt að af öllum þeim sem koma hingað, þá finnst flestum þetta meiriháttar.

Og ef ég heyrir einu sinni enn einhvern kvarta yfir því að hann geti ekki verið einn með sjálfum sér við Gullfoss, þá óskra ég.



Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJAR- ATKVÆÐAGREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á 42. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldinn verður á Hilton Nordica í Reykjavík dagana 26.-28. október 2016.

Tillögum með nöfnum 5 aðalfulltrúa og 5 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, mánudaginn 26. september n.k.

Tillögum ber að fylgja meðmæli minnst 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Hlífar

100 bilar bílasala



VIÐ ERUM FLUTT

Laugardaginn 17. september fögnum við flutningi bílasölnunnar 100 bíla í Stekkjarbakka 4 við hliðina á Garðheimum. Opið frá kl. 11-15.

Komið og skoðið úrvalið hjá okkur og njótið þess að fá rjúkandi heitt Merrild kaffi, ískalt Egils Appelsín og KitKat.



Suzuki Swift 2015

GL - Sjálfskiptur - Bensín
Ekinn 70þ. km. - Á staðnum
Ásett verð 2.050.000,-
Tilboðsverð 1.890.000,-
Raðnr. 220460



Dodge Durango 2016

Limited - Leður - BlueRay DVD
2 skjáir - 20" felgur - Á staðnum
Ásett verð 10.490.000,-
NÝR BÍLL FRÁ ÍS-BAND
Raðnr. 100023



Jeep 2016

Grand Cherokee - Sjálfskiptur
Bensín - Leður - Blue Ray - 20"
Ásett verð 10.790.000,-
NÝR BÍLL FRÁ ÍS-BAND
Raðnr. 100019



Jeep 2014

Grand Cherokee Overland
Sjálfskiptur - Dísel - Á staðnum
Ekinn 41þ. km.
Ásett verð 9.900.000,-
Raðnr. 152579



Outlander 2015

MMC Instyle Hybrid - Sjálfskiptur
Hybrid bensín - Leður
Ekinn 5þ. km.
Ásett verð 5.750.000,-
Raðnr. 152565



Jaguar XF 2014

Sjálfskiptur - Dísel - Leður
18" felgur - Ekinn 32þ. km.
Á staðnum
Ásett verð 6.900.000,-
Raðnr. 151816



Kia 2015

Sportage EX Luxury - Sjálfskiptur
Dísel - Leður - Ekinn 66þ. km.
Ásett verð 5.190.000,-
Tilboðsverð 4.590.000,-
Raðnr. 152206



Kia Rio EX 2015

Beinskiptur - Dísel
Ekinn 56þ. km.
Á staðnum
Ásett verð 2.390.000,-
Raðnr. 220897

100 bilar ehf.
Stekkjarbakka 4
109 Reykjavík

517 9999
100bilar@100bilar.is
www.100bilar.is

Opið virka daga frá 10 til 18
Laugardaga frá 11 til 15
Lokað sunnudaga



Skólamál sett í forgang



Skúli Helgason
formaður skóla-
og frístundaráðs
Reykjavíkur

Meirihluti borgarstjórnar hefur blásið til sóknar í skólamálum með aðgerðum í leikskólum og grunnskólum. Aðgerðirnar eru í tíu liðum og fela í sér að 919 milljónum króna er bætt við fjárveitingar til skólamála á þessu hausti.

Hærrí framlög til sérkennslu

Framlög til sérkennslu í leikskólum og grunnskólum hækka um nærri 250 milljónir sem er afar mikilvægt því fagleg kennsla og stuðningur við börn með sérþarfir er eitt þýðingarmesta verkefni skólasamfélagsins og mikilvæg forsenda raunverulegs jafnréttis til náms. Samhliða auknum fjárveitingum munum við rýna vandlega hvernig sérkennsla og stuðningur nýttist viðkomandi börnum því eftirtektarvert er að hér á landi minnkar þörf fyrir sérkennslu ekki með hækkandi aldri ólíkt því sem tíðkast t.d. í Finnlandi þar sem mikil áhersla á snemmtæka íhlutun skilar sér í mun færri nemendum

sem þurfa sérkennslu á mið- og unglíngastigi grunnskólans.

Efling faglegrar starfs

Fjármagn eykst til faglegrar starfs í leikskólum og grunnskólum. Það er sérstakt ánægjuefni að geta tryggt starfsfólki leikskóla undirbúnings-tíma en tæpum 25 milljónum króna verður varið til þessa í haust með von um hækkun á næsta ári. Framlög til kaupa á námsgögnum til skapandi starfs í leikskólum hækka úr 1.800 kr. á barn í 3.000 kr. strax í haust. Þá verður aukid fjármagn, 60 m. kr., veitt til faglegrar stjórnunar í grunnskólum á þessu hausti.

Fleiri ung börn á leikskóla

Vilji okkar stendur til þess að bjóða yngri börnum á leikskóla og nú mun u.þ.b. 200 börnum sem fædd eru í mars og apríl 2015 bjóðast leikskólapláss frá og með áramótum. Leikskólarnir fá 425 milljónir til að fjármagna þessa þjónustu en nákvæm dagsetning á inntöku einstakra barna verður háð rými og stöðu starfsmannamála á einstökum leikskólum.

Við munum ráðast í sameiginlegt átak með Félagi leikskólakennara, Félagi foreldra leikskólabarna og háskólasamfélaginu um leiðir til að laða fleira fagfólk til starfa. Við höfum lagt mikla áherslu á að bæta kjör skólafólks undanfarin tvö ár og varið til þess á fjórða milljarð króna.



Markmið okkar allra verður að tryggja skóla- og frístundastarf í fremstu röð.

Þessar aðgerðir eru annar liður í því að gera starf á leikskólum og grunnskólum eftirsóknarverðara.

Betri skólamatgur

Fjárveitingar til leikskóla og grunnskóla vegna skólamáltíða hækka

verulega, eða um 156 m. kr. strax í haust og nærri 360 m. kr. á næsta ári. Fæðisgjald verður hækkað í leik- og grunnskólum um 100 kr á dag fyrir hvert barn frá 1. október. Þeir fjármunir munu fara óskiptir í hræfnisinnkaup til að bæta gæði máltíða. Að auki mun hluta af hagræðingu vegna hræfnisinnkaupa verða skilað til baka, alls 45. m. kr. Skólar í Reykjavík munu eftir breytinguna búa við sambærileg framlög til hræfnisinnkaupa og þau sveitarfélög sem leggja mest í matarinnkaup fyrir skólana.

Aukinn stuðningur við stjórnendur

Borgin leggur mikla áherslu á ábyrga fjármálastjórn og mun auka ráðgjöf og stuðning við stjórnendur varðandi fjármál og rekstur, meðferð halla og afgangss auk þess sem gerð verða ný líkön um deilingu fjármagns.

Þessar fyrstu aðgerðir voru unnar í samráði við stjórnendur leikskóla og grunnskóla og verður áfram byggt á þeim uppbyggilega anda sem ein-kenni þad samstarf. Sameiginlegt markmið okkar allra verður að tryggja skóla- og frístundastarf í fremstu röð í höfuðborginni.



Við flytjum snilligáfu



Jafnréttismál á krossgötum – Jafnrétti án mismununar?

Alda Hrönn Jóhannsdóttir

formaður Stéttarfélags lögfræðinga
Bragi Skúlason

formaður Fræðagarðs

Hugrún R. Hjaltadóttir

formaður Félags íslenskra félags-
visindamanna

Ragnheiður Bóasdóttir

formaður Félags háskólamenntaðra
starfsmanna Stjórnarráðsins

Sigrún Guðnadóttir

formaður Stéttarfélags bókasafns-
og upplýsingafræðinga

Í sinni ákveðnustu mynd þýðir jafnrétti að engum skuli mismunað á nokkurn máta. Allir skuli vera jafnir. Þessi mynd birtist í barnalögum nr. 76/2003 þar sem segir: „Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi.“ Yfirlýst markmið laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er líka að „Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“

Við þurfum hins vegar ekki viðamikla skoðun á umhverfi okkar til að sjá að börnum er mismunað á marga vegu og að konur eiga ekki sömu möguleika til að „njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína“ og karlar. Hið sama á við þegar við horfum með gleraugum þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, kynhneigðar, heilsufars, aldurs og yfirleitt öllu því sem á einhvern hátt skiptir okkur í hópa.

Lagasetning er í sjálfu sér góð

Jafnrétti er hugtak sem okkur hefur gengið misvel að átta okkur á hvað þýðir í raun. Þetta er hugtak sem allir eiga að þekkja og helst að vera hjartanlega sammála um merkingu þess. Raunin er þó líklega sú að fæst okkar hafa krufið hugtakið til mergjar og jafnframt er sjónarhorn okkar á því misvítt og oft litað bæði hagsmunum og öðrum viðhorfum.

En hvað þýðir þetta hugtak þá? Hver er skilningur okkar á því og hver er merking þess í raun?



Jafnrétti almennt séð næst ekki á meðan við höldum áfram að tigna hinn testosteronefyllta karl sem rakið getur ættir sínar til Noregskonunga og er reiðubúinn til þess að láta næsta endalaus viðveru á vinnustað ganga fyrir öllu öðru í tilverunni.

byrjun. Ein og sér er hún þó aðeins merki í reit á pólitískum rétttrúnaðarlista. Henni þarf að fylgja eftir með aðgerðum og róttækum hugarfarsbreytingum

sem við sjáum of lítil merki um enn sem komið er. Þær tilraunir sem gerðar hafa verið til breytinga hafa í besta falli mætt sinnuleysi eða góðlátlegu brosi. Viðbrögðin við afdráttarlítilli lagasetningu hafa verið þau að koma okkur upp fjölbreyttu safni skilyrðinga og afsláttar af hugtakinu sem yfirleitt er orðið algerlega merkingarlaust þegar kemur að því að mæla árangur okkar í málaflöknum.

Byggir á karllægum gildum

Launajafnrétti er þarna lýsandi dæmi. Við höfnum launamun nema hann sé byggður á málefnalegum rökum. Svo tókum við þennan „ómálefnalega“ mun og „leiðréttum“ hann. Munurinn á kjörum kynjanna á vinnumarkaði

er afsprengi mismunar á félags- og hagfræðilegri stöðu þeirra. Vinnumarkaðurinn byggir enn að mestu á hefðbundnum karllægum gildum og hugmyndum karla um æskilega hegðun á vinnustað og vinnumarkaði. Leiðréttur launamunur er því ekki mælikvarði á neitt annað en það hvernig konum gengur að hegða sér eins og karlar.

Kjarajafnrétti kynjanna næst ekki með lagasetningu eða reglugerðum einum saman, fremur en annað jafnrétti, þótt hvort tveggja sé góðra gjalda vert. Til að ná kjarajafnrétti verðum við að breyta verðmætamati okkar á þann veg að við viðurkennum kvenlæg gildi til jafns við hin karllægu. Það þýðir ekki gjaldfellingu á karllægum gildum þótt þau missi algildingu sína. Það felur því ekki í sér neina niðurlægingu fyrir karla, en það þýðir að við hverfum frá núverandi niðurlægingu fyrir konur. Þar til við höfum nálgast það markmið verður jafnrétti kynjanna aldrei annað en réttur kvenna til að hegða sér eins og karlar.

Jafnrétti almennt séð næst ekki á meðan við höldum áfram að tigna hinn testosteronefyllta karl sem rakið getur ættir sínar til Noregskonunga og er reiðubúinn til þess að láta næsta endalaus viðveru á vinnustað ganga fyrir öllu öðru í tilverunni. Við verðum að byrja á því að viðurkenna kynjaða kynþáttarembu okkar og glíma við hana af festu.

Greinin er önnur grein af þremur um jafnréttismál.

til þeirra sem rækta hana


PÓSTURINN

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA


PÓSTURINN



Dagný Brynjarsdóttir skoraði tvö mörk í gær en hér fagnar hún öðru þeirra með Berglinni Björgu Gunnarsdóttur (20) í gær. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Draumurinn rættist

Ísland tryggði sér í gær sæti í lokakeppni EM og fagnaði því með glæsilegum 4-0 sigri á Slóveníu á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Ísland er með markatöluna 33-0.

FÓTBOLTI Ísland er komið í úrslita-keppni Evrópumótins þriðja skiptið í röð og sendi í gær enn og aftur skýr skilaboð til umheimsins um að enn frekari afrek á sviði knattspyrnunnar séu í vændum.

Íslenska liðið vann öruggan 4-0 sigur á Slóveníu í næstsíðasta leik sínum í undankeppni mótsins og er á toppi síns riðils með fullt hús stiga, 33 skorud mörk og ekkert fengið á sig eftir sjö leiki.

Aðeins tvær aðrar þjóðir hafa farið í gegnum undankeppnina án þess að fá á sig mark. Það eru Þjóðverjar, nýkrýndir Ólympiameist-

arar og sigurvegarar síðustu fimm Evrópumóta, og Frakkar en þessar tvær þjóðir eru ásamt Bandaríkjamönnum í efstu þremur sætum styrkleikalistu FIFA. Segir það sitt um afrek íslenska liðsins.

Allt helst í hendur

Af þeim átján leikmönnum sem voru á skýrslu íslenska liðsins í gær fóru fimmtán á EM 2013 og níu voru einnig á EM í Finnlandi fyrir sjö árum. Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari er ekki í vafa um að reynsla leikmanna sé helsta ástæða stöðugrar velgengni þess.

„Það er auðvelt að gera mistök ef maður er ekki einbeittur en ég held að við búum yfir gæðum, reynslu og þroska auk þess sem undirbúningur og umgjörð hefur verið góð. Allt helst þetta í hendur,“ segir stoltur þjálfarinn við Fréttablaðið.

Og hann bætir því við að þó svo að fæstir séu að fara á sitt fyrsta stórmót hungri leikmenn í meira. „Allar búa þær yfir mikilli löngun til að fara aftur og gera betur. Ég held að það muni hjálpa okkur.“

Ísland mætir Skotlandi í lokaleik riðilsins á þriðjudag klukkan 17.00. eirikur@frettabladid.is

Saga Íslands á EM

EM 2009 í Finnlandi

Laugardalsvöllur var nánast ísilagður þann 30. október 2008 er Ísland tryggði sér sæti í lokakeppni stórmóts fyrst A-landsliða í knattspyrnu með 3-0 sigri á Írlandi.



Stelpurnar fengu ógnarsterkan riðil í lokakeppninni en Ísland fékk sannkallað flugstart er Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði eftir aðeins sex mínútur í fyrsta leiknum á mótinu, gegn Frökkum. Þær frönsku unnu að lokum 3-1 sigur eftir að hafa fengið tvær vítaspurnar í leiknum. Ísland fékk líka víti en Margrét Lára Viðarsdóttur brást bogalístin.

Í kjölfarið fylgdu tvö naum 1-0 tölur gegn Noregi og verðandi meisturum Þýskalands og Ísland féll úr leik.

EM 2013 í Svíþjóð

Aftur fékk Ísland þátttökurétt í lokakeppni eftir umspil, í þetta sinn eftir tvo 3-2 sigra gegn Úkraínu.



Ísland mætti reynslunni ríkari í lokakeppnina í Svíþjóð og náði 1-1 jafntefli gegn Noregi, bronsliði EM 2009. Þar fékk Margrét Lára annað tækifæri af vítapunkturinum og henni brást ekki bogalístin.

Aftur mætti Ísland verðandi Evrópumeisturum Þýskalands í riðlakeppninni og tapaði nú 3-0. En stelpurnar áttu góðan möguleika á sæti í 8-liða úrslitunum og gulltrygððu það með 1-0 sigri á Hollandi. Dagný Brynjarsdóttir var hetja Íslands í þeim leik.

Stelpurnar mættu ofjörlum sínum í fjórðungsúrslitunum og féllu úr leik eftir 4-0 fyrir gestgjöfunum.

Nýjast

Undankeppni EM 2017 í knattspyrnu

Ísland - Slóvenía 4-0

1-0 Hallbera Guðný Gísladóttir (11.), 2-0 Dagný Brynjarsdóttir (21.), 3-0 Dagný (46.), 4-0 Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (68.).

Ísland er öruggt með sæti í úrslita-keppni EM 2017 í Hollandi. Liðið mætir Skotlandi í lokaleik sínum í keppninni á þriðjudagskvöld.

Staðan	L	S	J	T	M	Stig
Ísland	7	7	0	0	33-0	21
Skotland	7	6	0	1	28-6	18
Slóvenía	7	3	0	4	21-17	9
Hvíta-R.	7	2	0	5	8-20	6
Maked.	8	0	0	8	4-51	0

Pepsi-deild karla

ÍBV - Stjarnan 1-2

0-1 Guðjón Baldvinsson (19.), 1-1 Aron Bjarnason (61.), 1-2 Guðjón (72.).

Guðjón Baldvinsson skoraði tvö mörk í fyrsta sigri Stjörnunnar síðan 4. ágúst. Eyjamenn eru aftur á móti í mikilli fallhættu.

Ólíseild karla

Valur - Selfoss 23-36

Alexander Örn Júlíusson 5, Heiðar Þór Aðalsteinsson 4 – Einar Sværriðsson 8, Elvar Örn Jónsson 7/2.

Enska úrvalsdeildin

Chelsea - Liverpool 1-2

0-1 Dejan Lovren (19.), 0-2 Jordan Henderson (36.), 1-2 Diego Costa (61.).

Um helgina

Beinar útsendingar laugardags

09.55 Formúla 1 - æfing	Sport
10.30 LPGA: Evian Ch.	Sport 4
10.55 Leganés - Barcelona	Sport
11.20 Cardiff - Leeds	Sport 2
11.30 Italian Open	Golfstöðin
12.50 Formúla 1 - tímataka	Sport 3
13.25 Bayern - Ingolstadt	Sport 5
13.50 Hull - Arsenal	Sport
13.50 KA - Grindvaik	Sport 2
16.20 Everton - M'brough	Sport 3

Beinar útsendingar sunnudags

10.30 LPGA: Evian Ch.	Sport 4
10.50 Watford - Man. Utd.	Sport
11.00 Italian Open	Sport
11.30 Formúla 1 - Singapúr	Sport 3
13.05 Crystal P. - Stoke	Sport 2
13.25 Augsburg - Mainz	Sport 5
13.50 FH - Valur	Sport
15.20 Tottenham - Sunderl.	Sport 2
15.55 Víkingur R - Fylkir	Sport
18.40 Espanyol - Real M.	Sport 2
20.00 NFL: Rams - Seahawks	Sport

Frumkýningar á leikjum

L 16.15 Leicester - Burnley	Sport 2
L 17.30 WBA - West Ham	Sport 3
L 18.00 Man. City - B'mouth	Sport 2
S 16.00 S'ton - Swansea	Sport 3

Undankeppni EM 2017 í körfubolta

L 16.00 Ísland - Kýpur Laugardalsh.

Pepsi-deild karla

S 14.00 FH - Valur	Kaplakrikav.
S 16.00 KR - Fjölínir	Alvogenv.
S 16.00 Víkingur R. - Fylkir	Víkingsv.

Ólíseild kvenna

L 13.30 Fram - Stjarnan	Framhús
L 15.00 Valur - ÍBV	Valshöllin
L 16.00 Grótta - Selfoss	Hertz-h.
L 16.00 Fylkir - Haukar	Fylkishöll

Ólíseild karla

S 15.00 ÍBV - Akureyri Vestm.ey.

Inkasso-deildin

L 14.00 Huginn - HK	Fellavöllur
L 14.00 Haukar - Selfoss	Ásvellir
L 14.00 KA - Grindavík	Akureyri
L 14.00 Keflavík - Þór	Nettöv.
L 14.00 Fram - Fjarðab.	Laugard.v.

RALLY CROSS

BIKARMÓT RCA

17 og 18 september fer fram Bikarmót RCA í Rallycross á Akstursípróttarsvæði AIH í Kapelluhrauni.

Eknir eru fjórir undanriðlar á laugardegnum en á sunnudeginum er 3 undanriðlar eknir og svo úrslit. Keppni hefst KL 13:00. og má búast við hörku keppni

Miðaverð er 1.000.kr Fritt er fyrir 12 ára og yngri

Purfum að spila okkar besta leik

KÖRFUBOLTI Íslenska körfubolta-landsliðið freistar þess í dag að tryggja sér sæti á öðru Evrópumótinu í röð. Ísland mætir Belgíu í Laugardalshöllinni klukkan 16.00 og þarf að vinna til að eygja von um að komast á EM á næsta ári.

Önnur úrslit þurfa einnig að vera hagstæð en það er ekki nema fyrir færustu tölfræðinga að skilja hvernig árangur liðanna í 2. sæti riðlanna í undankeppni EM er reiknaður.

„Það væri þægilegra ef þetta lægi fyrir, að ákveðin úrslit myndu duga, en þetta truflar okkur ekkert sérstaklega mikið,“ sagði landsliðs-

fyrirliðinn Hlynur Bæringsson í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir að Ísland þurfi að eiga toppleik til að vinna sterkt lið Belgíu.

„Við þurfum að spila okkar besta leik í langan tíma og við stefnum að því. Það er skemmtileg áskorun,“ sagði fyrirliðinn um leikinn í dag.

Fyrri leikurinn gegn Belgum var jafn lengst af þótt hann hafi á endanum tapast með 15 stigum, 80-65.

„Við gátum spilað við þá á löngum köflum. Í fyrri spiluðum við æfinga-leik við þá og töpuðum illa en síðasti leikur var jafn þangað til í fjórða leikhliða. Við fengum sjálfstraust

við það,“ sagði Hlynur sem hefur spilað stórvel í undankeppninni.

Til marks um það hefur aðeins einn leikmaður tekið fleiri fráköst í undankeppninni en Hlynur og aðeins tveir eru með fleiri framlagsstig að meðaltali í leik. Þá er Hlynur númer fimm á listanum yfir flestar stoðsendingar í undankeppninni, með fimm slíkar að meðaltali í leik.

„Mér líður mjög vel. Ég var svolítið lengi af stað en þetta hefur gengið vel upp á síðkastið og vonandi heldur það áfram,“ sagði Hlynur sem leikur landsleik númer 103 í dag. – íþs



Hlynur hefur verið magnaður í undankeppni EM 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



FH-ingar eru með níu fingur á Íslandsbikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FH getur tryggt sér titilinn

FÓTBOLTI FH getur tryggt sér áttunda Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins þegar það tekur á móti Val í fyrsta leik 20. umferðar Pepsi-deildar karla á morgun. Með sigri nær FH 10 stiga forskoti á toppnum og tryggir að Íslandsbikarinn verði áfram í Kaplakrika.

Tveir aðrir leikir fara fram í Pepsi-deild karla á morgun; Víkingur R. tekur á móti Fylki og Fjölnir sækir KR heim.

Með sigri í Víkinni fara Fylkismenn upp úr fallsæti í fyrsta sinn í langan tíma og setja mikla pressu á Víking Ó. og ÍBV.

Leikur KR og Fjölnis er svo gríðarlega mikilvægur í baráttunni um Evrópusæti. KR er fimm stigum á eftir Fjölni og þarf nauðsynlega á sigri að halda en Fjölnismenn yrðu eflaust ánægðir með jafntefli. – íþs

Nielsen lánaður til Frakklands

HANDBOLTI ÍBV hefur lánað markvörðinn Stephen Nielsen til franska úrvalsdeildarliðsins Aix út þetta ár. Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær.

Aix er í markvarðarkröggum vegna meiðsla Norðmannsins Ole Erevik en Nielsen er ætlað að fylla hans skarð. Nielsen mun leika með Aix út þetta ár en síðasti deildarleikur liðsins er 21. desember. Nielsen kemur svo aftur til ÍBV og byrjar að spila með liðinu eftir hléið vegna HM 2017.

Nielsen, sem er 31 árs, er danskur en fékk íslenskan ríkisborgararétt í desember í fyrra. Hann lék sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland gegn Portúgal í janúar á þessu ári. – íþs

Tækifæri

Það eru Tækifæris dagar hjá okkur allan septembermánuð.

Kælitæki, eldunartæki, þvottavélar, þurrkarar ásamt fleiri vörum frá Siemens og Bosch á Tækifærisverði.

Líttu inn og gerðu góð kaup.



BOSCH
Hrærivél

600 W. Fylgihlutir: Grænmetisvörn, hakkavél, sítrónupressa og blandari.

Tækifærisverð: MUM 4880
34.900 kr.
Fullt verð: 49.900 kr.



SIEMENS
Eldavél

66 lítra ofnrými. Átta ofnaðgerðir. Keramikhelluborð.

Tækifærisverð: HA 723220U
94.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS
Kæli- og frystiskápur

Hvítur. „crisperBox“-skúffa. „cool-Box“-skúffa. „lowFrost“-tækni. 39 dB. H x b x d: 186 x 60 x 65 (+5 sm handfang).

Tækifærisverð: KG 36EBW30
109.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



BOSCH
Uppþvottavél

Alklæðanleg. 13 manna. Fimm kerfi. Tímastytting. 44 dB.

Tækifærisverð: SMV 53N90EU
109.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS
Keramikhelluborð

Án ramma. Snertisleði. 60 sm.

Tækifærisverð: ET 651NE17E
59.900 kr.
Fullt verð: 79.900 kr.



BOSCH
Veggofnar

67 lítra ofnrými. Fimm ofnaðgerðir, þar á meðal 3D-heitur blástur.

Tækifærisverð (hvítur): HBA 20B122S
Tækifærisverð (stál): HBA 20B152S
59.900 kr.
Fullt verð: 78.900 kr.

**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 · 108 Reykjavík
Sími 696 5600 · rafsol@rafsol.is

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Lilja Katrín Gunnarsdóttir styður Kraft, stuðningsfélag fólks sem hefur veikt af krabbameini, með kökubakstri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tugir kílóa af hveiti og sykri

Lilja Katrín Gunnarsdóttir styrkir gott málefni með kökubakstri í heilan sólarhring. Hún opnar heimili sitt fyrir gestum sem geta keypt af henni góðgæti með góðri samvisku. Matarbúið er sneisafullt af hráefni til baksturs.

Fyrsta kaka Lilju Katrínar Gunnarsdóttur fer í ofninn á hádegi í dag og síðasta kakan sólarhring síðar, eða klukkan tólf á hádegi á morgun. Á þessum sólarhring og á sunnudaginn er fólk velkom-

id í kaffi og kökur heima hjá Lilju að Melgerði 21 í Kópavogi. Á heimilinu verða styrktarbaukar þar sem fólk getur styrkt Kraft, stuðningsfélag fólks sem hefur greinst með krabbamein, og rennur allur ágóðinn til félagsins. „Búið er sneisafullt af birgðum. Hér eru 25 kíló af sykri í svona iðnaðarpoka, ég er svolítið hrædd um að geitungarnir verði sólnir í þetta,“ segir Lilja sem þurfti að vísa einum

kræstum geitungi úr búrinu þegar ljósmyndari var í heimsókn. „Þá er ég með 32 kíló af hveiti og tæpa 10 lítra af rjóma,“ segir Lilja frá.

Fyrsta kakan verður Snickers-eplakaka sem hún deilir uppskrift að. „Svo er ég með margar góðar kökur í huga, ég ætla að gera karamelluköku og karamellur, leika mér með marengs, gera bollaköku og hnetusmjörsostaköku sem er afar góð,“ segir Lilja með tilhlökkun. Þótt hún ætli að baka í sólarhring þá gætir ekki mikils kvíða því henni finnst gaman að baka.

Fjölskyldan styður framtakið. „Maðurinn minn styður við mig,

sem er frábært enda er ég búin að opna heimilið fyrir fólki í sólarhring.“

Lilja minnir á að fólki er velkomid að fá sér köku á heimili hennar þennan sólarhring og þannig styrkja gott málefni. „Hingað er allt gott fólk velkomid. En það verður að átta sig á því að þetta er ekki veitingastaður,“ segir Lilja.

Þeir sem komast ekki í kökubóðið geta lagt beint inn á Kraft í gegnum styrktarsíðu þeirra og merkja greiðslurnar Bökunarmarþon eða Blaka svo Lilja viti hvað hún hefur safnað miklu.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Snickers-eplakaka.

Snickers-eplakaka

Mulningur

1/2 bolli Kornax-hveiti
1/2 bolli haframjöl
1/2 bolli púðursykur
1/2 tsk. lyftiduft
Smá salt
75 g kalt smjör, skorið í teninga

Hitið ofninn í 180°C. Blandið öllum hráefnum í mulninginn saman þar til blandan er orðin að grofri mylsnu. Kælið í ísskáp á meðan þið búið til fyllinguna.



HÉR ERU 25 KÍLÓ AF SYKRI

Í SVONA IÐNAÐARPOKA,

ÉG ER SVOLÍTIÐ HRÆDD

UM AÐ GEITUNGARNIR

VERÐI SÓLGNIR Í ÞETTA.

Eplablanda

3-4 stór epli
(afhýdd og skorin í litla bita)
3 msk. brætt smjör
2 msk. Kornax-hveiti
1 msk. sitrónusafi
1 tsk. vanilludropar
3 msk. mjólk
1/4 bolli púðursykur
1/2 tsk. kanill
Smá salt
3 Snickers (söxuð)

Blandið hveiti og smjöri vel saman í

skál. Hrærið því næst sitrónusafa og vanilludropum vel saman við.

Bætið púðursykri, kanil og salti saman við og hellið þessari blöndu yfir eplin og hrærið svo hún hylji eplin.

Hellið eplablöndunni í eldfast mót. Raðið Snickers-bitunum yfir blönduna.

Dreifið mulningnum yfir. Bakið í 30 til 35 mínútur. Leyfið kökunni að kólna í að minnsta kosti 10 mínútur áður en þið berið hana fram – að sjálfsgöðu með rjóma eða vanilluís.

SYNC samskiptakerfi með **Bluetooth** og **neyðarhringingu** er nú staðalbúnaður



NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fánlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu

FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.740.000** KR.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is



Nokkrir aðstoðarmanna sem starfa á Alþingi gáfu sér tíma til myndatöku. Aðrir voru uppteknir í aðkallandi verkefnum fyrir ráðherra. Frá vinstri: Eva Bjarnadóttir, Unnsteinn Jóhannsson, Svanhildur Hólm Valsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Sunna Gunnars Marteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Já, ráðherra

Aðstoðarmenn og ráðgjafar ráðherra og þingmanna vinna langan vinnudag. Það má segja að þeir séu í vinnunni þegar síminn hringir. Þeir þurfa að vera sérfræðingar í flóknum málum, ritfærir og orðhagir og sumir hafa meira að segja lagt sig í hættu fyrir yfirmanninn.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Vinnutímanum er best lýst með „alltaf, alls staðar“. Þetta er óreglulegt, fjölbreytt og yfirgripsmikið starf og ekki hægt að stóla á ákveðinn tíma yfir daginn eða í vikunni. Ég segi gjarnan að ég sé í vinnunni þegar síminn hringir,“ segir Jóhannes Þór Skúla-son, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, og lýsir vel krefjandi vinnuumhverfi aðstoðarmanna og ráðgjafa á Alþingi.

Inga Hrefna Sveinbjarnadóttir, aðstoðarmaður Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra, segir eðli starfsins þannig að hún sé meira og minna alltaf í vinnunni. „Til dæmis getur sumarfrí á Seyðisfirði orðið að meintu sumarfrí þegar óvænt verkefni koma upp,“ segir hún.

Eva Bjarnadóttir sem er aðstoðarmaður Oddnýjar Harðardóttur, formanns Samfylkingarinnar, segist vinna í skorpum. „Maðurinn minn

vill meina að þetta sé ekki alvöru vinna heldur lífsstíll, en það fer algjörlega eftir verkefnum hvenær ég vinn,“ segir hún.

„Hann er mjög svipaður vinnutíma ráðherrans – getur verið alla daga vikunnar og mjög ófyrirsjáanlegur,“ segir Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, um vinnutíma sinn.

„Það væri kannski nær að spyrja hvernig vinnuvikan er því það er enginn fastur vinnutími í þessu starfi,“ segir Ingvar Pétur Guðbjörnsson, aðstoðarmaður Ragnheiðar Elínar Árnadóttur iðnaðar- ráðherra. „Ég er að vinna um 50-70 klukkustundir á viku, allt eftir því hver verkefnastaðan er hverju sinni. Stystu dagarnir eru oftast yfir blásumarið (8-10 klst.), en dagarnir fara upp í 14-16 klukkustundir þegar mest álag er. Sjaldan sem maður fær frí bæði laugardag og sunnudag.“

Aðstoðarmaður Ólafar Nordal innanríkisráðherra, Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, tekur undir með öðrum aðstoðarmönnum um það hversu óútreiknanlegur hver starfsdagur geti orðið. Hún er þó heppin að því leyti að njóta oftast helgarfrís með fjölskyldunni. „Ráðherrann minn



PRENTAÐI ÚT EINTAK AF RÆÐUNNI OG TÓK BÍL RÁÐUNEYTISINS SEM ÞÁ VAR TOYOTA YARIS. HÉLT AF STAÐ OG LENTI UNDIR EYJAFJÖLLUM Í AFTAKAVEÐRI.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson
aðstoðarmaður Ragnheiðar
Elínar Árnadóttur

er þó duglegur að taka sér frí um helgar og þar með hef ég fengið að nýta þær vel með fjölskyldunni. Það skiptir miklu máli að hlaða batteriinn og vera með fólkinu sínu. Auðvitað er maður samt alltaf á vaktinni, oft að ræða málin á kvöldin o.s.frv. Það fylgir þessu og mörgum öðrum störfum,“ segir hún.

Lögfræðilegur aðstoðarmaður

Ólafar, Kristín Haraldsdóttir, segir vinnutíma sinn mjög breytilegan. „Vinnudagurinn getur hlaupið frá því að vera venjulegur 8 tíma vinnudagur og allt upp í 12-13 tíma,“ segir hún.

Unnsteinn Jóhannsson, aðstoðarmaður Óttars Proppé, þingmanns Bjartrar framtíðar, minnir á að í raun ljúki vinnudeginum aldrei. „Maður er stöðugt að fylgjast með fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og bregðast við þó maður sé í miðju partii eða að elda kvöldmat.“

Laði sig í hættu fyrir ráðherra

Aðstoðarmennirnir sinna ýmsum óvenjulegum verkefnum. Ingvar Pétur minnst þess þegar hann fór í aftakaveðri á smábíl til þess að halda ræðu fyrir ráðherra í Mýrdal.

„Eitt af mörgu eftirminnilegu var að þurfa að hlaupa í skarðið fyrir ráðherra þegar hún átti að flytja ræðu á aðalfundi Ferðapjónustu bænda í Mýrdalnum. Það kom óvænt upp fundur í bænum um morguninn sem hún gat alls ekki sleppt og hún átti að flytja ræðuna í kringum hádegisdag. Ég var því beðinn um að renna austur og flytja ræðuna í hennar stað. Prentaði út eintak af ræðunni og tók bíl ráðuneytisins sem þá var Toyota Yaris. Hélt af stað og lenti undir Eyjafjöllum í aftakaveðri og mátti hafa mig allan við að halda mér á veginum. Náði svo loks í Mýrdalinn, inn í fullan fundarsal og nánast beint í ræðustól með ræðu sem var ráðherraæða í 1. persónu. Ég var þarna hálf móður og mäsandi að lesa og umbreyta ræðunni jafnóðum með orðunum „fyrir hönd ráðherra“ og „ráðherra telur“ o.s.frv. Það hafðist og ég held að ég hafi sloppið skammlaust frá þessu. Allavega fékk ræðan góðar undirtektir fundarmanna – en það voru nokkrir svitadropar sem komu á enníð meðan ég var að stagla í gegnum hana og ég gleymi þessu seint, ekki síst vegna veðursins sem var á leiðinni,“ segir Ingvar Pétur.

Byggði Lego-endur með Cameron Jóhannes Þór nefnir einnig óvenjulegt verkefni. „Ef óvenjulegt er eitthvað sem ekki gerist á hverjum degi, þá má t.d. nefna hluti eins og að skipuleggja Northern Future Forum og sitja inni í fundarherbergi með forsætisráðherra Bretlands að byggja Lego-endur. Það var vissulega óvenjulegt,“ segir Jóhannes Þór.

Eva minnst þess þegar hún tók upp myndband með Oddnýju. „Ætli það sé ekki þegar við tókum upp myndbandið af Oddnýju með barnabörnunum hennar. Það átti að fjalla um fjárlögin sem hún gerði fyrir árið 2013 og eitthvað alvarlegt, en svo voru krakkarnir svo myndir að við komumst ekkert áfram fyrir hlátursköstum. Ég hélt á mæknum og andköfin og hlátursrokurnar í mér heyrast mjög vel þegar horft er á myndbandið sem 63 þúsund manns hafa nú séð á Facebook.“

Mældi blóðþrýsting ráðherra

Það getur líka komið í hlut aðstoðarmanna að fylgjast með heilsu yfirmanna sinna þegar mikið mæðir á þeim. Eins og í tilfalli Ingu, aðstoðarmanns heilbrigðisráðherra. „Í síðustu viku mældi ég blóðþrýstinginn í ráðherra svona til að fullvissa mig um að hann væri við hestaheilsu. Það var nokkuð óvenjulegt verkefni,“ segir hún.

Sérfræðingur um fjós

Þá minnst Lísa Kristjánsdóttir, aðstoðarmaður Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, þess þegar hún varð vitni að heldur óvanalegri sérþekkingu yfirmanns síns.


„Í starfi þar sem enginn dagur er líkur gærdeginum er venjulegt meira frábrugðið en það óvenjulega. En margt er hins vegar eftirminnilegt. Afar minnststæð og skemmtileg er kjördæmaheimsókn frá því í fyrra. Þar vorum við staddar á hlaðinu hjá bónda nokkrum sem var að reisa myndarlegt fjós. Birtist mér ➔



Til leigu á Laugavegi 77

Stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði á 4. og 5. hæð.

Til leigu er skrifstofuhúsnæði á 4. og 5. hæð á Laugavegi 77. Húsnæðið er staðsett á besta stað í miðbænum og er stórglæsilega innréttað að öllu leyti. Í húsnæðinu er einnig fyrsta flokks mótuneyti. Um er að ræða alla fimmtu hæðina og hluta fjórðu hæðar. Fimmta hæðin er efsta hæðin í húsinu og frá báðum hæðum er mikið útsýni yfir umhverfið í kring. Heildarstærð húsnæðisins er um það bil 1.170 m².



TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Staðreyndir um aðstoðarmenn ráðherra



12 ár er lengsti starfstími aðstoðarmanns, en Ármann Kr. Ólafsson starfaði fyrir þrjú ráðherra í fimm ráðuneytum.

Tvenn hjón hafa verið aðstoðarmenn ráðherra. Jón Þór Sturluson og Anna Sigrún Baldursdóttir, Geir Haarde og Inga Jóna Þórðardóttir. Sonur Ingu Jónu starfaði sem aðstoðarmaður, Borgar Þór Einarsson.



3 af 10 ráðherrum ríkisstjórnarinnar eru fyrrverandi aðstoðarmenn.



FLESTIR AÐSTOÐARMENN
Þeir ráðherrar sem hafa verið með flesta aðstoðarmenn og ráðgjafa eru **Davíð Oddsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** og **Jóhanna Sigurðardóttir**.



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR
starfaði sem aðstoðarmaður í 9 ár.
Styst starfaði BJÖRN DAGBJARTSSON eða í 115 daga 1979-1980.



ENGINN AÐSTOÐARMADUR
Frá 1991 hefur það aðeins gerst einu sinni að ráðherra hafi ekki ráðið sér aðstoðarmann. Það var **Kolbrún Halldórsdóttir** sem var ráðherra árið 2009 í nokkra mánuði.

DÆMIGERÐUR AÐSTOÐARMADUR RÁÐHERRA
Háskólamenntaður karl í kringum 36 ára aldurinn. Kynjahlutföllin hafa verið að lagast, sér í lagi með þessari ríkisstjórn og síðustu. Fjölmíðlafólk hefur orðið algengara á síðustu árum.



FARSÆLIR Margir fyrrverandi aðstoðarmenn hafa fengið framgang í atvinnulífinu. Til að mynda **Ari Edwald, Ásdís Halla Bragadóttir** og **Orri Hauksson**, forstjóri Símans.

MESTA UMFJÖLLUNIN Sá aðstoðarmaður sem mest hefur verið fjallað um er aðstoðarmaður **Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Gísli Freyr Valdórs-son**, sem hætti vegna leka á upplýsingum um hælisleitanda.

Bræðurnir **Páll** og **Árni Magnússynir** hafa báðir starfað sem aðstoðarmenn.

Heimildir: Hverjir verða aðstoðarmenn ráðherra? Fræðigrein eftir Gest Pál Reynisson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðing, og Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Háskóla Íslands.

ALZHEIMER SAMTÖKIN

MÁLSTOFA UM HEILAHEILSU

Árlega er alþjóðlega Alzheimersdagsins hinn 21. september minnst um heim allan. Alzheimersamtökin munu í tilefni dagsins standa fyrir málstofu á Reykjavík Natura, (gamla Hótel Loftleiðir) miðvikudaginn 21. september 2016 kl. 17-19 undir heitinu Heilaheilsa.

Dagskrá:

- Hreyfing og heilaheilsa
Janus Guðlaugsson PhD, lektor við Íþróttta- og heilsuþrátt HÍ
- Tengsl milli svefns og heilabilunar
Guðlaug Þórsdóttir öldrunarlæknir
- Oooooo...brosa!
Sr. Oddur Bjarni Þorkelsson, prestur í Dalvíkurprestakalli
- Það er eins og það lifni eitthvað inni mér
Magnea Tómasdóttir, söngkona og tónlistarkennari
- Ný heimasíða kynnt
Sirry Sif Sigurlaugardóttir, fræðslustjóri Alzheimersamtakanna

Umræður og fyrirlesarar munu svara fyrirspurnum.

Málstofustjóri verður Vigdís Hauksdóttir, aðingismaður

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

Þá allt í einu nýr stjórnmalamaður innan úr Katrínu sem virtist vera algjör sérfræðingur í stálgrindarfjósum. Til að toppa sérfræðinginn í stálgrindarfjósum komu tveir eldri karlar út úr gamalli rútu sem var á hlaðinu, annar með nikku og hinn með neftóbak. Þeir sungu hátt og mikið „Kátir voru karlar“. Þetta er líklega svona „you had to be there“ saga, skilar sér illa á prenti. En mér varð hugsað til Friðriks Þórs í smá-stund,“ segir Lisa.

Föt í stil við málefni

Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra, segir óvenjulegustu verkefnið jafnan þau skemmtilegustu. „Sigrún á fót fyrir öll tækifæri, t.d. kjól sem táknar skipulag og hún klæddist þegar hún flutti tillögu um landskipulagsstefnu á Alþingi. Mér fannst t.d. mjög skemmtilegt að velja sérstakt dress sem minnir á landgræðslu og loftslagsmál, með ráðherra, það var sérstök þæling á bak við það,“ segir Ingveldur.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, aðstoðarmaður Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra, minnst þess helst þegar hún þurfti að spjalla um hreindýrarækt heila kvöldstund í Tromsø í Noregi við ræktanda sem hafði áhuga á Vestfjörðum í því tilliti. „Var nokkuð heppin að hafa unnið í kring um hreindýr í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á menntaskólaárunum sem auðveldaði málið,“ segir Sunna.

Engir tveir dagar eins

Enginn dagur er dæmigerður að sögn Sunnu. „Því alltaf eru nýjar áskoranir. Ég mæti yfirleitt fremur úfin eftir morgunverkin heima fyrir, ég á dóttur sem var að byrja fyrsta skólaárið sitt og er að venjast nýrri rútinu. Hleyp stundum beint á fund eða fer yfir fjölmíðlana með GBS fyrir daginn yfir kaffibolla, ef þingstörfin kalla á það þá undirby ég pappírta t.d. fyrir óundirbúna fyrirspurnir sem eru óútreiknanlegar en stundum er ég heppin og hitti á það sem spurt er um,“ segir Sunna sem fer svo yfir minnisblöð og setur inn athugasemdir til ráðherra ef einhverjar eru. „Svo er hlupíð um að afla upplýsinga eða setið á fundum fram að hádegi um ólíklegustu vandamál eða lausnir. Stundum koma inn óskir um viðtöl við ráðherra um málefni og þá er reynt að undirbúa það faglega fyrir hann. Svo eru það samtöl við kjósendur, en fólk á það til að leita til okkar með mjög fjölbreytt mál eða leita ráða. Dagarnir geta verið langir en kl. 18 hættir síminn að hringja og ráðuneytið tæmist og þá gefst tími fyrir tölvupóstana og önnur skrif áður en haldið er heim,“ segir hún.

Erfiðustu verkefni

Erfið verkefni lenda á herðum aðstoðarmanna. Sum þeirra erfið vegna þess að þau eru vandræðaleg eða flókin. Og önnur vegna þess að þau varða neyð fólks sem leitar aðstoðar ráðherra og þingmanna.

„Erfiðast, eða vandræðalegast kannski, hingað til var að fara með henni í búðir að reyna að fá hana til að klæðast einhverjum blússum fyrir verkefni sem við vorum í. Þar var ég algjörlega komin út fyrir endimörk getu minnar sem aðstoðarmaður,“ segir Eva, aðstoðarmaður Oddnýjar. „Að hjálpa til við að móta ákvarðanir sem varða lífsafkomu fólks. Ekkert veldur manni meiri streitu,“ segir Sunna, aðstoðarmaður Gunnars.

„Það koma oft upp erfið verkefni og aðstæður en Katrín er mögulega besti yfirmadur norðan Alpafjalla og þó víðar væri leitað og í góðu teymi leysast öll verkefni,“ segir Lisa, aðstoðarmaður Katrínar.

„Erfiðasti tíminn í þessari vinnu var tvímælaust þegar verkföll heilbrigðisstarfsfólks stóðu yfir. Það gekk mjög nærri okkur öllum og var reynsla sem ég myndi seint vilja endurupplifa,“ segir Inga, aðstoðarmaður Kristjáns.

„Það erfiðasta hefur mér alltaf fundist þegar fólk leitar til manns með mjög erfið raunveruleg vanda-



MÉR FANNST T.D.

MJÖG SKEMMTILEGT

AÐ VELJA SÉRSTAKT

DRESS SEM MINNIR

Á LANDGRÆDSLUG

LOFTSLAGSMÁL, MEÐ

RÁÐHERRA, ÞAÐ VAR

SÉRSTÖK ÞÆLING

Á BAK VIÐ ÞAÐ.

Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra



mál sem það vonast til að fá úrlausn á, en ég hef ekki tók á að gera neitt til að hjálpa fólki. Það er langversta tilfinningin í þessu starfi,“ segir Jóhannes Þór, aðstoðarmaður Sigmundar.

„Það mál sem hefur verið rauði þráðurinn í gegn um þetta kjörtímabil er klárlega Ramminn. Það eru vandfundin jafn tilfinningaþrungin mál sem allir virðast hafa einhverja skoðun á, en áskorunin var að leyfa ferlinu og lögunum að hafa sinn gang,“ segir Ingveldur, aðstoðarmaður Sigrúnar.

Sérfræðingar af ýmsu tagi

En hvaða eiginleika þarf til að sinna starfinu? Aðstoðarmennirnir búa yfir margvíslegri sérfræðikunnáttu. Í þeirra hópi er að finna kennara, fyrrverandi blaðamenn, almannatengla, lögfræðinga og sérfræðinga í ýmsum þjóðmálum.

„Ég er lærdur sagnfræðingur, og einhver sagði að til að skapa söguna þyrfti fólk að þekkja söguna,“ segir Jóhannes Þór sem starfaði líka sem kennari í áratug. „Það eru ótrúlega margar mikilvægar lífslexiur sem ég lærði í því starfi og hef tekið með mér í pólitíkina,“ segir hann.

Ingvar Pétur, aðstoðarmaður Ragnheiðar Elínar, hefur fjölbreyttan bakgrunn. Hann var viðloðandi sveitarstjórnarpólitík í 12 ár og hefur starfað með Sjálfstæðisflokknum í 20 ár. Þá hefur hann mikla reynslu af skrifum og kynningarstörfum. „Ég starfaði fyrir Landsvirkjun um árabíl við almannatengsl og kynningarstörf og þekki orkumálin vel. Síðan var ég starfandi blaðamaður áður en ég hóf störf sem aðstoðarmaður ráðherra og þar kynntist maður samfélaginu enn betur og lærði að tileinka sér vinnubrögð sem nýtast vel í þessu starfi – ekki sist að greina kjarnann frá hisminu. Öll þessi reynsla hefur komið mér afar vel og nýtist mér á hverjum einasta degi.“

Unnsteinn, aðstoðarmaður Óttars, er menntaður í skapandi verkefnastjórnun og leiðtoga- og frumkvöðlafræði frá danska skólanum KaosPilot. Þá hefur hann unnið mikið í sjálfbodavinnu. Hann hefur brennandi áhuga á stjórnmálum. „Í mér hefur alltaf blundað pólitíkus og þegar ég var að fermast ætlaði ég inn á þing. Ég er týpan sem kom heim eftir skóla, hitaði mér örbylgjupítsu og í stað þess að læra heima stíllt ég á Alþingisrásina,“ segir hann.

Inga, aðstoðarmaður Kristjáns, hefur einnig unnið í mörg ár fyrir Sjálfstæðisflokkinn, bæði á skrifstofunni og síðast sem framkvæmdastjóri þingflokksins. „Ég þekki því Alþingi og starfið í flokknum mjög vel. Ráðherra hefur aðgang að mikilli þekkingu í ráðuneytinu í þeim reynslumiklu sérfræðingum sem þar starfa, þannig að aðstoðarmaðurinn þarf ekki endilega að vera enn einn slíkur. Hann er hins vegar í mörgum tilfellum framlenging á ráðherra eða



EF ÖVENJULEGT ER

EITTHVAÐ SEM EKKI

GERIST Á HVERJUM DEGI,

ÞÁ MÁ T.D. NEFNA HLUTI

EINS OG AÐ SKIPULEGGJA

NORTHERN FUTURE

FORUM OG SITJA INNI Í

FUNDARHERBERGI MEÐ

FORSÆTISRÁÐHERRA

BRETLANDS AÐ BYGGJA

LEGO-ENDUR.

Jóhannes P. Skúlasón, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar



milliliður við þá sem eiga erindi við hann eða hann vill eiga við orð. Þá reynir á samskiptahæfni og hæfileikann til að fylgja eftir málum,“ segir hún.

Lisa Kristjánsdóttir segir sína sérþekkingu liggja í verkefnastjórnun. „Ég hef verið í kosningastjórn fyrir VG í nokkrum kosningum og hér áður var ég aðstoðarleikstjóri í kvikmyndum og þetta er ekki ósvipað,“ segir hún.

Kristín, lögfræðilegur aðstoðarmaður Ólafar, hefur mikla sérhæfingu á sviði lögfræði. „Ég hef fjölbreytta reynslu á sviði lögfræði og stjórnsýslu sem ég tel að nýtist vel við stefnumörkun og úrlausn þeirra margvíslegu viðfangsefna sem koma á borð ráðherra,“ segir hún.

Þóris segir Ólöfu ekki hafa þekkt sig áður en hún réð hana til starfa og nú stefnir hún sjálf á pólitískan frama. „Ólöf tók ákvörðun um að ráða mig sem aðstoðarmann, unga konu með mikinn áhuga á stjórnmálum, menntun sem nýtist í starfi og einhverja mannkosti sem hún hafði heyrt að ég hefði. Við þekktum ekkert þegar hún réð mig. Ég er lögfræðingur með sérstaka áherslu á stjórnskipunarrétti, skrifaði meistraritgerðina um vandaða lagasetningu og hef kennt stjórnskipunarrétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem stundakennari frá árinu 2013. Starfið snýst hins vegar mikið um að koma málum áfram og vera í samskiptum við alls konar fólk, samskiptahæfni og að halda boltum á lofti er því ákveðin sérfræðikunnátta líka.“

Eva, aðstoðarmaður Oddnýjar, starfaði áður sem blaðamaður. „Sérþekking mín er á sviði íslenskra og alþjóðastjórnmála og félagsvísinda en svo hef ég sérstakan áhuga á heilbrigðismálum og jafnréttismálum. En oft er þetta ekki ólíkt starf og blaðamennska, þannig að maður þarf að vita eitthvað smávegis um allt og geta reddað sér,“ segir hún.

Sunna, aðstoðarmaður Gunnars, er menntaður almannatengill. „Ég er ung feminísk kona og hef starfað með Framsóknarflokknum síðan 2009. Ég þekki hvernig Alþingi virkar frá fyrri störfum og fólkið sem við störfum með í kjördæminu en einnig þá stefnu sem við vinnum með bæði í ríkisstjórn og innan flokksins sem ég hef tekið þátt í að móta. Þá er atriði sem Gunnari Braga finnst mjög mikilvægt, að ég þori að vera ósammála honum og segja það beint við hann,“ segir hún.

Svanhildur segir marga eiginleika einkenna góðan aðstoðarmann. „Mér finnst alltaf svolítið asnalegt að tunda eigið ágæti, og það sem gerir mann að góðum aðstoðarmanni er samtala mjög margra hluta. Á ferilskránni minni er lögfræðimenntun og áralöng reynsla af fjölmörgum og svo á ég gott með alla textavinnu sem er mikil þörf á í þessu starfi þar sem endalaust þarf að vera að skrifa ræður.“

Frá kr.
69.995

21
FYRIR
STÖKKTU &
AFSLÆTTIR

BÓKAÐU HAUSTSÓL

KRÍT



Allt að 69.000 kr. afsláttur á mann

Stökktu 🌴🌴+

Frá kr. 69.995 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói. 19. september í 10 nætur.

COSTA DEL SOL



Síðasta ferðin!

Allt að 36.000 kr. afsláttur á mann

Hotel Roc Costa Park 🌴🌴🌴+

Frá kr. 119.595 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 119.595 m.v. 2 í herbergi. 22. september í 11 nætur.

KRÍT



Síðasta ferðin!

Allt að 51.000 kr. afsláttur á mann

Porto Platanias Village 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 124.895 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 124.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 187.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 29. september í 11 nætur.

BENIDORM



Eldri borgarar

Allt að 37.000 kr. afsláttur á mann

Hotel Melia

Frá kr. 159.995 m/hálft fæði

Netverð á mann frá kr. 159.995 m.v. 2 í herbergi m/hálft fæði og drykk með mat. 2. október í 16 nætur.

TENERIFE



Allt að 22.000 kr. afsláttur á mann

Hotel Isla Bonita 🌴🌴🌴

Frá kr. 105.920 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 105.920 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 136.795 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 5. október í 7 nætur.

BENIDORM



Hotel Melia 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 159.995 m/hálft fæði

Netverð á mann frá kr. 152.695 m.v. 2 í herbergi. 9. október í 9 nætur.

SIKILEY



21
FYRIR

2fyrrir1 á flugsæti m/gistingu

Hotel Tysandros 🌴🌴🌴

Frá kr. 94.900 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 94.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 10. október í 10 nætur. Flugsæti áður 89.900 kr. en nú 44.950 kr.

TENERIFE



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

Hotel Jardines de Nivaria 🌴🌴🌴🌴

Frá kr. 179.095 m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 179.095 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 12. október í 7 nætur.



„Nálægðin við náttúruna er góð og á kvöldin fer ég í laugina og hitti þá marga af viðskiptavinum dagsins.“

Hliðarheimur í Landmannalaugum

Katla Þorleifsdóttir afgreiðir ferðalanga á leiðinni í göngu um ýmsan nauðsynjavarning og gefur þeim líka ókeypis faðmlög.

Ferðalangar geta keypt sér heitan mat, vistir eða nytsaman varning til útivistar, sem ef til vill gleymdist að taka með í farangri, í tveimur amerískum skólarútum frá sjöunda áratugnum.

„Þetta er eins og hliðarheimur, menningarútópía,“ segir Katla um hið sérstaka samfélag sem myndast í kringum búðina. „Hingað kemur fólk sem er annaðhvort að

leggja af stað í göngu eða að koma úr göngu. Því fylgir mikil gleði og eftirvænting,“ segir Katla sem hefur eignast vini um allan heim vegna starfsins.


Fjallabúðin er fjölskyldufyrirtæki. Faðir Kötlu, Þorleifur Sívertsen, og móðir hennar, Helga Kristinsdóttir, ásamt bræðrum hennar hófu rekstur úr skottinu á gömlum Land Rover fyrir tuttugu og sex árum og seldu fisk. Nú rekur föðurbróðir Kötlu verslunina.

„Það þurfti að grísa í vötnunum og því var veiddur fiskur og eldaður fyrir útivistarfolk. Ef eitthvað var afgangs þá var það selt. Svo vatt reksturinn upp á sig, það vantaði krydd á fiskinn, smjör með, mjólk og brauð. Seinna voru keyptar þessar amerísku skólarútur sem ég held að hafi orðið eftir hér á landi þegar herinn fór,“ segir Katla.

kristjanabjorg@frettabladid.is og Stefán Karlsson ljósmyndari



Katla setti upp skilti sem á stóð að í boði væru ókeypis faðmlög. „Viðtökurnar létu ekki á sér standa, fólk hefur bæði gaman og gott af því að fá faðmlag.“



En hvað skyldi vera óvenjulegasta fyrirspurn frá viðskiptavini? „Innskór, eða svona flip-flops,“ segir Katla og hlær.

ERTU LÖNGU HÆTTUR AÐ TAKA Í NEFIÐ EN SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098



Snyrtistofan Hafblik

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



„Ég get loksins unnið við þetta því börnin eru orðin nógu gömul en mig hefur lengi langað til að vera hér,“ segir Katla.

MARTRÖÐ


EÐA RAUNVERULEIKI?


„... seiðandi saga þar sem
allt getur gerst.“

DAGENS NYHETER

„Arftakar Stiegs Larsson eru margir ...
Kepler er langfærastur þeirra.“

TIME





Jónsi í Sigur Rós á sviði Lowlands-tónlistarhátíðarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Jóhann Óli Eiðsson

johannoli@frettabladid.is



Alpha-tjaldið á Lowlands-hátíðinni er á stærð við fótbolta-völl og nógu stórt til að hátt í 20.000 manns geta rúmast þar. Hátíðin sjálf fer fram árlega skammt frá hollenska sveitaþorpinu Biddinghuizen, um klukkutímaferð frá höfuðborginni Amsterdam.

„Stay the fuck out of the way“

„Hello, Jóhann. Stay the fuck out of the way,“ segir lágvaxinn maður í kvartbuxum þegar Silli Geirdal, umsjónarmaður hljóðfæra Sigur Rósar og bassaleikari Dimmu, tilkynnir öryggisverði að ég fái að fylgjast með sveitinni baksviðs á tónleikunum. Hann er annar Íslendinga sem sveitin treystir á í tónleikaférdalagi sínu. Hinn er hljóðmaðurinn Ingvar Jónsson.

Rétt rúmur klukkutími er í að tónleikar Sigur Rósar hefjist og starfsmenn sveitarinnar, alls 22 talsins, þurfa að standsetja allt fyrir tónleikana. Að Íslendingunum tveimur undanskildum er útgerð Sigur Rósar bresk eða frá löndum sem áður heyrðu undir breska heimsveldið.

Meðan þess er beðið að hollenska sveitin De Staat ljúki sér af gefst tími til að ræða um hvernig lífið sé í hljómsveitarrúttunni. „Það er nú minna um það að við séum í rútunni. Túrin núna er flugtúr. Þú klárar eina tónleika, nærð nokkurra tíma svefni og svo er ræs til að fara út á flugvöll til að komast á næstu tónleika,“ segir Silli og bætir við að hann kunni betur við rútuna. „Þá hoppaðu bara upp í bíl og lest bók eða horfir á mynd. Flugvöllum fylgir bið.“

Vinnudagur Ingvars og Silla er langur. Þrátt fyrir að hljómsveitin sjálf stígi á svið skömmu eftir kvöldmatartíma þá mæta þeir á tónleikastað klukkan fimm að morgni til að mæla allt út og gera

Stritið baksviðs

Tuttugu og tveir starfa að því að undirbúa tónleika **Sigur Rósar**. Blaðamaður Fréttablaðsins fékk að fylgjast með baksviðs á Lowlands-tónlistarhátíðinni og komst að því hversu mikil vinna er á bak við hverja tónleika sveitarinnar.

allt tilbúið. Þegar því er lokið tekur við bið þar til stutt er í tónleikarnir hefjist.

„Hvaða bíll fylgir ykkur?“ spyr undirritaður og bendir á þrjá flutningabíla sem lagt hefur verið við ramp baksviðs. Silli hallar undir flatt, glottir út í annað og svarar að allir bílarnir þrír fylgi sveitinni. Í raun eru það sex flutningabílar sem sjá um það að ferja búnað, sem dugar fyrir tvo túra, milli staða. Á meðan helmingur bílanna er staddur á tónleikastað ekur hinn hluti hersingarinnar á næsta tónleikastað.

Sviðið sett upp á hálf tíma

Um fimm mínútum áður en sveitin á undan klárar sitt sett koma allir sér á sína staði. „Stattu hér, fylgstu með og láttu lítið fyrir þér fara,“ segir Silli.

„Ég er tilbúinn. Eruð þið til?“ heyrir skyndilega í litlum hátalara sem stendur á borðinu fyrir framan mig. Röddin tilheyrir Ingvari sem komið hefur sér fyrir við hljóðmannsbordið úti í sal. Líkt og engispretta sprettur Silli af stað og byrjar að berja húðir eða slá á strengi hinna ýmsu hljóðfæra. Frá því að fyrsti maður brunadi inn á sviðið og þar til allt var tilbúið leið rétt rúmur hálf tími. Silli er ávallt í startholunum baksviðs ef eitthvað skyldi koma upp á. „Ég byrjaði að túra með Sigur Rós um miðjan síðasta áratug. Ég held ég hafi aldrei séð tónleikana þeirra.“



ÉG BYRJAÐI AÐ TÚRA MEÐ SIGUR RÓS UM MIÐJAN SÍÐASTA ÁRATUG. ÉG HELD ÉG HAFI ALDREI SÉÐ TÓNLEIKANA ÞEIRRA.

Evróputúr Sigur Rósar í tölum



„Húh!“

Meðan beðið er eftir Jónsa, Georgi og Orra rétta nokkrir áhorfendur hendurnar upp í loftið. Fæti er stappað í tvisgang í gólfid og höndunum klappað saman. Því fylgir að sjálf-sögðu „húh!“

„Ég held að frá Evrópumótinu þá hafi áhorfendur tekið þetta blessaða vikingaklapp fyrir hverja einustu tónleika,“ segir Ingvar og hlær.

Skyndilega slokknudu ljósin í tjaldinu og íslenska tríóið steig á svið. Einkennandi, dulúðugur kraftur tónlistar Jónsa, Gogga og Orra flæðir um tjaldið. Áhorfendur dansa lítið heldur standa aðeins og láta tónlistina leida sig áfram. Þegar yfir lauk höfðu tíu lög verið leikin, nýjasta smáskífan Óveður, titillag síðustu plötu og stakt lag af Með suð í eyrum. Hin sjö lög voru bland í poka af Ágætis byrjun, Takk og ónefndu plötunni. Síðasta lagið, Popplagið (Oneft 8), klárast. Hljómsveitin gengur af sviðinu og áhorfendur klappa. Þeir klappa lengi. Það er ekkert uppklappslag.

Festivöl bjóða ekki upp á rútu

„Fólk heldur að við séum fylupúkar því við tökum ekki uppklapp,“ segir Georg Holm, bassaleikari sveitarinnar, að tónleikunum loknum. „Á tónleikahátíðunum fáum við bara ákveðinn tíma til að spila og getum ekki farið yfir hann. Svo í Bandaríkjunum eru verkalýðsfélögin erfið. Ef þú spilar einni mínútu lengur en áætlað var þá er allt starfsfólkið

á tónleikunum komið á bullandi yfirvinnutaxta. Það þýðir að ef við förum yfir tíma þá erum við byrjaðir að borga með okkur. Við gætum þess vegna spilað í þrjá tíma.“

Árið 2008 lék Sigur Rós einnig á Lowlands en í dagskrá hátíðarinnar var þeim tónleikum lýst sem „eftirminnilegustu tónleikum í sögu Lowlands“. „Ég man lítið eftir tónleikunum sjálfum, þeir eru orðnir svo margir að þeir renna svolítið saman í eitt. Ég man hins vegar eftir skemmtigarðinum hérna við hliðina á. Við förum þangað fyrr um daginn og einhver gabbadi Jónsa, sem er mjög lofthæddur, til að fara í rússíbanann. Ég held ég hafi aldrei séð nokkurn mann eins fölan,“ segir Goggi og hlær.

Aðspurður um eftirminnilegasta atvikið sem henti hann rifjar hann upp þegar hann sjálfur var nokkuð fölar. „Á túrnunum árið 2013 kom upp magakveisa í hópnum og það fengu hana allir nema ég. Síðan liðu nokkrar vikur og ég hélt ég væri hólpin. Þá þurfti það auðvitað að gerast á miðjum tónleikum, í Bristol að mig minni, að ég þurfti að æla. Og ég ældi meira og minna alla tónleikana.“ Undir lok sögunnar mætir Silli Geirdal í gáminn. „Ertu að tala um Bristol 2013?“ spyr hann og hlær. „Grey rótarinn þinn þurfti að koma með fötu handa þér reglulega.“

Evróputúrnum lauk í síðasta mánuði og er hersingin farin yfir haf. Í vestrinu verður boðið upp á tuttugu tónleika á tæplega þrjátíu dögum. Evrópureisan var öll stíluð eingöngu inn á tónlistarhátíðir og því nauðsynlegt að fljúga. Í Bandaríkjunum verður hins vegar ekið á milli staða. Hljómsveitin mun koma fram án upphitunarhljómsveitar og getur því boðið upp á lengra sett en á tónlistarhátíðunum. „Án þess þó að fara yfir tímann að sjálf-sögðu,“ segir Goggi að lokum.

Viðtalinu lýkur með handabandi og aðilar hverfa hvor í sína áttina. Sigur Rós áfram um heiminn en flugan á veggnum áleiðis í rennblautt tjald sitt. Ef það hefur þá ekki fokið í vonskuveðrinu sem byrjaði nánast um leið og Sigur Rós steig af sviðinu.

TAKMARKALAUS AKSTURSGLEÐI ER STAÐALBÚNAÐUR



MAZDA2 FRÁ 2.290.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalaus akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

Komdu og reynsluaktu Mazda2

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.


brimborg

Öruggur staður til að vera á



Skemmtilegt er að elda úti, þar sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í eldamennskunni. MYNDIR/PÁLÍNA



Matur eldaður úti undir beru lofti bragðast einfaldlega betur.

Útistundir og ævintýri í faðmi fjölskyldunnar

Pálína Ósk Hraundal ferðamálafræðingur nýtur útivistar og gönguferðir og útiöldun eru sérstaklega í uppáhaldi.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



A hugi minn á útivist kviknaði þegar ég var í sveit í Trékyllisvík á Ströndum sem er að mínu mati ein fallegasta náttúru-paradís Íslands. Mér fannst eitt-hvað framandi við fjallgöngufólkið sem kom á sumrin til að takast á við fjöllin í sveitinni. Ég sá þetta draum-kennt fyrir mér og dreyndi um að gera slíkt hið sama. Það sem situr samt mest í minningunni eru þó fjöruferðirnar, þar gat ég eytt heilu dögum og spáð í náttúruna, tint skeljar og þælt í fuglum. Þessi áhugi hefur svo fylgt mér alla tíð," segir Pálína Ósk Hraundal, spurð hvaðan áhugi hennar á útivist komi.

Pálína Ósk er menntaður ferðamálafræðingur og búsett í Ósló ásamt manni sínum, dóttur og hvolpnum Millý. Fjölskyldan eyðir markvisst miklum tíma í útiveru og notar alls konar ólíkar aðferðir til þess að upplifa náttúruna saman.

„Við erum sannfærð um að úti-vera bætir og kætir, því reynum við að flétta útivist inn í dagsdaglegt líf okkar með alls konar skemmtilegum hugmyndum. Gönguferðir og útiöldun eru í miklu uppáhaldi," segir hún og bætir við að fátt sé skemmtilegra en að ganga inn í dali og upp á fjöll og góður primus eyðileggi aldrei upplifunina.

Óhætt er að segja að útivist er töluvert aðgengilegri í dag en hér áður fyrr, en það getur verið krefj-

Búum til útistundir og ævintýri

Fréttablaðið fékk Pálinu Ósk til að setja fram hugmyndir fyrir útistundir og ævintýri sem hægt er að skipuleggja með fjölskyldunni á fallegum haustdögum

1. Mikilvægt er að öll fjölskyldan sé með í undirbúningnum.
2. Pakkið tímanlega niður fyrir ævintýrin og leyfið börnunum að taka þátt í undirbúningnum. Ef við erum vel undirbúin og búin að pakka niður í tíma þá hættum við síður við ævintýrin og útistundirnar.
3. Ekki vera hrædd við að setja markmiðin hátt. Vinnið saman að þeim og njótið þeirra. Það er allt í lagi þó svo það taki tíma. Aðalatriðið er að njóta samverunnar.
4. Hugsið út í það þegar farið er í útistund eða hversdagsævintýri að pakka létt en ekki spara huggulegheitin. Ef maður vill taka uppáhaldsbangsann sinn með í ferðina eða önnur leikföng, þá tökum við

það endilega með og búum til minningar saman. Einnig getur einn súkkulaðimoli gert kraftaverk fyrir stemninguna.

5. Fáid endilega aðrar fjölskyldur með ykkur í ævintýrastundina og notið tækifærið og hittist úti með börnin. Ekki verja að leika sér í stærsta herbergi veraldar, náttúrunni sjálfri, þar sem enginn þarf að stressa sig yfir því þótt eitthvað hellist niður eða að kexið fari í sófa-settið. Það fylgir því ákveðið frelsi að vera úti!
6. Veljum ævintýri sem hentar öllum, ekki bara börnunum. Full-orðnir verða líka að njóta ef við ætlum að hafa útilíf sem lífsstíl.
7. Munið að þetta þarf ekki að vera svo flókið! Aðalatriðið er að skella sér út saman og aðeins 30 mínútur á dag gera kraftaverk fyrir andlega og líkamlega heilsu allra í fjölskyldunni.



Margt sniðugt er hægt að gera sér til skemmtunar, og um að gera að leyfa hugmyndafluginu að ráða ferðinni.

Skemmtileg haustævintýri nálægt Reykjavík

- Hvaleyrarvatn
- Úlfarsfell
- Haustferð á Þingvelli



Fjölskyldan nýtur þess að vera úti og finnst fátt skemmtilegra en að njóta samverustunda í náttúrunni.




VIÐ ERUM SANNFÆRÐ UM AÐ ÚTIVERA BÆTIR OG KÆTIR, ÞVÍ REYNUM VIÐ AÐ FLÉTTA ÚTIVIST INN Í DAGSDAGLEGT LÍF OKKAR MEÐ ALLS KONAR SKEMMTILEGUM HUGMYNDUM.

andi að byrja að stunda markvissa útivist.

„Ef þú áttir erfitt með að komast í skátastarf eða björgunarsveit þá var frekar erfitt að finna stað til að byrja hér áður fyrr. Í dag er það þó breytt og tel ég marga aðila vera að vinna gott starf til að auðvelda krökkum og unglungum að komast af stað. Hægt er að fara í siglingaklúbba, nýliðaprógrammið hjá björgunarsveitunum og Ferðafélag unga fólksins svo eitthvað sé nefnt," segir hún.

Uppskrift fyrir útistund

„Ef við fjölskyldan ætlum að gera okkur glaðan dag þá tökum við



Pálína Ósk Hraundal ferðamálafræðingur segir útivist með fjölskyldunni vera holla og góða skemmtun fyrir alla.

gjarnan pönnukökudeig með í flösku og steikjum okkur nokkrar pönnur úti yfir primus. Það er létt og auðvelt að ferðast með þetta í bakpokanum og lítil fyrirhöfn, Pönnukökurnar eru frábærar, t.d. á sunnudögum þegar við getum sest niður í ró og næði og notið þess að gera vel við okkur. Allir elska pönnurnar og þær bragðast enn þá betur úti.

Nú þegar berjatiðin er í fullum gangi er fátt sem toppar það að taka með sér primus og pönnukökudeig og setjast niður í berjapásunni og njóta þess að fá sér pönnukök með ferskum berjum. Í okkar huga er þetta toppurinn."

BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

Icecare kynnr Bio-Kult Candéa er blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnabykkni sem virkar sem öflug vörn gegn sveppasýkingu. Sömuleiðis er Bio-Kult frábært til að styrkja þarmaflóruna og halda meltingunni í góðu lagi.

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og þirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“

MÆLIR MEÐ BÍO-KULT

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfari mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét. Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að



Margrét Alice Birgisdóttir hefur notað Bio-Kult með mjög góðum árangri.



bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“

- Bio-Kult reynist vel til að bæta meltinguna.
- Mikilvægt er að viðhalda réttri bakteríuflóru líkamans.



Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir mælir með því að taka inn Bio Kult Candéa til að bæta meltinguna og losa fólk við óþægindin sem geta fylgt notkun syklylfja.

- Hægt er að fá bakteríur úr fæðu en þeir sem borða ekki slíkan mat geta tekið bakteríur í hylkjum.
- Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original.

BIO-KULT FYRIR ALLA

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, þirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsvíði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál. Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda

af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn

IceCare
þín heilsa

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR
Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórumarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

Inniheldur

sæbjúgu, vatnsrofin þorskprótín, túrmerik, D vítamín, C vítamín og mangan.



Snorri Snorra
„Virkar vel á mína liði“



AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

Inniheldur

vatnsrofin þorskprótín, glúkómannan og króm-pikkólinat.



Guðrún Lilja
„Finn góðan mun á mér“



AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

Inniheldur

einungis vatnsrofin þorskprótín úr villtum íslenskum þorski.



Guðjón Ágúst
„Mun kraftmeiri í ræktinni“





Sigurborg tekur þátt í busavignu á Miklagarði 1988. MYND/VICTOR HELGASON



Menntaskólinn við Hamrahlíð á sér ýmsar hefðir. Hér situr Sigurborg á Matgarði þar sem nemendahópar helga sér borð og hafast við þegar þeir eru ekki í tímum. MYND/GVA

MH FAGNAR 50 ÁRA AFMÆLI

Menntaskólinn við Hamrahlíð fagnar fimmtugsafmæli sínu um þessar mundir. Sigurborg Matthíasdóttir er konrektor skólans og segir hér frá afmælishátíðahöldunum sem hefjast á mánudaginn og standa í heila viku.

Elin Albertsdóttir
elin@365.is



Sigurborg segir að dagskráin verði mjög fjölbreytt. „Það má segja að hún samanstandi af afmælisgjöfum til okkar sem við gefum svo áfram til vana og velunnara skólans. Stærsta gjöfin er fyrirlestradagskrá sem stendur alla vikuna. Við höfum fengið mjög fjölbreyttan

hóp af fyrirverandi nemendum sem koma og segja núverandi nemendum og þeim sem vilja koma frá því sem þeir hafa verið að gera, störfum sínum og fræðum. Við köllum fyrirlestraröðina „Aftur til framtíðar“ af því að fyrirverandi nemendur koma úr fortíðinni til framtíðarinnar og gefa aftur af sínum fróðleik inn í skólann sinn.“

Fyrirlestrarnir verða klukkan 11.15, 12.00 og 12.30 og alltaf fleiri en einn í gangi í einu. Aðgangur að

fyrirlestrunum er ókeypis og allir eru velkomnir. Nánari dagskrá má sjá á www.mh.is.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

En fleira er á dagskrá í þessari afmælisviku. „Við höfum alltaf útskrifað mikið af leikurum og leiklistarkennarar núverandi og fyrirverandi standa fyrir dagskrá á miðvikudagskvöldið sem kallast Leiktu þér betur! þar sem núverandi og fyrirverandi nemendur

keppa í Leikhússporti, spunahópur tekur yfir salinn og rifjuð verða upp atriði úr leiklistarsögu skólans.

Á fimmtudagskvöldið koma Hamraskáldin til okkar, óskaplega mikið af flottum rithöfundum sem við höfum haft í skólanum, og ætla að lesa úr verkum sínum og kannski rifja upp gamla tíma í MH. Á föstudeginum verða svo hádegistónleikar á Miklagarði þar sem tónlistarmenn safnast að gamla flyglinum okkar sem er jafn gamall skólanum og syngja og leika á ýmis hljóðfæri.“


OPIÐ HÚS

Laugardagurinn 24. september er svo hinn eiginlegi afmælisdagur. „Þá eru fimmtíu ár síðan skólinn var fyrst settur, á laugardegi, í stærstu skólastofunni en sú skóla-bygging sem við þekkjum í dag var ekki tilbúin,“ segir Sigurborg og bætir við: „Þá byrjum við á opnu húsi milli tvö og fjögur þar sem verða opnar kennslustofur, leiðsögn um skólann, dans-, tónlistar- og leikatriði hefjast þegar minnst varir. Sögu skólans verða gerð skil með sýningum á bókasafni, á

göngum og í stofum og gagnvirk myndlistarsýning verður í gangi. Klukkan fjögur hefst afmælisdagsskrá á hátíðarsal skólans þar sem meðal annars verður farið yfir skrautlega byggingarsögu hans og þar kemur Kór Menntaskólans við Hamrahlíð fram sem er eitt af því sem við erum hvað stoltust af og hefur borið hróður skólans um allan heim.

Á laugardagskvöldið verða svo tónleikar þar sem við fáum enn fleiri gjafir þegar hluti þeirra fjölmörgu MH-inga sem hafa getið sér gott orð um víðan völl stillir saman strengi. Afmælisvikunni lýkur svo á sunnudaginn eftir viku með skákmóti í minningu fyrsta rektors skólans, Guðmundar Arnlaugs-sonar.“

Að lokum er Sigurborg spurð hver hún telji að sé sérstaða Menntaskólans við Hamrahlíð. „Þetta er skólinn sem þróaði áfangakerfið og við höfum lagt áherslu á að nemendur beri ábyrgð á sínu námi og fái að velja sem mest. Okkur finnst mjög árfóandi að halda skólabragnum þannig að allir geti verið eins og þeir vilja.“



40% - 70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

WAREHOUSE
KRINGLUNNI SÍMI 517-3290




Námsaðstaða nemenda á Miðgarði. Hér má sjá Miðgarðsorminn hlykkjast milli súlna en nemendur hafa þrjónað orminn síðan 1991. MYND/KENT LÁRUS BJÖRNSSON



Nemendur MH á sólskinsdegi í vor. MYND/KENT LÁRUS BJÖRNSSON

FIFA 17

Forsalan er hafin á **Heimkaup.is**



Kemur út **29. sept.** Keyrum út kvöldið áður.



Standard útg. 11.990 kr. | Deluxe Edition 14.990 kr.

Fifa 17 breytir því algerlega hvernig leikmenn hugsa og hreyfa sig inni á vellinum. Leikurinn er keyrður áfram af Frostbite grafíkvelinni en með þessari öfluggu grafíkvel verður allt raunverulegra. Í Journey Mode geta leikmenn farið í hlutverk Alex Hunters og fylgt honum gegnum ferilinn.

Deluxe Edition inniheldur:

- ▶ Leikinn Fifa 17
- ▶ 20 Fifa Ultimate Team Jumbo Premium Gold pakka
- ▶ Þriggja leikja lán af „Team of the Week“ leikmönnum
- ▶ Átta leikja lán af FUT leikmönnum
- ▶ Sérstakar útgáfur af FUT búningum.

Flottir kaupaukar fyrir þá sem kaupa í forsölu:

- ▶ Bókin Saga Evrópumótsins í fótbolta
- ▶ Karamellupopp frá Stjörnupoppi
- ▶ 1/2 l Coca-Cola



+



+



Fifa 17 Deluxe Edition fylgir öllum SONY sjónvörpum sem keypt eru um helgina!

5 ára ábyrgð á öllum Sony tækjum



- » Stærsta íslenska vefverslunin
- » Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 eða meira
- » Sendum samdægurs alla daga!

HEIMKAUP

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700

IÐNFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Rótgróið iðn- og þjónustufyrirtæki með 34 ára sögu er nú til sölu.

Um er að ræða skerpingarverkstæði og rekstur verslunar í Kópavogi. Fyrirtækið vinnur fyrir álver og stærstu trésmíðaverkstæði landsins og hefur leiðandi stöðu á sínu sviði. Góð vaxtartækifæri.

Rekstur fyrirtækisins er nú til sölu ásamt stórum vélasal. Væntanleg ársvelta 2016 um 50 milljónir króna. Hjá fyrirtækinu starfa tveir starfsmenn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 840-3425.



Meðlimir Puffin Island, f.v.: Skúli Jónsson, Egill Jónsson og Aron Steinþórsson. MYND/KNÚTUR GÚSTAFSSON

TÓNLEIKAR SEM BREYTTUST Í PLÖTU

Gítarar leika stórt hlutverk í tónlist Puffin Island sem gaf út fyrstu plötu sína í vor. Sveitin hefur vakið athygli og kemur m.a. fram á Airwaves.



Hljómsveitin Puffin Island hefur vakið nokkra athygli undanfarið ár fyrir melódíska og afar áheyrilega popp- og rokkónlist. Sveitin hefur m.a. átt þrjú lög ofarlega á Vinsældalista Rásar 2, þar af lagið Harrison sem náði þriðja sætinu í fyrrasumar. Í vor kom frumburður sveitarinnar út, Another Day, sem hefur fengið góðar viðtökur víðast hvar. Það eru bræðurnir Egill og Skúli Jónssynir og Aron Steinþórsson sem skipa sveitina en þeir ólust allir upp í vesturbæ Reykjavíkur.

Hljómsveitin á sér frekar stutta ævi því boltinn byrjaði að rúlla snemma árs 2015. Þá var Skúli kominn með dágóðan bunka af lagahugmyndum sem hann vissi ekki hvað hann átti að gera við. „Ég hafði þá samband við Aron og spurði hvort hann væri ekki til í að glamra þessar hugmyndir til og þróa áfram. Þá var markmiðið að reyna að æfa upp sett fyrir tónleika um sumarið. Í eitt skiptið sat Egill með okkur þar sem við vorum að spila löginn og honum leist svo vel á að hann sagði: Strákar mínir, við tökum þetta upp og gerum plötu.“

HRESSANDI LÖG

Þannig breyttust áform þeirra, tónleikarnir voru settir í salt og stefnan sett á upptökur segir Aron. „Vendipunkturinn í öllu ferlinu var stuttu eftir þessa yfirlýsingu Egils, þegar hann trommaði öll löginn inn á teip á einum degi. Vorið og sumarið fóru svo í að taka upp öll hin hljóðfærin og söng, fyrir utan auðvitað að semja texta við löginn. Við vorum í smá kapphlaupi við tímann því Skúli var að flytja til New York síðsumars. Eftir að Skúli flutti út fór hljóðblöndunarvinna af stað, samhliða því sem við settum eitt og eitt lag í spilun yfir veturinn.“

Fyrsta lagið til að fá spilun var Harrison. Lagið var óvænt nokkuð mikið spilað sumarið 2015 og náði fyrir vikið þriðja sætinu á Vinsældalista Rásar 2. Í kjölfarið fylgdu löginn Another Day og Stúlka sem bæði enduðu ofarlega

“Svo erum við með nóg af nýju efni og hlökkum til að taka upp næstu plötu, sem verður eflaust ögn rokkaðri en frumburðurinn.

Skúli Jónsson

á sama lista. Frumburðurinn, Another Day, kom svo loks út í vor og hefur fengið góða dóma víðast hvar.

Sjálfir lýsa þeir tónlist sinni sem grípandi indípoppi þar sem gítarar eru áberandi, löginn oft lituð af „doo-wop“ innblásnum bakröddum og enginn skortur á tambúrínuhristingi. Textar plötunnar eru ýmist á íslensku eða ensku. Egill segir þá ekki hafa hugsað plötuna sem konseptstykki, frekar sem samansafn af fjörugum lögum. „Því vorum við ekkert að stressa okkur á að hafa texta bara á ensku eða íslensku. Við létum það bara ráðast svoltið eftir laglínunum og anda laganna, því hentuðu enskar textasmíðar einfaldlega sumum lögnum á plötunni.“

NÝTT EFNI FRAM UNÐAN

Þar sem Skúli var búsettur í New York í sumar gátu þeir ekki fylgt plötunni almennilega eftir. Nú er hann kominn heim og sveitin hélt sína fyrstu tónleika á Nasa um síðustu helgi. Þar hituðu piltarnir upp fyrir Nýdönsk sem var heljarinnar teiti að sögn Skúla. „Við ætlum að reyna að spila reglulega fram að Airwaves þar sem við munum koma fram. Svo er á döfinni að halda útgáfutónleika þegar platan kemur út á föstu formi. Svo erum við með nóg af nýju efni og hlökkum til að taka upp næstu plötu, sem verður eflaust ögn rokkaðri en frumburðurinn.“

Hlusta má á tónlist Puffin Island m.a. á Spotify og SoundCloud (puffinland)

Náttúrulegt
Þörunga magnesíum

Mikil virkni

Duft í kalt vatn eða boost

Styður:
Efnaskipti og öflugri brennslu
Minni sykurlöngun
Slökun og svefn
Vöðva og taugastarfsemi
Gott á morgnana og kvöldin

1/3 tsk = 350mg - ekkert bragð

Fæst í apótekum, Krónunni, Fjarðarkaup, Hagkaup, Nettó og Græn heilsa.

ENGIN
MAGAÓNOT

náttúruleg uppspretta bætiefna

GLÆNÝ skósending!

Gæðalegir og léttfóðraðir skór með grófum sóla sem henta einstaklega vel fyrir íslenskan vetur!

ÚTIVISTAR-DAGAR!

Gott úrval af úlpum og skóm á FRÁBÆRU verði og valdar vörur á tilboði

ZIK ZAK

T Í S K U H Ú S



Einnig til í svörtu, vínrauðu og fjólubláu!

ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



Einnig til í svörtu, fjólubláu og bláu!

ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



Verð 8.990,-
st. 36-41



Verð 8.990,-
st. 36-41



Verð 11.990,-
st. 36-41



Ný skósending!



Verð 8.990,-
st. 36-41



Verð 9.990,-
st. 36-41



Verð 8.990,-
st. 36-41



Verð 11.990,-
st. 36-41



PEYSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.490
st. S-XXXL



JAKKI
ÁÐUR 16.990
NÚ 12.990
st. 36-56



PEYSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL



PEYSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. 36-48



KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 1.990
st. S-XL



Finnurðu fyrir stirðleika, ert orkulaus eða skortir úthald?

Benecta er íslenskt fæðubótarefni sem unnið er úr rækjuskel. Benecta binst bólgupróteinum í líkamanum og hefur þá sérstöðu að hvetja til bólgúrvinnslu og verndun vefja í stoðkerfi.



- Hjálpar líkamanum að vinna úr bólgum
- Styður við uppbyggingu vefja s.s. brjósks, sína og beina
- Hjálpar til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi

Með því að styðja við bólgúrvinnslu getur Benecta dregið úr óþægindum og aukið úthald og orku.

Prófaðu Benecta - fyrir stoðkerfið

Fæst í apótekum, í Heilsuhúsinu og í Perform.is

14 GLÚTENLAUSIR RÉTTIR

GLUTEN FREE GF

Guliacan
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4a
www.guliacan.is

VAKNAR MEÐ VILLIKÖTTUM

María Krista Hreiðarsdóttir, einn eigenda verslunarinnar Systur&Makar sem flutti í Síðumúlann á dögnum hefur haft í nægu að snúast að undanfögnu. Helgin fer í fjölskyldusamveru, zumba og umönnun villikatta sem hún er með í garðinum. Hún slakar best á í bíó.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Stendur eitthvað sérstakt til um þessa helgi? Síðustu helgum hef ég varið í verslun okkar systra og maka við framkvæmdir en nú þegar þeim er lokið erum við hálf-dofin og aðgerðarlaus. Kannski þurfum við að fara að snúa okkur að einhverju nýju,“ segir María Krista og hlær en hún rekur verslunina ásamt systur sinni, Kötlu Hreiðarsdóttur, og mökum þeirra. Verslunin er samastaður fyrir hönnunarmerki systrana, Volcano Design og Kristu Design, en þar fæst fatnaður, skart og heimilisvara.

„Reyndar erum við búin að vera duglegri að standa vaktina í búðinni enda gaman að vera aðeins tengdari viðskiptavinum,“ segir María Krista sem er ánægð með nýju staðsetninguna í Síðumúla enda sífellt að færast meira líf í verslun á því svæði. „Annars stefni ég á að rífa mig upp og mæta loksins í zumba-tíma í Valsheimilinu hjá Jóa og Theu sem er að mati okkar systra algjör orkusprautu. Við tókum svo laugardagsvaktina í búðinni en restin af helginni fer væntanlega í að sinna villiköttum,“ segir María Krista en hún er í félaginu Villikettir og rekur lítið athvarf í garðinum sínum með villikettlinga og kisur sem vantar heimili.

Hvernig er draumhelgin? Ferð út fyrir landsteinana væri draumur. Ég elska að ferðast og vil helst aldrei fara á sama staðinn tvisvar. Nú langar mig að heimsækja Búdapest eða Varsjá.

Gerir þú þér dagamun um helgar? **Hvernig þá?** Mér finnst gaman að draga strákana mína þrjá í bíó. Það er að segja manninn minn, Börk, Nóa 12 ára og Mána 16 ára, en þar náum við yfirleitt að slaka vel á. Sérstaklega mamman sem á það til að steinsofna drengjunum til mikillar mæðu. Þá er Mekkín dóttir mín í námi í Kaupmannahöfn og stundum hef ég skroppið til hennar yfir helgi.

Ferðu of út að skemmta þér? Nei, það er nú eitthvað á undanhaldi. Reyndar stakk mágkona mín upp á því fyrir stuttu að við systur skelltum okkur með henni út á lífið. Hún bauð okkur á Sushi samba og síðan drógum við fram dansskóna á Kiki bar. Þetta var kærkomið kvöld og gaman að geta flippað út svona á gamalsaldri.

Hver er uppáhalds helgarmaturinn? Ég er alltaf heit fyrir steik og það er um það bil það eina sem öll fjölskyldan vill borða. Það er stundum flókið að finna rétti sem henta öllum og þá sérstaklega þegar sá yngsti er með hveitiofnæmi og má ekki fá sér hvað sem er. En nautasteik, bakað grasker, spergilkál og sveppasósa klikkar aldrei.

Hvað færðu þér í morgunmat um helgar? Egg og beikon eru og verða alltaf uppáhalds. Bakkelsi úr bakarí er auðvitað ómótstæðilegt líka en þegar ég reyni að vera



María Krista slakar yfirleitt vel á í bíó. Svo vel að hún á að til að sofna, sonum hennar og eiginmanni til mikillar mæðu. MYND/EYRÖR

dugleg í mataræðinu þá vel ég frekar egg, beikon og kaffi með kókosolíu. Orkan verður miklu meiri og helst út allan daginn. Ég neita því þó ekki að þýski ostahleifurinn úr Mosfellsbakarí klikkar seint.

Hvað verður með sunnudagskaffinu? Ég er nú ekki búin að ákveða það en er einmitt að reyna að snúa sumarsukkinu við svo mögulega mun ég baka glúten-, sykur- og gerlaust kryddbrauð upp úr uppskriftabókinni minni Brauð og eftirréttir Kristu, ef þannig liggur á mér.

Vakir þú fram eftir? Já, ég er algjört næturdyr. Ég er með Apple TV í svefnherberginu, þó ég viti að það sé algjör glæpur, en fyrir upptekna konu sem yfirleitt eyðir öllum frítíma í vinnu eða kisustúss er kærkomið að horfa á einn til tvo sjónvarpsþætti á Hulu fyrir svefninn. Það er líka hið besta svefnmeðal og yfirleitt endar eiginmaðurinn á að horfa á heilu seríurnar með frúna hrjótandi við hliðina á sér.

Sefur þú út um helgar? Nei. Ég er ótrúlega snögg á fætur þrátt fyrir að hanga fram eftir á kvöldin. Ég er með einhverja innbyggða vekjaraklukkan sem rífur mig oftast upp um áttaleytið. Mögulega eru það litlu kisulingarnir sem kalla á undirmeðvitundina því þeir eru eins og ungbörn sem þarf að sinna allan sólarhringinn.

Með hverjum er skemmtilegast að verja helginni? Mér finnst voðalega gaman þegar við hjónin náum að slaka á í sameiningu. Þó það sé bara í sófanum með popp. Við vinnum bæði mjög mikið eins og margir Íslendingar en við leyfum okkur þó endrum og eins að skjótast úr bænum á hótél eða

gistiheimili til að kúpla okkur út úr öllu. Eins er yndislegt að komast í bústaðinn sem við systur eigum ásamt mökum okkar.

Hvað er annars að fréttu - eitthvað spennandi fram undan? Það er allt að fréttu í vinnunni en nýja verslunin okkar í Síðumúla 21 var opnuð í síðustu viku. Verslunin hefur verið starfrækt á Laugavegi en við tókum þá ákvörðun að yfirgefa miðbæinn og freista þess að endurnýja kynnin við íslenska viðskiptavinum okkar sem því miður voru hægt og rólega hættir að koma á Laugavegin. Við systur erum snillingar í að sökkva okkur í vinnu svo það líður eflaust ekki á löngu áður en eitthvert klikkað verkefni kemur upp í hendurnar á okkur. Á síðasta ári tókum við sumarþústað í gegn og það kitlar alltaf sköpunargleðina þegar við rennum yfir fasteignasíður blaðanna.

Nú hefur þú haldið úti bloggi um LKL-mataræði og skrifað brauð- og eftirréttabók byggða á slíku fæði. Hvernig gengur þér að halda þig við mataræðið þegar mikið er að gera? Áttu einhver ráð? „LKL-mataræðið kallar á undirbúning og þar sem við hjónin vorum yfirleitt að vinna fram á kvöld í allt sumar þá enduðum við allt of oft á keyptu snarli sem var svo sannarlega ekki LKL-vænt. Ég er súkkulaðigrís og í öllum framkvæmdunum þá laumuðust þó nokkrir bitar inn fyrir mínar varir. Það er samt alltaf stutt í að ég byrji á fullu í hollustunni. Mín ráð fyrir þá sem eru að byrja að feta beinu brautina eftir sumarfrí eru þau að allt er skárri en ekki neitt og það þýðir ekkert að rífa sig niður þrátt fyrir nokkur hliðar-spor. Nokkur vinaleg aukakíló eftir sumarið eru bara tákun um góðar stundir.“

Andlitskrem fyrir þurra húð



- Engir parabenar
- Engin ilmefti
- Engin litarefni

Fæst í apótekum

DECUBAL
EXPERT CARE FOR DRY SKIN

Actavis

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Ertu framúrskarandi?

Framkvæmdastjóri

Íslandssjóðir óska eftir umsóknum í starf framkvæmdastjóra.

Íslandssjóðir voru á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki árið 2015, fimmta árið í röð samkvæmt ítarlegu styrk- og stöðuleikamati Creditinfo og er markmið starfsmanna og stjórnar að vera í fremstu röð.

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða mun þurfa að standast hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Umsóknarfrestur

25. september

Starfssvið

- Dagleg stjórnun og rekstur félagsins.
- Stefnumótun, áætlanagerð og markmiðasetning ásamt eftirfylgni.
- Uppbygging sérhæfðra fjárfestinga.
- Efling viðskiptaþróunar og aukning markaðshlutdeildar.
- Ábyrgð á vönduðum vinnubrögðum á öllum sviðum í starfsemi félagsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/3708

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Rekstrar- og stjórnunarreynsla.
- Áhugi á að taka þátt í breytingum.
- Stefnumiðuð sýn og leiðtogafærni.
- Góð þekking á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.



Íslandssjóðir hf. er leiðandi félag á sviði sjóðastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Félagið er sjálfstætt fjármálafyrirtæki í eigu Íslandsbanka hf. Nánari upplýsingar um félagið eru á heimasíðu þess, www.islandssjodir.is.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

SPENNANDI ATVINNUTÆKIFÆRI HJÁ EINU STÆRSTA BÍLAUMBOÐI LANDSINS



CABAS SNILLINGAR ATHUGIÐ!

Við leitum að faglærðum bifreiðasmið, bílamálara eða bifvélavirkja í tónaskoðun og móttökustörf í verkstæðismóttöku. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund.

Hæfniskröfur:

- Cabas þekking nauðsynleg
- Fagnám í bílið
- Starfsreynsla í bílið nauðsynleg
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð

Vinnutími er alla virka daga
frá kl. 7.45–18.00

ÖFLUGUR BÓKARI Á FJÁRMÁLASVIÐI

Við óskum eftir öflugum bókarum í fullt starf á fjármálasviði. Helstu verkefni eru skráningar á reikningum í uppáskriftakerfi, innlestur rafrænna reikninga, afstemmingar o.fl.

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla af bókhaldsstörfum æskileg
- Áreiðanleiki og nákvæmni nauðsynleg
- Nám sem viðurkenndur bókarari er kostur
- Navision þekking er nauðsynleg
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð

BÝRÐ ÞÚ YFIR VARAHLUTAÞEKKINGU?

Við leitum að starfsmanni í þjónustuver sem er einstaklega vel að sér í bílum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þekkingu á varahlutum bíla, vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund. Starfið felst í símsvörum þar sem veittar eru upplýsingar til viðskiptavina, stofnun verkbeiðna og sala varahluta.

Hæfniskröfur:

- Þekking og áhugi á bílum
- Mjög góð tölvufærni
- Stundvísi
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð

**Sótt er um störf
á heimasíðu BL**
www.bl.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til 25. sept. nk.

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, á netfanginu anna@bl.is

BL leitast eftir að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp.

Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.





Við leitum að snillingum í samskiptum

Vegna aukinna umsvifa þurfa Momentum og Gjaldheimtan að bæta við sig öflugum einstaklingum

INNHEIMTU-FULLTRÚAR

Innheimtufulltrúar þurfa að vera jákvæðir og ákveðnir en um leið þjónustulundaðir. Mikilvægt er að þeir hafi ríkan vilja til að aðstoða viðskiptavinum okkar við að leysa úr málum sem sum hver geta verið erfið úrlausnar. Gerð er krafa um góða almenna menntun en einkum verður horft til starfsreynslu umsækjanda. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af Navision og Excel.

Momentum og Gjaldheimtan bjóða upp á lífleg en um leið krefjandi störf í ört vaxandi umhverfi. Starfsfólk okkar er jákvætt, öflugt og reynslumikið og leitum við að nýju fólki til að bættast í okkar góða hóp.

Umsækjendur sendi ferilskrá á starfsumsokn@momentum.is eigi síðar en þriðjudaginn 27. september n.k.

Bent er á upplýsingar um félögin á www.momentum.is og www.gjaldheimtan.is



Við þurfum að ráða smiði og verkamenn sem hafa reynslu af mótauppslætti.

Áhugasamir hafi samband á non@nonbygg.is



Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

Viltu ganga til liðs við FYRIRTÆKI Í SÓKN?

Valka hefur vaxið mikið á undanförunum árum og er ljóst að framhald verður á þeim vexti. Við leitum því að öflugum einstaklingum í hópinn. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Fjármálastjóri

Starfssvið:

- Mánaðarleg samstæðuuppgjör félagsins og dótturfélags í Noregi
- Dagleg umsjón og skipulag greiðslumála
- Gerð fjárhagsáætlana
- Umsjón með launamálum
- Samskipti við viðskiptabanka og endurskoðanda
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra og stjórnar
- Samskipti við birgja og viðskiptavinum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og metnaður

Vélsmiður eða stálsmiður

Starfssvið:

- Smiði og samsetning á tækjum sem Valka framleiðir
- Þáttaka í uppsetningu á tækjabúnaði innanlands og erlendis

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélsmiði eða sambærileg iðnmenntun
- Reynsla af smíði á ryðfríu stáli er nauðsynleg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Nákvæm vinnubrögð og góðir skipulagshæfileikar
- Góð þekking á vélum og tækjum er æskileg

Valka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og smíði á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu og býður margskonar lausnir og búnað frá stökum tækjum til heildarkerfa.

Valka leggur mikla áherslu á nýsköpun og hlaut Nýsköpunarverðlaunin árið 2013. Félagið var stofnað árið 2003 en þar starfa nú um 40 manns við hönnun, þróun, verkefnastýringu, framleiðslu og sölu. Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag.

Krfa hönnunarstofa www.krfa.is

Sótt er um á www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til með 26. september nk.

Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.



Verkefnastjóri í nýsköpun og frumkvöðlastarfi

Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni sem getur tekist á við fjölbreytt og krefjandi störf við fræðslu, verkefnastjórnun og þjónustu í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Verkefnin eru á Norðurlandi vestra og starfsstöð er á Sauðárkróki.

Starfssvið

- Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum
- Nýsköpun í þjónustupróun
- Styrkjaskóun í þágu starfandi fyrirtækja
- Fræðsla og upplýsingamiðlun
- Leiðsögn og upplýsingaþjónusta í þágu fyrirtækja og frumkvöðla
- Kynningar- og hvatningarstarf
- Verkefnastjórnun og verkefnasókn

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði, viðskipta, markaðsfræði, stjórnunar eða sambærileg menntun
- Frumkvæði, dugnaður og sköpunargleði
- Góð þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Færni í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun

Nýsköpunarmiðstöð Íslands veitir leiðsögn og stuðning í tengslum við nýsköpun, viðskiptahugmyndir, frumkvöðlastarf og stofnun og rekstur fyrirtækja. Starfið er á Impru á Nýsköpunarmiðstöð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, berglind@nmi.is.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknum skal skila fyrir **4. október** á netfangið hildur@nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknnum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.



Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is



LANDSPÍTALI

LANDSPÍTALI ... VIÐ HEILSUM ÞÉR!

Gigtlækningar

YFIRLÆKNIR

Starf yfirlæknis gigtlækninga á lyflækningasviði Landspítala er laust til umsóknar. Yfirlæknir er leiðtogi og hefur þrjúþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og rekstrarábyrgð. Auk þess gegnir yfirlæknir mikilvægu hlutverki í kennslumálum og uppbyggingu vísindastarfs.

Leitað er eftir sérfræðilækni með viðtæka reynslu og hæfni til að vera í forystu fyrir þjónustu við sjúklinga, umbótastarf, öryggismál og uppbyggingu mannauðs í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Gerð er krafa um helgun í starfi yfirlæknis.

Launadeild

LAUNAFULLTRÚI

Starf launafulltrúa á launadeild Landspítala er laust til umsóknar. Við sækjumst eftir öflugum liðsmanni sem hefur ríka þjónustulund, góða samskiptahæfni, sýnir frumkvæði, nákvæmni og aga í vinnubrögðum.

Deildin heyrir undir fjármálasvið og starfa þar 19 manns í nánu samstarfi við starfsmenn spítalans. Starfsmenn launaeildar tryggja eftir bestu getu að launavinnsla, afgreiðsla launa og launatengdra mála hljóti afgreiðslu í samræmi við samninga, lög, verklagsreglur og leiðbeiningar. Móttaka, úrvinnsla, skráning, úttektir og varsla launagagna eru grundvallarþættir í starfsemi deildarinnar.

Skurðstofugangur

AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI

Laust er til umsóknar starf aðstoðardeildarstjóra á skurðstofugangi E5 í Fossvogi. Við leitum eftir metnaðarfullum og framfarasinnuðum skurðhjúkrunarfræðingi með ríkan áhuga á umbóta- og gæðastarfi.

Á skurðstofum í Fossvogi starfa um 42 skurðhjúkrunarfræðingar við fjölbreytt og krefjandi verkefni, í nánu samstarfi við fagfólk í öðrum sérgreinum. Starfsmenn deildarinnar telja um 70 alls. Á deildinni eru 8 skurðstofur sem þjóna 5 sérgreinum og árlega eru framkvæmdar þar um 6000 aðgerðir. Skurðstofur heyrja undir aðgerðasvið sem annast rekstur skurðstofa, gjörgæsludeilda, Blóðbanka, dauðhreinunardeildar auk speglunardeildar.

Öldrunardeild á Vífilstöðum

SJÚKRALIÐI OG STARFSMAÐUR VIÐ AÐHLYNNINGU

Lífrænar, 500 g



259
kr. 500 g

Íslenskar Gulrætur
500 g



198
kr. kg

Íslenskar Kartöflur
Rauðar eða gullauga, í lausu

NÝ UPPSKERA

TÍMAMÓT



Þökkum samúð og vinarhug við andlát og útför elsku eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður og tengdasonar,

Svans Pálssonar

tölvunarfræðings.

Sérstakar þakkir til hinna fjölmörgu vina og ættingja sem veittu okkur ómetanlegan stuðning og aðstoð við þessar erfiðu aðstæður.

Guðný Þorsteinsdóttir og fjölskyldur.



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,

Halldóru Bjarnadóttur

Sólvöllum, Eyrarbakka.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvalla fyrir frábæra umönnun.

Erna Kristín Jónsdóttir
Bjarni Jónsson

Bjarnfinnur Hjaltason
Vilhelmina Þór

og fjölskyldur.



Okkar ástkæra

Svanfríður Símonardóttir

Blesugróf 2,

lést þann 1. september á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk.

Ingibjörg Sigríður Joens
Erna Guðfinnsdóttir
Birgir Ingólfsson
Hrafnhildur Ingólfssdóttir
Örn Ingólfsson
og fjölskyldur.

Kristinn Ingvarsson

Guðmundur Ársælsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Þorvaldur Ólafsson

menntaskólakennari,

lést sunnudaginn 11. september á heimili sínu í Kópavogstúni. Jarðarförin fer fram í Fossvogskirkju mánudaginn 19. þessa mánaðar kl. 15.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarkort líknardeildar og heimahlyningar eða önnur líknarfélög.

Brynja Jóhannsdóttir

Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Þorgerður Þorvaldsdóttir
Gunnar Þorvaldsson

Kristján Ólafur Eðvarðsson
Elin Vigdís Guðmundsd.
og barnabörn.




Davíð Óli Pétur
útfararstjóri útfararstjóri

551 3485 • udo.is



Meirgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvarnar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Halda upp á rúbínbrúðkaup

Hjónin Guðrún Karlsdóttir upplýsingafræðingur og Leo J. W. Ingason, sagn- og skjalfræðingur, eiga 40 ára brúðkaupsafmæli á morgun. Þau eru ákveðin í að njóta dagsins.

Við getum ekki treyst því að við verðum hérna megin grafar á gullbrúðkaupsdaginn. Því ætlum við að halda upp á rúbínbrúðkaupið á morgun með okkar nánustu en verðum ekki heima," segir Guðrún Karlsdóttir um 40 ára brúðkaupsafmæli sitt og Leo J. W. Ingasonar. Þau rifja upp fyrstu kynnin sem voru í Áttahagsalnum á Hótel Sögu, eiginlega voru það áttahagarnir sem leiddu þau saman. „Við byrjuðum að spjalla og Leó fékk áhuga á mér af því hann er Strandamaður í föðurættina en ég úr næstu sýslu, Húnaþingi vestra. Leó er hálfur Hollendingur og mér fannst spennandi að hitta mann sem væri bara Íslendingur að hálfu leyti, það var svolítið öðruvísi. Þetta samband hefur enst ágætlega hjá okkur," segir Guðrún glaðlega.

Guðrún kveðst hafa starfað á þúi foreldra sinna á Stóru-Borg á sumrin fram undir tvítugt og rekstur fjáris á afrétt á vorin og haustgöngur standi upp úr í minningunum, fegurðin á fjöllum og útsýnið. En Leó var fyrstu fimm árin sín í Haag í Hollandi og flutti þá til Reykjavíkur með foreldrum og þremur systkinum.

Hestamennska er Guðrúnu í blóð borin og hún fékkst við tamningar á árum áður. Leó er minna fyrir hestana en hjónin deila mörgum hugðarefnum, svo sem bóklestri, tungumálum og ferðalögum. Þau fóru bæði í langskólanám og náðu sér í hinar ýmsu gráður. Leó var bæjar- og síðan héraðsskjalavörður Kópavogs og sinnti kennslu við HÍ og víðar. Hann hefur á síðari árum stundað rannsóknir á doktorssviði við háskólann í Leiden Hollandi á hollensk-íslenskum samskiptum á fyrri öldum, einkum á sviði sjávarútvegs og verslunar.

Guðrún hefur sildarsöltun, hótélstörf erlendis, skrifstofuvinnu og prentsetningu á Tímanum og fleira á ferilskránni. Hún var forstöðumaður skráningar-



Leó og Guðrún deila mörgum hugðarefnum, svo sem bóklestri og ferðalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við byrjuðum að spjalla og Leó fékk áhuga á mér af því hann er Strandamaður í föðurættina en ég úr næstu sýslu, Húnaþingi vestra.

deildar í Þjóðarbókhöðunni og stundakennari við HÍ í bókasafns- og upplýsingafræði. Bæði hafa þau hjón unnið að ritstörfum og eru félagar í Bandalagi þýðenda og túlka.

Tvö börn eignuðust þau Guðrún og Leó, Karlottu Maríu Þýðanda og Gunnar Leó, tónlistar- og málvísindamann, sem lést fyrir níu árum.

En hvar skyldu þau hafa látið þússa sig saman fyrir fjórutíu árum? „Það var í Langholtskirkju," lýsir Guðrún. „Leó ólst upp í Vogahverfinu og séra Sigurður Haukur Guðjónsson var prestur fjölskyldunnar. Við hittum hann utan við kirkjuna, hann fór strax að spjalla við okkur og þar með hvarf okkur allt stress. Við vorum líka mjög ánægð með orð hans í athöfninni.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórdís Sigurðardóttir

Gullsmára 5, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 13. september, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju í Kópavogi mánudaginn 19. september kl. 11.00.

Innlegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

Sæmundur Eiríksson

Guðrún S. Eiríksdóttir
Herbert Eiríksson
Stefanía Eiríksdóttir

Steinn G. Ólafsson
Soffía Björnsdóttir
Þorsteinn Guðnason

Hrafnhildur Eiríksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gíslína Jónasína Jónsdóttir

Lína

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður Gnoðarvogi 28, Reykjavík, sem lést 10. september sl., verður jarðsöngin frá Áskirkju þriðjudaginn 20. september kl. 15.00.

Jón Karel Leósson
Regina Magnúsdóttir
María Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Fjóra Hilmarsdóttir
Ásta Hilmarsdóttir
Eva Ström

Bjarni Ó. Júlíusson

Jóhann Sigurjónsson
Egill Þorgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óttó J. Björnsson

sem lést 10. september, verður jarðsöngin frá Neskirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13.00.

Július O. Björnsson
Þórður O. Björnsson
Estella D. Björnsson
Einar O. Björnsson
Ingibjörg Vigdís Ottósdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Helgi Bogason
Soffía Rut Jónsdóttir
Jónas H. Jónasson



Elskaður eiginmaður minn og fjölskyldufaðir,

Arni Pálsson

fyrirverandi sóknarprestur,

er látinn.

Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 22. september kl. 15.

Rósa Björk Þorbjarnardóttir
Þorbjörn Hlynur Árnason
Þórólfur Árnason
Anna Katrín Árnadóttir
Arni Páll Árnason
barnabörn og langafadrengrir.

Anna Guðmundsdóttir
Margrét Baldursdóttir

Sigrún Björg Eyjólfssdóttir



Bræðurnir Gunnar og Kristján hafa staðið vaktina í Kjötborg frá því þeir voru ungir drengir, í dag fagna þeir sextíu ára afmæli verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verzlunin Kjötborg fagnar sextíu ára afmæli í dag

Við Ásvallagötu í Reykjavík stendur kjörbúðin Kjötborg. Bræðurnir Gunnar og Kristján reka verslunina og er óhætt að segja að þeir séu með síðustu móhikönum smákaupmanna-stéttarinnar. Í dag fagna þeir afmæli Kjötborgar með hverfishátíð sem hefst klukkan 11.00.

Kjötborg var stofnuð 1956 af afa og foreldrum okkar bræðra, í upphafi var Kjötborg einungis kjöt-búð, en það hefur breyst í tímanna rás. Í dag höldum við upp á sextíu ára afmæli Kjötborgar, og sláum upp hverfishátíð, og er öllum velkomið að fagna með okkur," segir Gunnar Halldór Jónasson, einn eigenda Kjötborgar, og bætir við að nóg verði um að vera fyrir alla.

Undirbúningur hefur staðið yfir undanfarnar vikur og fjöldi tónlistarmanna mun stíga á svið ásamt því að

Það verður létt stemning hjá okkur, undirbúningurinn hefur gengið mjög vel. Við erum með tónlistarfólk úr hverfinu sem mætir og spilar nokkur lög, Teitur Magnússon, Unnur Sara Eldjárn og Páll Óskar eru meðal þeirra sem stíga á svið.

börnin geta leikið sér í leiktækjum sem sett verða upp í götunni.

„Það verður létt stemning hjá okkur, undirbúningurinn hefur gengið mjög vel. Við erum með tónlistarfólk úr hverfinu sem mætir og spilar nokkur lög. Teitur Magnússon, Unnur Sara Eldjárn og Páll Óskar eru meðal þeirra sem stíga á svið, ásamt öðrum ungum og efnilegum tónlistarmönnum,“ segir Gunnar spennur fyrir deginum og bætir við að lokað verði fyrir umferð frá Ljósavallagötu að Blómvallagötu milli klukkan 11.00 til 19.00 til að gæta öryggi barna á hátíðinni.

gudrunjona@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 17. SEPTEMBER 1957

Louis Armstrong mótmælir

Á þessum degi árið 1957 lýsti hinn viðfrægi djass-tónlistarmaður Louis Armstrong því reiðilega yfir að hann myndi ekki taka þátt í ferð á vegum ríkisstjórnarinnar til Sovétríkjanna.

Armstrong var æva-reiður yfir uppákomunni í Little Rock í Arkansas stuttu áður, þar sem hópar hvíttra borgara ásamt vopnuðum vörðum meinuðu niu svörtum námsmönnum leið inn í menntaskóla sem einungis var fyrir hvíta námsmenn.

Stuttu áður hafði fallið alríkisdómur þar sem kveðið var á um að blökkumenn fengu inngöngu í skólann. Reiði Armstrongs beindist helst að aðgerðaleyfi ríkisstjórnarinnar sem hann taldi að hefði átt að fylgja málinu eftir.

„Ástandið er orðið það



slæmt að litaður maður á ekkert föðurland lengur,“ sagði hann við fjölmiðla. Yfirlýsing Armstrongs kom sér illa fyrir bandarísk yfirvöld sem höfðu með ýmsum ráðum reynt að bæta ímynd sína í jafnréttismálum gagnvart umheiminum.

Ríkisstyrktar ferðir fráregna blökkumanna um heiminn voru liður í þeirri herferð.

Merkiatburðir

- 1598** Hollenskir sjófarendur finna eyjuna Mauritius.
- 1844** Kosið er til Alþingis í fyrsta sinn í Reykjavík, vegna fyrsta ráðgjafarþingsins.
- 1896** Íbúar í Landeyjum sjá eld í hafi að kvöldi, suðvestur af Hellisey, og næstu tvö kvöld á eftir.
- 1917** Verzlunarráð Íslands er stofnað.
- 1966** Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla formlega opnaður.
- 1986** Sex farast í sprengjuárás í París.
- 1987** Fréttabátturinn 19:19 fer í loftið á Stöð 2.
- 1992** Landsbanki ákveður að taka flestar eignir Sambands íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir.



Hjartfólginn sonur minn og frændi okkar,

Halldór Steinn Halldórsson

starfsmaður í Ási, Blönduhlíð 6, Reykjavík,

lést á deild B5, Landspítala í Fossvogi, sunnudaginn 11. september.

Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 19. september kl. 13.

Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á styrktarsjóð bjöllukórs Tónstofu Valgerðar, reikn. 0515-14-405790, kt. 501100-3580.

Anna Björg Halldórsdóttir

**Halla Sólveig Halldórsdóttir Sigurjón Högnason
Freyja Sigurjónsdóttir
Karl Sigurjónsson Ines Willerslev Jørgensen
Baldur Willerslev Karlsson
Katría Willerslev Karlsdóttir**



Ástkær bróðir minn,

Jón Pálsson Kristinsson

trésmiður, Langhóltsveg 147,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þriðjudaginn 13. september.

Útförin fer fram frá Frikirkjunni við Tjörnina föstudaginn 23. september kl. 13.

Fjölskyldan þakkar yndislegu starfsfólki á Mörk fyrir hlýju og umönnun.

Anna S. Kristinsdóttir Fredriksen og fjölskylda.



Ástkær bróðir okkar, mágur, vinur og frændi,

Almar Gestsson

Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum þann 12. september.

Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 23. september kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,
Sigurjón Hreiðar Gestsson
Guðmundur Rúnar Gestsson
Kristinn Gestsson**

Ásta D. Björnsdóttir

Lotte Gestsson

og aðrir aðstandendur.



Hugheilar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpfaður, tengdasonar, tengdaföður og afa,

Magnúsar Þormars Hilmarssonar

frá Siglufirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlyningar og Líknardeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun í veikindum hans.

Hafdis Arnardóttir

**Hrönn Magnúsardóttir
Hörður Valgarðsson**

**Magnea Magnúsardóttir
Harpa Brund Berndsen**

**Sesselja Magnúsdóttir
Máni Snær Hafdisarson
tengdforeldrar og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn Vilmundardóttir

áður til heimilis að Réttarholtsvegi 33,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði 13. september.

Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík 22. september klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Unnar Jónsson
Stefán H. Jónsson
Vilmundur Jónsson
Jórunn Jónsdóttir
Gunnar V. Jónsson
Þórir Jónsson
tengdabörn, ömmu-
og langömmubörn.**



Hjartans þakkir fyrir samhug og virðingu vegna andláts og útfarar okkar hjartkæru

Hrefnu Finnbogadóttur

Presthúsum II, Mýrdal.

Kristín Einarsdóttir

Sigurjón Rútsson

Elísa Berglind Adolfsdóttir

**Klemens Árni Einarsson
Heiða Dís Einarsdóttir
Signý Einarsdóttir
Haukur Einarsson
og fjölskyldur þeirra.**

Snorri Snorrason

Floki Arnórsson

Sóley Rut Ísleifsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðni Karlsson

fyrirverandi forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, síðar bóndi að Gýgjarhóli í Biskupstungum,

lést 14. september á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför hans fer fram frá Skálholtsdómkirkju þriðjudaginn 20. september kl. 14.00.

Inga Kristjánsdóttir

Viktoría Guðnadóttir

Kristján Guðnason

Sigrúður Guðnadóttir

Annemieke Knol

Jurgita Govedaite

Grimur Anton


og barnabörn.

Konráð og félagar á ferð og flugi ²¹⁷

Bragi Halldórsson

„Jæja, Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“ „Við eigum að klippa út þessi fjögur form,“ sagði Konráð. „Og raða þeim þannig saman að þau myndi stóra stafinn T.“ „T,“ sagði Kata öflug. „Ekki segja mér að við eigum að búa til T. Ég get ekki séð að það sé hægt.“ Róbert klóraði sér í hausnum. Hann gat heldur ekki séð hvernig hægt væri að búa til stafinn T úr þessum skrítnu formum.

Getur þú raðað saman þessum formum svo úr verði stafurinn T?



Gátur

Hvaða mús getur kötturinn ekki elt?

Hvað er það sem verður stærra og stærra, því meira sem maður tekur af því? Enginn nema ég getur sagt hver ég er. Veist þú hver ég er?

Þau eru til tvö sem standa hlið við hlið og sjá allt vel og greinilega, en þó hefur

annað aldrei séð hitt, jafnvel ekki um hábjartan daginn.

Hver eru þau?
Hvaða tími dagsins er lengstur að líða?
Hvað er líkt með hesti og jakka?

Svör:

Tölvumúsina, þeir eru báðir föðralir.
gatið, tungan, augun.

Vill verða hönnuður og fimleikastjarna

Linda Ýr Guðrúnardóttir er mikið fyrir að föndra og teikna fót, svo finnst henni líka gaman að skrifa. Hún æfir fimleika í Ármanni.

Hún Linda Ýr Guðrúnardóttir, níu ára, elskar að hreyfa sig og fer á hverjum degi í fimleika eftir skólann. En byrjum á að forvitnast um hvað skólinn hennar heitir.

Skólinn minn heitir Hlíðaskóli, af því að hann er í Hlíðunum.

Hvernig gengur þér að vakna á morgnana? Mér gengur bara vel held ég því ég þarf að fara snemma í skólann og ég er með allt tilbúið.

Hvað gerir þú helst eftir skóla? Ég fer alla daga á fimleikaæfingu í Ármanni, og svo fer ég líka í dans tvisvar í viku í World Class. Ég fer oft í sund og svo leik ég mér með vinkonum mínum.

Hvað er svona heillandi við fimleika? Það er svo margt skemmtilegt, til dæmis trampolín, slá, tvíslá, gólf og stökk, það er eiginlega allt skemmtilegt við fimleika.

Áttu marga vini í fimleikunum?

Já, Kári bekkjarbróðir minn og ég förum stundum samferða og við stelpurnar í hópnum erum allar góðar vinkonur. Stundum getum við leikið saman eftir fimleikana.

Hvað annað finnst þér skemmtilegt að gera? Nú dansa, og fara til útlanda og í tívoli. Svo finnst mér líka ótrúlega skemmtilegt að fara í trampolíngarð, þar sem er fullt af trampolínum saman.

Áttu þér einhverja fyrirmynd sem þig langar að líkjast? Já, ég á fullt af fyrirmyndum, í fimleik-



Linda Ýr Guðrúnardóttir æfir fimleika í Ármanni og dans í World Class.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

unum finnst mér Simone Biles flott. Svo finnst mér Stella danskennarinn minn mjög flott.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Ég vil verða hönnuður, því mér finnst svo

gaman að föndra og teikna fót svo ætla ég líka að vera fimleikastjarna og kannski blaðamaður eða rithöfundur, út af því að mér finnst það mjög spennandi. Svo ætla ég auðvita að vera góð mamma.

Listaverkið

Mynd eftir Óliver Helga Gíslason.



NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Dalbraut 1
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18
- Lönguhlíð



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

OUTLET

HOLTAGARÐAR

**TAX
FREE**

DAGAR

ALLAR OUTLET
VÖRUR ÁN
VIRÐISAUKASKATTS*

**ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR
AF YFIR 4.000 VÖRUM.**

DAGANA 15.-18. SEPTEMBER.


**EINGÖNGU Í
HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM.**

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Gengur í allhvasa sunnanátt suðaustan til á landinu, annars hægari vindur. Viða talsverð rigning, jafnvel mikil á Suðausturlandi, en úrkomulitið vestanlands og einnig við Húnaflóa. Hiti 8 til 14 stig. Snýst í vestanátt um kvöldið og hvessir syðst á landinu.

Heimurinn

Kaupmannah. 19°	Oslo 18°	Stokkhólmur 17°	Gautaborg 19°	Helsinki 13°	Bórhöfn 13°	Nuuk 2°
London 17°	Amsterdam 23°	Paris 16°	Berlin 25°	Madrid 21°	Brussel 22°	Róm 24°
Boston 15°	New York 18°	Orlando 24°	Moskva 12°	Singapúr 27°	Tókyó 24°	Sydney 15°

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 06.31	12.28
4,02m	0,11m
06.51	12.42
4,23m	0,15m

Akureyri	
10.52	04.57
1,52m	0,22m
11.06	05.17
1,55m	0,13m

Ísafjörður	
08.24	02.32
2,23m	0,04m
08.41	02.44
2,42m	0,02m

Tunglstaða



Vaxandi
100%

Sólarupprás:
06.57

Sólarlag:
19.44

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
10° ↑ 6	10° ↑ 8	10° ← 5	9° ← 3	7° ↘ 17

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↗ 8	6° ↑ 5	6° ← 6	3° ↘ 11	3° ↘ 15

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° → 7	8° ↗ 9	8° ← 2	7° ↓ 2	4° ↘ 11

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9° ↗ 5	9° ↑ 10	8° ↘ 6	8° ↗ 5	8° ↘ 7


Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9° → 3	9° ↑ 7	8° ← 6	7° ← 4	9° ↘ 12

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FJADRAFOK

SIRKÚS OG DANS FYRIR BÖRN OG FJÖLSKYLDUR

FRUMSÝND Í DAG KL.14
AÐEINS EIN SÝNINGARHELGI!



LG UH668V

Smart IPS LED sjónvarp. HDR Pro. UHD 4K 3850 x 2160 upplausn. UHD Mastering Engine – 4K uppskölun. Real Cinema 24p. 20W ULTRA surround harman/kardon hljóðkerfi. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 2x USB 2.0 og 3 HDMI tengi. USB upptökumöguleiki. App fyrir síma og spjaldtölvur. Magic Remote fylgir.

1700Hz PMI

55"

179.990

VERÐ ÁÐUR 249.990

1700Hz PMI

65"

279.990

VERÐ ÁÐUR 379.990



GLÆNÝ VÖRULÍNA FRÁ LG
Á SÉRSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI

Hágæða HDR PRO Ultra HD sjónvörp með harman/kardon hljóðkerfi. Ekki missa af frábærum sjónvörpum á ótrúlegu verði.



1200Hz PMI

43"

109.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

1200Hz PMI

49"

139.990

VERÐ ÁÐUR 199.990



4K
Upscaler



Magic
Remote

webOS_{3.0}

harman/kardon

NETFLIX 4K

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



LG

Life's Good

Við eigum í stríði um menninguna

Birta Guðjónsdóttir, sýningarstjóri við Listasafn Íslands, segir hagræn áhrif menningar útrætt mál og að nú standi að eins eftir það sem ekki er hægt að kalla annað en meðvitað skeytingarleysi.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ríkisreknar menningarstofnanir eiga í miklum vanda. Þær hafa margar ekki lagað sig að síaukinni markaðsvæðingu, verða langverst úti, því færri hafa áhuga á því að styrkja menningarstofnun sem þeir telja að sé þegar vel fjármögnuð af skattfé,“ segir Birta Guðjónsdóttir, sýningarstjóri Listasafns Íslands, en síðastliðinn fimmtudag var opnuð í safninu sýningin T E X T I sem samanstendur af völdum textaverkum, eftir bæði íslenska og erlenda listamenn, úr einkasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur.

Gleymda núllið

Bág fjárhagsstaða íslenskra safna um áráraðir er Birtu greinilega hugleikin. „Þetta ástand er ekki bundið við Ísland, það má sjá sambærilega þróun á öðrum Norðurlöndum, en þetta er óneitanlega sérstaklega slæmt hér. Við finnum líka að listamenn, sem við vildum gjarnan vinna með, hafa ónóga styrkjarmöguleika. Þá er þörf fyrir stuðning til framleiðslu verka og sýninga frá safninu enn meiri en möguleikinn á slíku er einfaldlega ekki til staðar. Þetta hefur versnað frá hrúni. Þeir sem styðja við listir vilja langflestir koma stuðningi sínum á framfæri, þó svo það sé nú gert með smekklegru hætti en áður var, ekki með eins flennistöfum fyrirtækjalögum.“

Í dag er staðan þannig varðandi rannsóknir, sýningar og útgáfu að ef



Birta Guðjónsdóttir var önnur kafin í liðinni viku við uppsetningu á sýningunni T E X T I í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tilkynning til hluthafa í Landsbankanum um kaup bankans á eigin hlutum

Bankaráð Landsbankans hf. hefur ákveðið að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum sem veitt var á aðalfundi bankans 14. apríl 2016.

Landsbankinn býðst til að kaupa hluti á grundvelli endurkaupaáætlunar sem nemur að hámarki 480 milljónum hluta í Landsbankanum. Hluthafar geta nýtt sér boð Landsbankans um endurkaup á eftirfarandi þremur endurkaupátímabilum:

- » 19. september 2016 – 30. september 2016
- » 31. október 2016 – 9. desember 2016
- » 13. febrúar 2016 – 24. febrúar 2017

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar býðst Landsbankinn til að kaupa hvern hlut á framangreindum endurkaupátímabilum á gengi sem samsvarar hlutfallinu á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutfjár bankans, samkvæmt síðasta birta uppgjöri áður en viðkomandi endurkaupátímabil hefst.

Landsbankinn býðst til þess að kaupa hvern hlut á genginu 10,3966 á fyrsta endurkaupátímabilinu 19. september 2016 – 30. september 2016.

Landsbankinn mun senda hluthöfum bréf sem inniheldur upplýsingar um endurkaupin, leiðbeiningar til hluthafa sem vilja selja hluti á fyrsta endurkaupátímabili og tilkynningu sem fylla ber út og senda bankanum ef hluthafi ákveður að taka boði bankans. Þá er hægt að nálgast upplýsingarnar, leiðbeiningarnar og tilkynninguna á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is/endurkaup. Þá verða upplýsingar veittar í síma 410 4040.



ég segi kollegum mínum á Norðurlöndunum frá því hvað við í Listasafninu höfum til ráðstöfunar þá halda þeir að ég sé að gleyma einu núlli aftan við. Það er því miður ekki þannig.

Lítið breytir miklu

Þessi þrönga fjárhagsstaða veldur því að möguleikar safnsins til þess að koma að þroska og þróun myndlistar í landinu er einfaldlega ekki í samræmi við þá stefnu og þau markmið sem lagt er upp með af hálfu menningar- og menntamálaráðuneytis. Þetta safn á auðvitað að vera í fararbroddi í sjónrænum listum þjóðarinnar. Það er héðan sem forganga í því að upplýsa almennung um þessa listgrein á að koma. Við gerum auðvitað okkar besta en á sama tíma og háskólar eru að mennta fólk til þess að starfa m.a. innan menningarstofnana á borð við þessa, geta stofnanirnar ekki aukið við stöðugildi þótt sannarlega sé þörf þar á. Það er sorglegt til þess að vita að fjöldi vel menntaðs og vandaðs fólks geti illa notað sér þekkingu sína í launudum störfum á menningarsviðinu.“

Birta segir að það sé sláandi staðreynd að það þyrfti ekki nema nokkrar milljónir til þess að gjörbreyta þessari stöðu. „Ef þessi stofnun væri t.d. með tuttugu milljónir til viðbótar, sem er auðvitað grínupp-hæð í samhengi við bankabónusana, þá myndi það breyta öllu. Það mundi t.d. þýða að þessi stofnun gæti verið grunnstofnun, t.d. fyrir fólk sem er að útskrifast úr safnafræði og listfræði, til þess að sinna m.a. rannsóknum. Í dag erum við hérna tíu til tólf manns að sinna u.þ.b. tuttugu stöðugildum. Við erum hér á kvöldin og um helgar af eigin metnaði og þetta er auðvitað ekki gott.“

Meðvitað skeytingarleysi

Birta segir að þessi umræða um hagræn áhrif menningar sé fyrir löngu rökrætt mál. „Það þarf ekki



Birta og Pétur Arason. en verkin eru öll úr safni hans og Rögnu Róbertsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að sannfæra neinn um hagrænu áhrifin, það er löngu búið að sýna fram á það hversu mikilvægt og hagkvæmt er að styðja almennilega við listsköpun og -miðlun. Það er löngu búið að færa fram öll þessi rök og þau eru algjörlega skot- og vatnsheld. Það er bara einhver fyrirstaða hjá yfirvöldum, menn hreinlega kjósa að fara fram hjá þessum rökum. Maður nennir því eiginlega ekki að fara að þylja þessa tölfræði upp enn einu sinni því þetta ætti að vera komið inn á harða diskinn hjá þorra þjóðarinnar.

Þetta er ekki ómeðvitað skeytingarleysi heldur grjóthart. Við eigum í stríði um menninguna – þannig upplifi ég það. Þetta er ekki spurning um að þingmenn eða ráðamenn hafi ekki haft tíma til þess að kynna sér gögnin um hagræn áhrif skapandi greina og bein tengsl milli aukins ferðamannastraums

BÓKA MARKAÐUR




Gjöf fylgir ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira

á Fiskislóð 39
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19



2.600 kr.




2.500 kr.



690 kr.




1.490 kr.




990 kr.




990 kr.




2.990 kr.



990 kr.






2.990 kr.



990 kr.



990 kr.



Góð kaup 4 saman

1.490 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

og menningar, því þau eru búin að liggja fyrir lengi. Þessi þjóð er tilförluga sammála, hvað sem fólk segir um listamannalaun, um nauðsyn þess að við höldum áfram að skapa tónlist, myndlist og svo framvegis. Þetta er mjög alvarlegt mál.“

Þúsund verka safn

Þó svo Birta hafi miklar áhyggjur af stöðu myndlistarinnar og safnsins, þá minnir hún á að Listasafnið leitist við að vinna að áhugaverðum og mikilvægum verkefnum. „Sýningin T E X T I sem við vorum að opna á sér þann undanfara að áður en ég hóf störf í Listasafninu sem sýningarstjóri fyrir tveimur árum hafði ég verið að vinna með Pétri og Rögnu í ein ellefu ár í sýningahaldi á verkum í þeirra eigu og annarra. Við höfum unnið saman að fjölda sýninga og svo hef ég stýrt tveimur sýningum áður á þeirra safneign í íslenskum listasöfnum. Þessi sýning er þriðja sýning í trilogíu, úr þeirra safneign, þar sem útgangspunkturinn er miðillinn. Hinar voru Annað auga, á Kjarvalsstöðum 2010 og Hraðari og hægari línur, í Hafnarhúsinu 2012. Þetta eru þessi þrjú miðlar; ljósmynd, teikning og texti, sem eru mest áberandi í þeirra þúsund verka safni.

Núna erum við að sýna bæði stór og viðamikil verk eftir mjög þekktu erlenda listamenn og má til dæmis nefna Hanne Darboven, einn af allra þekktustu listamönnum Þjóðverja, og Lawrence Weiner sem er einn helsti listamaður okkar tíma, meiriháttar áhrifavaldur. Verk þeirra hafa verið sýnd í stórum listasöfnum um allan heim. En þetta er aðeins brot af verkum þeirra fjölmörgu listamanna sem eru á sýningunni og það er frábært að geta búið gestum okkar upp á alþjóðlega samræðu



Pétur Arason við eitt af verkunum á sýningunni T E X T I en hann og eiginkona hans, Ragna Róbertsdóttir, hafa um árabil safnað og sýnt myndlist bæði hér heima og erlendis og reka sýningarsal í Berlín um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞARNA ERUM VIÐ MEÐ LISTAMENN SEM HIN LÖNDIN HREINLEGA EIGNUÐUST EKKI SEM ER MJÖG SÉRKENNI-LEGT. ÞESSU ÞURFUM VIÐ AÐ SINNA OG ÞETTA ÞURFUM VIÐ AÐ SKOÐA Í ALÞJÓÐLEGU SAMHENGNI.

listarinnar sem er að finna á þessari sýningu.“

Heimóttarskapur

Pétur Arason lítur við þar sem við sitjum á kaffistofu Listasafnsins og Birta bendir á að það hafi alltaf verið mikilvægt fyrir Pétur og Rögnu að sýna verk eftir framúrskarandi íslenska listamenn með verkum sterkra erlendra listamanna, vekja þannig athygli á sterki stöðu margra þeirra í alþjóðlegri listsamræðu. „Það

er einn þeirra þátta sem vaka fyrir okkur með þessari sýningu.“

Pétur tekur undir þetta og segir að það hafi alltaf brunnið á honum að stilla saman íslenskum og erlendum listamönnum. „Þegar ég var með SAFN á Laugaveginum þá var það eiginlega meginhugsunin á bak við starfsemina. Listasöfn á Íslandi eru á kúpunni og við erum að verða eina landið í heiminum sem safnar varla erlendri myndlist opinberlega. Í öðrum fámennum löndum er alls

staðar komin þessi hugsun að hafa þetta í lagi. Það er svo heimóttarlegt að safna nær eingöngu list heima-þjóðar safnsins að slíkt þekkist ekki nokkurs staðar í heiminum. Þetta hefur brunnið aðeins á mér varðandi sýningarhald og að sýna fram á það að við eigum jafningja. Ef við lítum t.d. á þessa sýningu erum við hér með tvær stefnur, minimalisma og hugmyndalist, og það er viðurkennt á Norðurlöndum að Ísland er með algjöra sérstöðu í þessum tveimur stefnum. Þarna erum við með listamenn sem hin löndin hreinlega eignuðust ekki sem er mjög sérkennilegt. Þessu þurfum við að sinna og þetta þurfum við að skoða í alþjóðlegu samhengi.“

Þurfum að átta okkur

Birta tekur undir þetta. „Maður er aðallega ósáttur vegna þess að við vitum vel að Ísland er forrikt land. Við sjáum aðrar smáþjóðir styðja listasöfn sín mun betur þótt þær eigi ekki heimspekkta listamenn. Hins vegar geta allir innan alþjóðlegra listheimsins strax nefnt fjóra íslenska listamenn eða fleiri. Þetta er ótrúleg skekkja og hreint út sagt plebbalegt af stjórnmöldum að átta sig ekki nógu vel á því hvað við erum í mikilli sérstöðu.“

Pétur tekur undir það og segir: „Hingað streymir gríðarlegur fjöldi ferðamanna á hverju ári og stór hluti þess fólks hefur mikinn áhuga á menningu og listum. Þessir ferðamenn vilja hafa aðgang að sögu þjóðar, list hennar og menningu. Við þurfum líka að hafa stöðugan aðgang að þessu sjálf. Fólk vill geta skoðað sögu íslenskrar myndlistar og það sem við eigum. Það vill frá fræðslu og þá samræðu sem alþjóðlegi listheimurinn á í, á hverjum degi. Við þurfum að gera betur í þessum efnum. Miklu betur.“

Félagsmenn Eflingar, Hlífar, VSFK og Stétt Vest

Tökum vel á móti Gallup!

Við leitum til félagsmanna eftir upplýsingum og viðhorfum

Mótum stefnuna saman!

Efling, Hlíf, VSFK og Stétt Vest



TRÍLÍGÍA

2 HRINGIR
+ KÓK
AÐEINS
699 KR.



Opið frá kl. 07-22 á Laugavegi, Fitjum og í Hagasmára.
Opnunartíma í Kringlunni má finna á dunkindonuts.is.



Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar



SAMBÍÓINN SAMbio.is

TOM HANKS
★★★★★ VARIETY
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★ SEATTLE TIMES
★★★★★ CHICAGO SUN-TIMES
Nýjasta stórmynd Clint Eastwood

Sýnd með íslensku tali
ROBINSON CRUSOE

Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna

Jason Statham er grjótharður í þessari mögnuðu spennumynd
MECHANIC

INDIEWIRE
★★★★★
BLAIR WITCH
"HERE'S SOMETHING REAL"
"NORMAL IN THE WITCHES"

★★★★★ VARIETY
WAR DOGS

★★★★★
BEN-HUR
ROGEREBERT.COM

★★★★★
SUICIDE SQUAD 2D
Stærsta mynd ársins

SAMBÍÓINN ALFABAKKA		SAMBÍÓINN EGISSHÖLL	
SULLY	KL. 5:40 - 8 - 10:10	SULLY	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10
SULLYVIP	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	MECHANIC: RESURRECTION	KL. 5:50 - 8 - 10:10
BLAIR WITCH	KL. 8 - 10:10	WAR DOGS	KL. 5:30 - 8 - 10:30
MECHANIC: RESURRECTION	KL. 8 - 10:10	ROBINSON CRUSOE ISL.TAL	KL. 1-3
KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ISL.TAL	KL. 1-3:20 - 5:40	BEN-HUR	KL. 8
WAR DOGS	KL. 8 - 10:30	LIGHTS OUT	KL. 10:30
ROBINSON CRUSOE ISL.TAL	KL. 12 - 1 - 2 - 4 - 6	PETE'S DRAGON	KL. 1-3:30 - 5:30
LIGHTS OUT	KL. 10:40	LEITIN AÐ DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 1-3:10
PETE'S DRAGON	KL. 3:20 - 5:40	SAMBÍÓINN KEFLAVÍK	
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 8	SULLY	KL. 5:50 - 8
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 2D	KL. 12 - 2 - 4 - 6	BLAIR WITCH	KL. 10:10
THE BFG	KL. 3:10	MECHANIC: RESURRECTION	KL. 10:30
LEITIN AÐ DÓRU ISL.TAL 2D	KL. 12:50	KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ISL.TAL	KL. 1-3:20
SAMBÍÓINN KRINGLUNNI NÚMÉRUB SÆTI		WAR DOGS	KL. 8
SULLY	KL. 4:40 - 6:50 - 8 - 9 - 10:10	ROBINSON CRUSOE ISL.TAL	KL. 2-6
MECHANIC: RESURRECTION	KL. 10:30 - 11:10	LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 2D	KL. 4
WAR DOGS	KL. 8	SAMBÍÓINN AKUREYRI	
ROBINSON CRUSOE ISL.TAL	KL. 1-2-3	SULLY	KL. 5:50 - 8 - 10:10
PELÉ: BIRTH OF A LEGEND	KL. 5:40	MECHANIC: RESURRECTION	KL. 10:30
PETE'S DRAGON	KL. 1-3:20	WAR DOGS	KL. 8
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 5:20	ROBINSON CRUSOE ISL.TAL	KL. 1:50 - 3:50
		PETE'S DRAGON	KL. 2
		SUICIDE SQUAD 2D	KL. 5:20

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR. 950

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

12
87% - ROTTENTOMATOES
★★★★★ - GUARDIAN

★★★★★
- HS, MORGUNBLAÐIÐ
- KK, DV

★★★★★
BALTASAR KORMÁK
EIÐURINN

16
DON'T BREATHE
FRÁ LEIÐTÍÐAR DNL, DDB

FORELDRABÍÓ KL. 12 Á FÖSTUDAGINN Í SMÁRABÍÓ

COZI FANT TUTTI 17. október í Háskólabíói

michael bublé HÁSKÓLABÍÓI 25. SEPTEMBER FORSALA HAFIN

PARTY LIKE A MOTHER
KUBO
SHALLOWS
KVÍKMYNDA-VERÐLAUN NORDUR-LANDARÁÐS
14. - 18. SEPTEMBER Í HÁSKÓLABÍÓI

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

12
BALTASAR KORMÁK
EIÐURINN

16
BLAIR WITCH

KUBO
HELL OR HIGH WATER

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

EIÐURINN	3:30, 5, 8, 9, 10:20
BLAIR WITCH	8, 10
KUBO 2D ISL.TAL	2, 3:50
KUBO 2D ENS.TAL	5:50
HELL OR HIGH WATER	6
NIU LÍF ISL.TAL	1:30
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL	1:50

Góða skemmtun í bíó

SAMBÍÓINN SAMbio.is

KUBO
Disney
STRENGIRNIR TVEIR

PETE'S DRAGON

ROBINSON CRUSOE

LEYNILÍF GÆLUDÝRA

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 950

KUBO

Niu líf

LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D

FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIBAR. A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS

MÍÐASALA
smarabio.is
emiði.is
miði.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Ódýrt í bíó

miði.is
Miðasala og nánari upplýsingar

SÝND Í 2D ISL.TAL
KUBO
SÝND KL. 2

SÝND KL. 1:30
SÝND Í 2D ISL.TAL
Niu líf

ÍSL.TAL SÝND Í 2D
SÝND KL. 1:50
LEYNILÍF GÆLUDÝRA

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS



Barnastund með Sinfóníunni verður í Hörpunni í dag klukkan 11.30. MYND/VALGARÐUR

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Laugardagur

hvar@frettabladid.is



Vampiros Lesbos verður sýnd í kvöld í Biói Paradís klukkan 20.00.

ÉG KVÍÐI MEST FYRIR ÞVÍ AÐ ENGINN MÆTI OG ÉG SITJI UPPI MEÐ FJALL AF KÖKUM.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir sem ætlar að baka í heilan sólarhring til styrktar Krafti.

17. SEPTEMBER 2016

Samkomur

Hvað? Vampiros Lesbos
Hvenær? 20.00
Hvar? Bió Paradís
Erótísk hryllingssaga sem fjallar um harðsvirada vampiru sem þrífst á kvennablóði. Þetta er sjöunda myndin í Svörtum September þar sem ein mynd er sýnd á hverju kvöldi á vegum költmynda-höpsins Svartir sunnudagar frá 11.-18. september.

Hvað? Einar Þorláksson
Hvenær? 16.00
Hvar? Hverfisgallerí
Nú þegar liðin eru tíu ár frá því að myndlistarmaðurinn Einar Þorláksson féll frá og af því tilefni er sett upp sýning með verkum hans. Sýningin stendur til 8. október.

Hvað? Barnastund Sinfóníunnar
Hvenær? 11.30
Hvar? Harpa
Á Barnastund Sinfóníunnar má meðal annars heyrast danstónlist af ýmsum toga frá ólíkum menningarsvæðum ásamt úrvali léttra og skemmtilegra laga. Barnastundin er 30 mínútur og fer fram í Hörpuhorni á annarri hæð fyrir framan Eldborg. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Kira Kira og Kórus
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi
Tónleikar með Kira Kira og Kórus þar sem hægt er að hlusta á fram-sækna tónlist. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

BIO PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Neon Demon	17:30, 22:30
Rússneskir dagar: Everybody's Gone ENG.SUB	18:00
Yarn ENG.SUB	18:00
Svartur September: Vampiros Lesbos ENG.SUB	20:00
Turandot Operan	20:15
Hross Í Oss / Of Horses and men ENG.SUB	20:00
101 Reykjavík ENG.SUB	22:00

YARN

Sunnudagur

Samkomur

Hvað? Ofurhetjugrímufurð**Hvenær?** 13.00**Hvar?** Kex Hostel

Flestar ofurhetjur eiga það sameiginlegt að vera með grímu. Hver og ein/n ákveður hvornig hennar/hans gríma á að vera og það er velkomið að koma með tæki og tól að heiman eða úr náttúrunni sem má svo líma á grímuna. Litir, skæri, teygja, lím og fleira spennandi föndurdót verður á staðnum. Alda Davíðsdóttir, leikkona og

grímugerðarkona, mun stýra föndursmiðjunni.

Hvað? Málþing í samstarfi við Náttúruvinnuáskóla Íslands**Hvenær?** 13.00

Hvar? Listasafn Reykjavíkur Listasafn Reykjavíkur og Náttúruvinnuáskóla Íslands standa að umræðufundi í tengslum við sýninguna RÍKI, flóra, fána, fabúla sem staðið hefur í sumar í Hafnarhúsinu. Listamenn



sem eiga verk á sýningunni deila hugleiðingum sínum um hlutverk og möguleika myndlistar þegar kemur að áhuga og ábyrgð mannsins á lífríki jarðar. Fulltrúar safnanna taka þátt í fundinum og velta upp spurningum um samlegð lista og raunvísinda.

Hvað? Krisufundur
Hvenær? 20.30

Ari Bragi Káráson spilar ásamt fríðu föruneyti á Bryggjunni Brugghúsi á sunnudagskvöldið klukkan 20.00.

MYND/STEFÁN

Hvar? Tjarnarbió

Krisufundur eða Crisis Meeting er úr smíðju leikhópsins Kriðpleirs. Sýningin fer fram á ensku.

Hvað? Skrifað til áhrifa**Hvenær?** 11.00

Hvar? Samtökin '78, Suðurgötu 3 Í samvinnu við Kvinnablaðið munu Samtökin '78 bjóða upp á námskeið um skriftir til áhrifa. Námskeiðið er hugsað fyrir fólk sem vill læra að hafa áhrif til breytinga með skrifum sínum. Með þátttöku hagsmunahópa og almennings í skrifum fyrir fjölmiðla er fleiri sjónarmiðum komið á framfæri og valdið færast næst þeim sem málin raunverulega varða. Allir

velkomnir. Námskeiðið er frítt fyrir meðlimi Samtakanna '78 en frá öðrum taka samtökin við frjálsum framlögum á staðnum.

Tónleikar

Hvað? Sunnudjass**Hvenær?** 20.00

Hvar? Bryggjan brugghús Alla sunnudaga í vetur verður sunnudjasskvöld. Þennan sunnudag munu þeir Ari Bragi Káráson, Eyþór Gunnarsson, Sigmar Þór Matthíasson og Arthur Hnatek, sem verður sérstakur gestur, leika fyrir gesti. Óþarfi að panta borð og frítt inn fyrir alla.

Hvað? Fögnuður í Kjöttborg**Hvenær?** 14.00

Hvar? Kjöttborg, Ásvallagötu 19 Sextíu ára afmælishátíð Kjöttborgar verður haldin hátíðleg í dag. Spákona og sjáandi munu spá í og um framtíð Kjöttborgar, vina og vandamanna. Skemmtiatriði verða einnig fyrir gesti frá hinum ýmsu listamönnum úr hverfinu. Leiktæki fyrir yngri kynslóðina. Boðið verður upp á ýmsar veitingar.

Góðgerðarstarf

Hvað? Bókunarmarabon**Hvenær?** 12.00

Hvar? Melgerði 21, Kópavogi Mögulegt Íslandsmet verður slegið næsta sólarhringinn þegar Lilja Katrín Gunnarsdóttir ætlar að baka í heilan sólarhring. Bókunarmarabonið er til styrktar Krafti sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Marabonið virkar þannig að allir eru velkomnir til Lilju Katrínar í kaffi og kökur þennan sólarhring og eitthvað fram eftir sunnudeginum. Kökurnar kosta ekki neitt en sérstakur styrktarbaukur til styrktar Krafti.

Líkamsrækt

Hvað? Fjölskyldujóga**Hvenær?** 13.00**Hvar?** Jógasetrið

Álfrún Órnólfsdóttir verður með fjölskyldujóga þar sem börn og foreldrar fá tækifæri til þess að leika sér saman og eiga góða samverustund. Skemmtilegar æfingar og leikir. Ekkert aldurstakmark. Frítt fyrir iðkendur Jógasetursins og fjölskyldu. Aðrir borga 2.000 krónur.

Hvað? RVK DNB**Hvenær?** 22.00**Hvar?** Paloma

Sextánda klúbbakvöld RVK DNB verður haldið í kjallaranum á Paloma. Þar verða spilaðir nýjustu og ferskustu tónar drum 'n' bass senunnar ásamt eldra klassisku efni. Mælt er með því að mæta snemma þar sem húsið er fljótt að fyllast.

Hvað? Karaoke-partí**Hvenær?** 23.30**Hvar?** Gaukurinn

Enn og aftur verður haldið karaoke-partí á Gauknum. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Týpískt**Hvenær?** 14.00**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi

Tákn og teikn býður alla velkomna á opnun sýningarinnar „týpískt“ í Gerðubergi. Hópin skípa átta myndlistar- og hönnunarmenntaðar konur.

Hvað? Lif mitt með simpönsum**Hvenær?** 13.00**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs

Bíó á fjölskyldustund Menningarhúsanna. Jane Goodall og samskipti hennar við apa í Gombe Steam þjóðgæðinum í Tansaníu er fróðleg og skemmtileg mynd sem sýnd verður í fjölnotasal Náttúrufræðistofu Kópavogs. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Nicorette Cooldrops

munnsogstöflur með mintubragði



Nýtt
nikótínlyf

- Dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum
- Dregur úr reykingaþörf eftir 5 mín. hið minnsta
- Tvöfalt mintulag, (í töflukjarna og töfluhúð)
- Kemur í handhægri öskju í vasastærð
- Fæst 2 mg og 4 mg í 20, 80 og 160 stk. pakkningum

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette Cooldrops munnsogstöflur (inniheldur nikótín) er notað við tóbaksfíkn. Það dregur úr fráhrarfseinkennum og reykingaþörf og auðveldar reykingamönnum að venja sig af reykingum. Skammtar: Börn: Lyfið má einungis nota handa unglíngum (12-17 ára) skv. ráðleggingum læknis. Börn yngri en 12 ára mega ekki nota lyfið. Fullorðnir: 2 mg henta reykingafólki sem er lítið háð nikótíni. 4 mg þeim sem er mjög háðir nikótíni. Hámarksdagsskammtur er 15 stk. Ekki á að nota lyfið lengur en 9 mánuði. Venjulega veður ávinningur af að hætta að reykja þyngra en áhætta sem fylgir nikótínmeðferð. Setja á 1 munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Hvorki má tyggja hana né gleypta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting, nýlegt heilablóðfall og/öðruvísið blóðrásarkerfi skal einungis nota Nicorette undir eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisþjúg eða ósakiðaða eða eru með: háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldrakæðihöf, krómítakæxli, skerta líffar- eða nyrnastarísemi, skeifugamar- eða magasár eða vélindabólgu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta polað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verði banvænir börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við læki. Nikótín berst yfir fylgju og getur haft áhrif á blóðrás og öndun fösturs. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylkning. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

ISNIC-LX-2016-08-1

DAGSKRÁ

Laugardagur

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
 07.25 Waybuloo
 07.45 Doddi litli og Eyrnastór
 08.00 Doddi litli og Eyrnastór
 08.15 Óskastund með Skoppu og Skitlu
 08.30 Með afa
 08.40 Stóri og Litli
 08.55 Ævintýraferðin
 09.10 Mæja býfluga
 09.25 Elias
 09.35 Grettir
 09.50 Loonatics Unleashed
 10.10 Ævintýri Tinna
 10.30 Ben 10
 10.55 Beware the Batman
 11.20 Ellen
 12.00 Bold and the Beautiful
 12.20 Bold and the Beautiful
 12.40 Bold and the Beautiful
 13.00 Bold and the Beautiful
 13.20 Bold and the Beautiful
 13.45 The X-Factor UK
 14.35 The X-Factor UK
 15.25 Þær tvær
 15.55 Catastrophe
 16.20 Two and a Half Men
 16.45 Modern Family
 17.10 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndahugamenn.
 17.40 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fina og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.50 Sportpakinn Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku,
 19.05 Lottó
 19.10 Top 20 Funniest 2
 19.55 Spilakvöld Önnur syrpan af þessum stórskemmtilegu þrautaþáttum í umsjá Péturs Jóhanns fyrir alla fjölskylduna þar sem frægir einstaklingar keppa í fjölbreyttum leikjum. Allir eiga möguleika á að taka þátt með því að gerast liðs-stjórnar sem leiða stjórnunum prýtt lið sitt til sigurs.
 20.45 Longest Ride
 22.45 The Captive
 00.35 The Good Lie Reese Witherpoon leikur hér félagsráðgjafann Carrie sem hjálpar súðönskum flóttamönnum að koma undir sig fótunum og hefja nýtt líf í Bandaríkjunum. Upphaflega er hjálp hennar bara tengd starfi hennar en fljótlega fer hún að tengjast þeim og kynnist þá átakanlegri sögu þeirra sem höfðu misst allt sitt áður en þeir komust til fyrirheitna landsins.
 02.25 Cadillac Man
 04.00 Predestination

STÖÐ 2 SPORT

07.15 Premier League 2016/2017
 08.55 La Liga Report 2016/2017
 09.25 Premier League Preview 2016/2017
 09.55 Formúla 1 2016 - Æfing
 10.55 Spænski boltinn 2016/2017 (Leganés - Barcelona)
 Bein útsending.
 13.00 Evrópuvæðildarmörkin 2016/2017
 13.50 Premier League 2016/2017 (Hull - Arsenal)
 Bein útsending.
 16:20 Premier League 2016/2017 (Everton - Middlesbrough)
 Bein útsending.
